

REGLUGERÐ

nr. 830/2011

um ökuskírteini.

sbr. rg. 199/2012, gildist. 29. febrúar 2012, rg. 1176/2012, gildist. 27. desember 2012, rg. 27/2013, gildist. 17. janúar, rg. 801/2013, gildist. 4. september 2013, rg. 1198/2013, gildist. 31. desember 2013, rg. 1149/2014, gildist. 22. desember 2014 rg. 628/2015, gildist. 10. júlí 2015, rg. 534/2016, gildist. 15. júní 2016, rg. 1159/2016, gildist. 23. desember 2016, rg. 344/2017, gildist. 25 apríl 2017, rg. 767/2017, gildist. 31. ágúst 2017, rg. 1067/2017, gildist. 6. desember 2017, rg. 1249/2018 gildist. 27. desember 2018, rg. 449/2019 gildist. 17. maí 2019, rg. 380/2020 gildist. 24. apríl 2020, rg. 584/2020 gildist. 12. júní 2020, rg. 1184/2020 gildist. 30. nóvember 2020, rg. 1187/2020 gildist. 30. nóvember 2020, rg. 1410/2020 gildist. 29. desember 2020, rg. 235/2021 gildist. 2. mars 2021, rg. 627/2021, gildist. 31. maí 2021 og rg. 879/2021, gildist. 26. júlí 2021.

Efnisyfirlit (ekki hluti af birtri reglugerð)

I. KAFLI - Almenn ákvæði.	4
1. gr. - Gildissvið.	4
2. gr. - Almenn.	4
3. gr. - Umsókn um ökuskírteini.	4
4. gr. - Könnun sýslumanns.	5
5. gr. - Námsheimild – Prófheimild.	6
6. gr. - Ökuréttindaflokkar.	6
7. gr. - Gildi eldri ökuréttinda.	11
8. gr. - Ökutæki sem notað er við kennslu og verklegt próf.	12
II. KAFLI - Ökunám.	13
9. gr. - Almenn.	13
10. gr. - Fjöldi kennslustunda.	14
11. gr. - Verklegt nám.	15
12. gr. - Æfingaakstur með leiðbeinanda.	15
III. KAFLI - Nám eftir akstursbann eða sviptingu ökuréttar – Endurmenntun.	16
13. gr. - Nám eftir akstursbann eða sviptingu ökuréttar.	16
14. gr. - Endurmenntun bílstjóra.	16
IV. KAFLI - Ökupróf.	17
15. gr. - Almenn.	17
16. gr. - Tilhögun prófs.	17
17. gr. - Bóklegt próf.	17
18. gr. - Verklegt próf.	18
V. KAFLI - Útgáfa ökuskírteinis.	19
19. gr. - Almenn.	19
20. gr. - Fullnaðarskírteini í stað bráðabirgðaskírteinis.	19
21. gr. - Takmörkun ökuréttinda.	19
22. gr. - Gildistími ökuskírteinis.	19
23. gr. - Samrit ökuskírteinis.	20

24. gr. - Alþjóðlegt ökuskírteini.	20
25. gr. - Akstursheimild til bráðabirgða.	20
VI. KAFLI - Afturköllun ökuréttinda – Útgáfa ökuskírteinis eftir afturköllun ökuréttinda eða sviptingu ökuréttar.	21
26. gr. - Afturköllun ökuréttinda af heilbrigðisástæðum.	21
27. gr. - Afturköllun ökuréttinda vegna skorts á aksturshæfni.	21
28. gr. - Útgáfa ökuskírteinis eftir afturköllun ökuréttinda eða sviptingu ökuréttar.	21
VII. KAFLI - Erlend ökuskírteini.	23
29. gr. - Gildi erlends ökuskírteinis hér á landi.	23
30. gr. - Afturköllun ökuréttinda samkvæmt erlendu ökuskírteini.	23
31. gr. - Útgáfa íslensks ökuskírteinis í stað samsvarandi erlends ökuskírteinis.	23
VIII. KAFLI - Starfsleyfi ökukennara.	25
32. gr. - Starfsleyfi.	25
33. gr. - Skilyrði starfsleyfis.	25
34. gr. - Starfsleyfisflokkar.	25
35. gr. - Endurnýjun starfsleyfis.	26
36. gr. - Ökukennaranám.	26
37. gr. - Undanþága frá námi og prófi – Réttindi í öðru EES-ríki.	26
38. gr. - Könnun á hæfni og þekkingu – Próf.	27
39. gr. - Afturköllun starfsleyfis.	27
IX. KAFLI - Starfsleyfi ökuskóla – Viðurkenning ökugerðis.	28
40. gr. - Starfsleyfi ökuskóla.	28
41. gr. - Skyldur ökuskóla.	28
42. gr. - Afturköllun starfsleyfis ökuskóla.	29
43. gr. - Viðurkenning ökugerðis – Afturköllun viðurkenningar ökugerðis.	29
X. KAFLI - Viðurkenning prófdómara.	30
44. gr. - Viðurkenning.	30
45. gr. - Skilyrði viðurkenningar.	30
46. gr. - Endurmenntun.	30
47. gr. - Eftirlit – Afturköllun viðurkenningar.	31
XI. KAFLI - Ýmis ákvæði.	32
48. gr. - Eftirlit.	32
49. gr. - Gjaldskrá.	32
50. gr. - Skrá um ökuskírteini.	32
51. gr. - Viðaukar.	32
52. gr. - Innleiðing.	33
53. gr. - Gildistaka.	34
Ákvæði til bráðabirgða.	34
I. VIÐAUKI - Ökuskírteini – tákntala.	36
II. VIÐAUKI - Lágmarks prófkröfur.	47

III. VIÐAUKI - Lágmarkskröfur um andlega og líkamlega hæfni til að stjórna vélknúnu ökutæki.	54
IV. VIÐAUKI - Ökutæki sem notað er við kennslu og verklegt próf.	62
V. VIÐAUKI - Sérnáam og sérþjálfun – C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- og DE-flokkur.	65
VI. VIÐAUKI - Ökugerði.	68
VII. VIÐAUKI - Akstursmat.	69
VIII. VIÐAUKI - Föst búseta.	70
IX. VIÐAUKI - Kennsluskrá og innra mat á gæðum kennslu ökuskóla.	71
X. VIÐAUKI - Lágmarkskröfur til prófdómara verklegra prófa.	72

I. KAFLI - Almenn ákvæði.

1. gr. - Gildissvið.

Reglugerðin gildir um ökuskírteini sem er staðfesting þess að handhafinn hafi ökuréttindi í tilteknum flokki eða flokkum, um form og útgáfu ökuskírteinis, skilyrði til að öðlast það og hvernig afturköllun ökuréttinda fer fram. Ökuréttindaflokkar eru skilgreindir með tilliti til ökutækja sem reglugerðin tekur til, vélknúins ökutækis og eftirvagns/tengitækis.

Reglugerðin gildir einnig um notkun erlends ökuskírteinis hér á landi.

Reglugerðin gildir ennfremur um ökunám og ökuþróf, nám og [starfsleyfi]¹ ökukennara, svo og viðurkenningu prófdómara, ökuskóla og ökugerðis.

2. gr. - Almenn.

Enginn má stjórna bifreið, bifhjóli eða öðru vélknúnu ökutæki sem tilgreint er í 6. gr. reglugerðar þessarar nema hann hafi gilt ökuskírteini sem veitir réttindi fyrir ökuréttindaflokk, eftir atvikum, einn eða fleiri. Sýslumaður annast útgáfu ökuskírteinis í umboði ríkislögreglustjóra.

Ökuskírteini skal vera af EES-gerð. Enginn má hafa ökuskírteini nema frá einu ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

[Ríkislögreglustjóra er heimilt að gefa út stafrænt ökuskírteini til viðbótar við hefðbundið ökuskírteini. Á stafrænu ökuskírteini skulu koma fram sömu upplýsingar og á hefðbundnu ökuskírteini, sbr. 3. kafla 1. viðauka við reglugerð þessa. Stafrænt ökuskírteini gefið út af ríkislögreglustjóra hefur á íslensku yfirráðasvæði sama gildi og hefðbundið ökuskírteini. Handhafi stafræns ökuskírteinis ber ábyrgð á að stafrænt ökuskírteini sé virkt og aðgengilegt við umferðareftirlit.]²

Veita má ökuskírteini þeim sem:

1. uppfyllir lágmarksskilyrði reglugerðar þessarar um andlegt og líkamlegt heilbrigði til að geta stjórnað ökutæki örugglega,
2. uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar um nám og hefur sannað með prófi að hann hafi næga aksturshæfni og þekkingu á umferðarlöggjöf og á ökutæki og meðferð þess til að geta stjórnað því örugglega,
3. uppfyllir aldurskilyrði reglugerðar þessarar,
4. hefur fasta búsetu hér á landi sem þó tekur ekki til:
 - a. [útgáfu alþjóðlegs ökuskírteinis,
 - b. útgáfu akstursheimildar til bráðabirgða.]³

3. gr. - Umsókn um ökuskírteini.

Umsókn um ökuskírteini má afhenda sýslumanni óháð því hvar á landinu umsækjandi býr og skal umsækjandi [við afhendingu umsóknar]⁴ rita nafn sitt í þar til gerðan reit á kennisþjaldi sem ljósmynd af umsækjanda skal fest við.

Gögn varðandi umsókn um ökuskírteini:

1. Umsókn um ökuskírteini skal fylgja:
 - a. ljósmynd af umsækjanda (enda sé slík ljósmynd ekki til í safni ökuskírteinaskrár):
 - i. sem líkist honum vel að mati sýslumanns,
 - ii. sem tekin er af umsækjanda beint að framan og sýnir höfuð (án höfuðfats) og herðar,
 - iii. þar sem lýsing andlits er jöfn,
 - iv. þar sem augum er beint að myndavél,
 - v. þar sem gleraugu eru ekki skyggð eða það glampar á þau,
 - vi. sem er á ljósmyndapappír, 35x45 mm að stærð,
 - vii. þar sem mynd af höfði er 30 – 36 mm á hæð,

¹ Rg. 380/2020, 1. gr.

² Rg. 584/2020, 1. gr.

³ Rg. 1067/2017, 1. gr.

⁴ Rg. 199/2012, 1. gr.

- b. læknisvottorð en þó nægir skrifleg yfirlýsing umsækjanda um heilbrigði þegar sótt er um ökuskrírteini fyrir AM-, A1-, A2-, A-, B-, BE- og T-flokk nema sýslumaður telji þörf á læknisvottorði eða umsækjandi sé orðinn 65 ára,
- c. skrifleg yfirlýsing um að umsækjandi hafi fasta búsetu hér á landi eða fullnægi að öðru leyti skilyrðum um búsetu en sýslumaður getur þó krafist þess að umsækjandi:
 - i. sanni að hann hafi fasta búsetu hér á landi,
 - ii. leggi fram dvalarleyfi, hafi hann hvorki íslenskt né annað norrænt ríkisfang nema hann megi dvelja löglega í landinu án leyfis,
- d. skrifleg yfirlýsing um að umsækjandi, þegar umsókn er lögð fram, hafi ekki:
 - i. undir höndum ökuskrírteini, gefið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu,
 - ii. sætt takmörkun, annarri en skv. 21. gr., sviptingu eða afturköllun ökuréttinda í ríki, sbr. i-lið.
2. Staðfesting þess að umsækjandi hafi sótt nám í ökugerði í samræmi við 11. gr.
3. Staðfesting skal liggja fyrir um að umsækjandi um fullnaðarskrírteini hafi farið í akstursmat, sbr. 20. gr.
4. Nú er sótt um ökuskrírteini eftir að ökuréttindi umsækjanda hafa verið afturkölluð með akstursbanni skv. [106. gr.]⁵ umferðarlaga. Skal þá fylgja umsókn um ökuskrírteini staðfesting þess að umsækjandi hafi sótt nám skv. 13. gr. reglugerðarinnar. [Sama gildir, hafi umsækjandi verið sviptur ökuréttindum á gildistíma bráðabirgðaskírteinis skv. 7. mgr. 63. gr. umferðarlaga eða handhafi fullnaðarskrírteinis hafi verið sviptur ökuréttindum skv. 6. mgr. 63. gr. umferðarlaga.]⁶
5. Þegar sótt er um ökuskrírteini fyrir C1-, C-, D1- eða D-flokk þarf að liggja fyrir að umsækjandi hafi fullnaðarskrírteini fyrir B-flokk.
6. Umsókn um endurnýjun ökuskrírteinis til farþega- eða vöruflutninga í atvinnuskyni fyrir C1-, C-, D1- og D-flokk skal fylgja staðfesting þess að umsækjandi hafi sótt endurmenntunarnám skv. 14. gr.

[Samgöngustofa setur reglur um hvernig skuli meta hvort umsækjandi um ökuskrírteini fullnægi skilyrðum í III. viðauka um andlegt og líkamlegt heilbrigði.]⁷

Heimilislæknir umsækjanda gefur út læknisvottorð. Gefi annar læknir vottorðið út, skal umsækjandi upplýsa hvers vegna. [Læknisvottorð skal ritað á eyðublað sem gert er eftir fyrirmælum Samgöngustofu og má við umsókn ekki vera eldra en þriggja mánaða og við útgáfu ökuskrírteinis ekki eldra en 18 mánaða.]⁸

[Umsókn um stafrænt ökuskrírteini fer fram á vefsvæðinu www.island.is á því formi sem ríkislögrelustjóri ákveður.]⁹

4. gr. - Könnun sýslumanns.

Sýslumaður byggir á heilbrigðisyfirlýsingu eða læknisvottorði við könnun þess hvort umsækjandi fullnægi heilbrigðisskilyrðum. Sýslumaður getur þó krafist þess að frá lækni eða öðrum sérfræðingi verði fengin yfirlýsing eða ítarlegri upplýsingar, svo og að umsækjandi að öðru leyti taki þátt í læknisfræðilegri rannsókn til að skorið verði úr um hvort gefa megi út ökuskrírteini eða það skuli skilyrt á einhvern hátt. Í því sambandi getur sýslumaður krafist þess að umsækjandi þreyti próf í aksturshæfni skv. 15. gr. Umsækjandi ber kostnað af læknisfræðilegri rannsókn, gagnaöflun og prófi samkvæmt þessari grein.

Auk könnunar á heilbrigðisskilyrðum kannar sýslumaður, ef ástæða þykir til, reglusemi og áreiðanleika umsækjanda. Hann aflar og annarra þeirra upplýsinga sem þörf er á, m.a. upplýsinga úr viðeigandi skrá m lögreglu og ákærvalds.

Sýslumaður getur neitað umsækjanda um ökuskrírteini, ef hann er háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi efna eða er ekki nægilega reglusamur. Bera má slíka ákvörðun sýslumanns undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a. almennra hegningarlaga.

⁵ Rg. 380/2020, 2. gr. a.

⁶ Rg. 380/2020, 2. gr. b.

⁷ Rg. 1067/2017, 2. gr. a.

⁸ Rg. 1067/2017, 2. gr. b.

⁹ Rg. 584/2020, 2. gr.

Sýslumaður getur synjað umsækjanda um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

5. gr. - Námsheimild – Prófheimild.

Þegar sýslumaður hefur kannað gögn og upplýsingar sem umsókn um ökuskírteini fylgja, tekur hann ákvörðun um hvort veita skuli umsækjanda ökuskírteini eða eftir atvikum:

1. námsheimild til að hefja ökunám og þreyta ökuþróf að því loknu,
2. prófheimild til að þreyta ökuþróf.

Sé ökuskírteini ekki gefið út innan tveggja ára frá útgáfu námsheimildar, þarf umsækjandi að hefja nám að nýju að fenginni nýrri námsheimild.

Gefa má út námsheimild áður en umsækjandi fullnægir aldurskilyrðum skv. 6. gr. fyrir:

1. B-flokk tólf mánuðum fyrr,
2. AM-, A1-, A2-, A-, BE- og T-flokk þremur mánuðum fyrr,
3. [Farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk,]¹⁰ C-, C1-, D- og D1-flokk sex mánuðum fyrr enda hafi umsækjandi fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Til að fá námsheimild fyrir BE-, C1E-, CE-, D1E- og DE-flokk þarf umsækjandi að hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk og ökuskírteini fyrir C1-, C-, D1- eða D-flokk eftir því sem við á.

6. gr. - Ökuréttindaflokkar.

Með ökuskírteini er veitt leyfi til að stjórna vélknúnu ökutæki í ökuréttindaflokki, einum eða fleiri, sem tilgreindur er á skírteininu. Ökuréttindaflokkar eru skilgreindir í þessari grein í samræmi við tilskipun nr. 2006/126/EB um ökuskírteini.

Flokkun ökutækja [...] ¹¹ er í samræmi við flokkun ökutækja í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, sbr. [reglugerð nr. 168/2013/ESB] ¹² (varðandi bifhjól) og [tilskipun nr. 2007/46/EB] ¹³ (varðandi bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki sem einkum eru ætluð til fólks- og vöruflutninga).

Ökuskírteini má gefa út frá þeim lágmarksaldri sem er tilgreindur fyrir hvern ökuréttindaflokk.

Sá fyrirvari er gerður varðandi tengingu eftirvagns/tengitækis við ökutæki skv. þessari grein að leyfileg þyngd eftirvagns/tengitækis geti verið takmörkuð skv. skráningarskírteini viðkomandi ökutækis.

Ökuréttindaflokkar eru:

1. AM-flokkur:

- a. [réttindi til að stjórna léttu bifhjóli sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.:
 - i. á tveimur hjólum
 - ii. á þremur hjólum.

Létt bifhjól greinist í

- i. létt bifhjól í flokki I sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst.
- ii. létt bifhjól í flokki II sem er hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst.

Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna léttu bifhjóli í flokki I.

Ökuskírteini fyrir AM-flokk má veita þeim sem er orðinn 15 ára.] ¹⁴

2. A1-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifhjóli:
 - i. á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, [...] ¹⁵ með slagrymi sem er ekki yfir 125 sm³, með afl sem er ekki yfir 11 kW og með afl/þyngdarhlutfall sem er ekki yfir 0,1 kW/kg,
 - ii. á þremur hjólum [...] ¹⁶ með afl sem er ekki yfir 15 kW,

¹⁰ Rg. 1149/2014, 1. gr.

¹¹ Rg. 1067/2017, 3. gr. a.i.

¹² Rg. 1067/2017, 3. gr. a.ii.

¹³ Rg. 1067/2017, 3. gr. a.iii.

¹⁴ Rg. 1067/2017, 3. gr. b.

¹⁵ Rg. 1067/2017, 3. gr. c.

¹⁶ Rg. 1067/2017, 3. gr. c.

b. réttindi til að stjórna léttu bifhjóli í AM-flokki.
Ökuskírteini fyrir A1-flokk má veita þeim sem er orðinn 17 ára.

3. A2-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifhjóli:
- i. á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns [...] ¹⁷ með afl sem er ekki yfir 35 kW og með afl/þyngdarhlutfall sem er ekki yfir 0,2 kW/kg, svo og bifhjóli sem hefur ekki verið breytt frá því að hafa áður meira en tvöfalt afl,
- b. réttindi til að stjórna:
- i. léttu bifhjóli í AM-flokki,
 - ii. bifhjóli í A1-flokki.
- Ökuskírteini fyrir A2-flokk má veita þeim sem er orðinn 19 ára.

4. A-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifhjóli:
- i. á tveimur hjólum með eða án hliðarvagns,
 - ii. á þremur hjólum með meira afl en 15 kW,
- b. réttindi til að stjórna:
- i. léttu bifhjóli í AM-flokki,
 - ii. bifhjóli í A1- og A2-flokki.

Ökuskírteini fyrir A-flokk má veita þeim sem er orðinn 24 ára en þó þeim sem orðinn er 21 árs, hafi hann í a.m.k. tvö ár haft ökuskírteini fyrir A2-flokk.

5. B-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns og er 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd sem tengja má við:
- i. eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd eða
 - ii. eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd enda sé vagnlest 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd,
- b. réttindi til að stjórna:
- i. bifhjóli á fjórum eða fleiri hjólum [...] ¹⁸,
 - ii. léttu bifhjóli í AM-flokki,
 - iii. bifhjóli á þremur hjólum í A1-, A2- eða A-flokki með þeirri takmörkun að sá sem er yngri en 21 árs má ekki stjórna slíku bifhjóli með afl yfir 15 kW,
 - iv. dráttarvél í T-flokki.

Ökuskírteini fyrir B-flokk má veita þeim sem er orðinn 17 ára.

6. Farþegaflutningar í atvinnuskyni fyrir B-flokk:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki til slíkra flutninga, bundið því skilyrði að viðkomandi fullnægi kröfum um viðbótarnám og próf skv. námskrá.

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk má veita þeim sem er orðinn 20 ára.

7. BE-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki með eftirvagn/tengitæki sem er ekki meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir BE-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Ökuskírteini fyrir BE-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.

8. C1-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns og er meira en 3.500 kg en ekki meira en 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd sem tengja má við eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir C1-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Ökuskírteini fyrir C1-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.

¹⁷ Rg. 1067/2017, 3. gr. c.

¹⁸ Rg. 1067/2017, 3. gr. c.

9. Vöruflutningar í atvinnuskyni fyrir C1-flokk:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í C1-flokki til slíkra flutninga, bundið því skilyrði að viðkomandi hafi ökuskírteini fyrir C1-flokk og fullnægi skilyrðum um viðbótarnám og próf skv. námskrá.

Ökuskírteini til vöruflutninga í atvinnuskyni fyrir C1-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.

10. C1E-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í:
- C1-flokki með eftirvagn/tengitæki meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd og má leyfð heildarþyngd vagnlestar ekki vera meiri en 12.000 kg,
 - B-flokki með eftirvagn/tengitæki meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd og má leyfð heildarþyngd vagnlestar ekki vera meiri en 12.000 kg,
 - réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki með eftirvagn/tengitæki í BE-flokki.

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir C1E-flokk skal hafa ökuskírteini fyrir C1-flokk.

Ökuskírteini fyrir C1E-flokk má veita þeim sem er orðinn 18 ára.

11. C-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns og er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd sem tengja má við eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd, þar með talið til vöruflutninga í atvinnuskyni.

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir C-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Ökuskírteini fyrir C-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.

12. CE-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í C-flokki með eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd.

- b. réttindi til að stjórna bifreið í:

- B- og C1-flokki sem tengja má við eftirvagn/tengitæki í BE- og C1E-flokki,
- D1- og D-flokki með eftirvagn/tengitæki í D1E- og DE-flokki enda hafi viðkomandi réttindi fyrir D1- og D-flokk.

Ökuskírteini fyrir CE-flokk má veita þeim sem hefur ökuskírteini fyrir C-flokk.

Ökuskírteini fyrir CE-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.

13. D1-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið sem er ekki lengri en 8 m og gerð er fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns sem tengja má við eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd.

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir D1-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

Ökuskírteini fyrir D1-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.

14. Farþegaflutningar í atvinnuskyni fyrir D1-flokk:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í D1-flokki til slíkra flutninga, bundið því skilyrði að viðkomandi hafi ökuskírteini fyrir D1-flokk og fullnægi skilyrðum um viðbótarnám og próf skv. námskrá.

- b. [réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.]¹⁹

Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir D1-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.

15. D1E-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í D1-flokki með eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd,

- b. réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki með eftirvagn/tengitæki í BE-flokki.

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir D1E-flokk skal hafa ökuskírteini fyrir D1-flokk.

Ökuskírteini fyrir D1E-flokk má veita þeim sem er orðinn 21 árs.

16. D-flokkur:

¹⁹ Rg. 1067/2017, 3. gr. d.

- a. [réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir fleiri en 8 farþega auk ökumanns sem tengja má við eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir D-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Ökuskírteini fyrir D-flokk má veita þeim sem er orðinn 23 ára.]²⁰

17. [Farþegaflutningar í atvinnuskyni fyrir D-flokk:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í D-flokki til slíkra flutninga, bundið því skilyrði að viðkomandi hafi ökuskírteini fyrir D-flokk og fullnægi skilyrðum um viðbótarnám og próf skv. námskrá.
- b. réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni. Ökuskírteini fyrir D-flokk má veita þeim sem er orðinn 23 ára.]²¹

18. DE-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna bifreið í D-flokki með eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd,
- b. réttindi til að stjórna bifreið í B- og D1-flokki með eftirvagn/tengitæki í BE- og D1E-flokki.
- Umsækjandi um ökuskírteini fyrir DE-flokk skal hafa ökuskírteini fyrir D-flokk. Ökuskírteini fyrir DE-flokk má veita þeim sem er orðinn 23 ára.

19. T-flokkur:

- a. réttindi til að stjórna dráttarvél sem tengja má við eftirvagn/tengitæki. Ökuskírteini fyrir T-flokk má veita þeim sem er orðinn 16 ára.

[]²²

Ökuskírteini fyrir A1-, A2-, A- og B-flokk veitir rétt til að stjórna torfærutæki.

Ökuskírteini fyrir B-flokk veitir rétt til að stjórna vinnuvél.

Um stjórn vinnuvélar gilda sérstakar reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, settar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.

[Ökumaður ökutækis sem skráð er til neyðaraksturs er við akstur ökutækisins undanþeginn kröfum um réttindi til aksturs í atvinnuskyni, að undanskildum aldursskilyrðum. Hann skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk og gild ökuréttindi til að stjórna ökutækinu eftir því sem við á.]²³

²⁰ Rg. 1067/2017, 3. gr. e.

²¹ Rg. 1067/2017, 3. gr. f.

²² Rg. 199/2012, 2. gr.

²³ Rg. 449/2019, 1. gr.

Tafla þar sem tilgreindir eru ökuréttindaflokkar, einnig lágmarksaldur og gildistími fyrir hvern flokk, svo og lýsing á ökutæki í hverjum flokki.

Nr.	Flokkur	Ökutæki	Aldur ár	Gildistími	
				Bráðabirgða- skírteini – ár	Fullnaðar- skírteini – ár
1	AM	létt bifhjól	15		[15] ²⁴
2	A1	bifhjól: (a) 2 hjól, afl ≤ 11 kW, slagrymi ≤ 125 sm ³ og hlutfall afls/þunga ≤ 0,1 kW/kg og (b) ≥ 3 hjól, afl ≤ 15 kW	17	3	
3	A2	bifhjól: 2 hjól, afl ≥ 35 kW og hlutfall afls/þunga ≤ 0,2 kW/kg og ekki leitt af bifhjól með ≥ tvöfalt afl	19	3	
4	A	bifhjól	24 ¹⁾	3	
5	B	bifreið, leyfð heildarþyngd ≤ 3.500 kg, gerð fyrir ≤ 8 farþega auk ökumanns	17	3	
6	B	farþegaflutningar í atvinnuskyni með bifreið í B-flokki	20		5
7	BE	bifreið í B-flokki með eftirvagn/tengitæki	18		[15] ²⁵
8	C1	bifreið, leyfð heildarþyngd > 3.500 kg og ≤ 7.500 kg	18		5
9	C1	vöruflutningar í atvinnuskyni með bifreið í C1-flokki	18		5
10	C1E	bifreið í C1-flokki með eftirvagn/tengitæki	18		5
11	C	bifreið, leyfð heildarþyngd > 3.500 kg, gerð fyrir ≤ 8 farþega auk ökumanns	21		5
12	CE	bifreið í C-flokki með eftirvagn/tengitæki	21		5
13	D1	bifreið, ekki lengri en 8 m, gerð fyrir 16 farþega og færri auk ökumanns	21		5
14	D1	farþegaflutningar í atvinnuskyni með bifreið í D1-flokki	21		5
15	D1E	bifreið í D1-flokki með eftirvagn/tengitæki	21		5
16	D	bifreið gerð fyrir > 8 farþega auk ökumanns	23		5
17	DE	bifreið í D-flokki með eftirvagn/tengitæki	23		5
18	T	dráttarvél	16		[15] ²⁶

¹⁾ en þó þeim sem orðinn er 21 árs, hafi hann í a.m.k. tvö ár haft ökuskírteini fyrir A2-flokk.

²⁴ Rg. 27/2013, 1. gr.

²⁵ Rg. 27/2013, 1. gr.

²⁶ Rg. 27/2013, 1. gr.

7. gr. - Gildi eldri ökuréttinda.

Fullnaðarskríteini, sem gefið var út til tíu ára fyrir 1. mars 1988 og var þá í gildi, heldur gildi sínu þar til skríteinshafi er orðinn 70 ára.

A. Ökuréttindi til aksturs bifreiðar.

- Ökuskríteini, útgefið fyrir 1. janúar 1997 sem veitir rétt til að stjórna bifreið, veitir einnig rétt til að stjórna fólksbifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.
- Ökuskríteini, útgefið frá og með 1. júlí 1958 og fyrir 1. júní 1993 sem veitir rétt til að stjórna bifreið, veitir einnig rétt til að stjórna bifreið í C-flokki fyrir allt að 5.000 kg farm.
- Ökuskríteini, útgefið frá og með 12. apríl 1960 og fyrir 1. mars 1988 sem veitir rétt til að stjórna bifreið, veitir einnig rétt til að stjórna bifreið í D1-flokki. Ökuskríteini, útgefið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar sem veitir rétt til að stjórna bifreið í D1-flokki, veitir rétt til að stjórna bifreið í D1-flokki þó hún sé lengri en 8 m. (Sjá 13. tölulið 5. mgr. 6. gr.).
- Ökuskríteini, útgefið fyrir 12. apríl 1960 sem veitir rétt til að stjórna bifreið, veitir einnig rétt til að stjórna bifreið í D1- og D-flokki.
- Ökuskríteini, útgefið fyrir 1. júlí 1958 sem veitir rétt til að stjórna bifreið, veitir einnig rétt til að stjórna ökutæki í A1-, A2-, A-, B-, C1- og C-flokki.

B. Ökuréttindi til aksturs bifreiðar í atvinnuskyni.

- Ökuskríteini, útgefið fyrir 12. apríl 1960 sem veitir rétt til að stjórna leigubifreið til mannflutninga, veitir einnig rétt til að stjórna bifreið í B-, D1- og D-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- Ökuskríteini, útgefið frá og með 12. apríl 1960 og fyrir 1. mars 1988 sem veitir rétt til að stjórna leigubifreið til mannflutninga, veitir einnig rétt til að stjórna bifreið í B- og D1-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

C. Tafla hér að neðan sýnir yfirlit um gildi eldri ökuréttinda, sbr. 1. – 7. tölulið:

Ökuskríteini til að stjórna bifreið gildir einnig fyrir flokk merktan „já“ ef það er útgefið fyrir:	B	BE	AM	T	C1	C1E	C	CE	D1	D1E	D	DE	A1	A2	A
1. 01.01.1997	já ¹⁾	já ¹⁾	já	já											
2. 01.06.1993	já	já	já	já	já	já	já ²⁾	já ²⁾							
3. 01.03.1988	já	já	já	já	já	já	já ²⁾	já ²⁾	já	já					
4. 12.04.1960	já	já	já	já	já	já	já ²⁾	já ²⁾	já	já	já	já			
5. 01.07.1958	já	já	já	já	já	já	já	já	já	já	já	já	já	já	já

¹⁾ fólksbifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.

²⁾ bifreið fyrir allt að 5.000 kg farm.

Ökuskríteini til að stjórna leigubifreið til mannflutninga gildir einnig fyrir flokk merktan „já“ ef það er útgefið fyrir:	B farþegaflutningar í atvinnuskyni	D1 farþegaflutningar í atvinnuskyni	D farþegaflutningar í atvinnuskyni
6. 01.03.1988	já	já	
7. 12.04.1960	já	já	já

D. Ökuréttindi til aksturs bifhjóls.

Ökuskríteini, útgefið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar sem veitir rétt til að stjórna bifhjóli í A1- og A-flokki, veitir rétt til að stjórna bifhjóli á fjórum eða fleiri hjólum í þeim flokkum.

E. Um réttindi vegna eftirvagns/tengitækis.

- Ökuskríteini, útgefið fyrir 15. ágúst 1997 sem veitir rétt til að stjórna bifreið í B-, C1-, C-, D1- eða D-flokki, veitir einnig rétt fyrir BE-, C1E-, CE-, D1E- og DE-flokk, eftir því sem við á.
- Ökuskríteini, útgefið frá og með 15. ágúst 1997 og fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, sem veitir rétt til að stjórna bifreið í B-flokki með eftirvagn/tengitæki, (BE-flokkur) má stjórna bifreið í B-flokki með eftirvagn/tengitæki sem er þyngri en 3.500 kg. (Sjá 7. tölulið 5. mgr. 6. gr.).

8. gr. - Ökutæki sem notað er við kennslu og verklegt próf.

A. Almennt.

Með þeim undantekningum, sem í 2. og 3. mgr. greinir, skal ökutæki, sem notað er við kennslu og verklegt próf, fullnægja kröfum reglugerðar um gerð og búnað ökutækja og jafnan vera þrífalegt og í lagi. Það skal viðurkennt af faggiltri skoðunarstofu, vera skráð sem slíkt og skal uppfylla skilyrði IV. viðauka.

Dráttarvél og létt bifhjól þarf ekki að viðurkenna og skrá til ökukennslu eða verklegs prófs og eru undanþegin kröfum 2. töluliðar IV. viðauka um búnað.

Ökutæki, sem notað er til kennslu í ökugerði, þarf ekki að viðurkenna og skrá en skal fullnægja reglum um gerð og búnað ökutækja. [Samgöngustofu]²⁷ er þó heimilt að veita undanþágu frá þeim reglum. Eigi má nota slíkt ökutæki utan ökugerðis.

[Ökutæki sem notað er við verklegt próf má vera beinskipt eða sjálfskipt.]²⁸ [...] Beinskipt ökutæki er bifreið sem búin er fetli fyrir tengsli eða bifhjól sem búin er handfangi á stýri fyrir tengsli [sem ökumaður verður að nota þegar ökutæki er ekið af stað eða stöðvað og þegar skipt er um gir]³⁰. Sjálfskipt bifreið eða bifhjól er ökutæki sem ekki hefur slíkan búnað.

Ef verklegt próf er tekið á sjálfskipt ökutæki, skal það gefið til kynna með tákntölu í ökuskríteini. Þess þarf þó ekki ef notuð er sjálfskipt bifreið við verklegt próf í

- [BE-, C1E-, CE-, D1E- og DE-flokki, við próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-, D1- og D-flokk og til vöruflutninga í atvinnuskyni fyrir C1- og C-flokk enda hafi umsækjandi ökuskríteini fyrir þá flokka [sem fengið er á grundvelli ökuþrófs þar sem próf í aksturshæfni hefur verið tekið á ökutæki með beinskiptingu]³¹.
- [C-, C1-, D- og D1-flokki]³² enda hafi umsækjandi ökuskríteini sem fengið er á grundvelli ökuþrófs þar sem próf í aksturshæfni hefur verið tekið á ökutæki með beinskiptingu í a.m.k. einum af eftirtöldum flokkum: B-, BE-, C-, CE-, C1-, C1E-, D-, [DE-]³³, D1- eða D1E-flokki]³⁴.

B. Ökuréttindi takmörkuð við sérbúið ökutæki.

Nú þarf að takmarka ökuréttindi umsækjanda samkvæmt 21. gr. vegna fötlunar eða af öðrum heilsufarsástæðum við ökutæki af sérstakri gerð eða með sérstökum búnaði. Skal þá verklega prófið tekið á slíku ökutæki. Áskilja má að ökutækið við verklega prófið skuli búin sérstökum hemlabúnaði, sbr. IV. viðauka.

C. Notkun bifreiðar, sem sérstaklega er búin fyrir hreyfihamlaðan ökumann.

Bifreið, sem sérstaklega er búin fyrir hreyfihamlaðan ökumann, má eigandi/umráðamaður nota við [kennsluakstur]³⁵ með ökukennara og við verklegt próf að fengnu samþykki [Samgöngustofu]³⁶.

²⁷ Rg. 1198/2013, 1. gr.

²⁸ Rg. 1067/2017, 4. gr. a.

²⁹ Rg. 1067/2017, 4. gr. b.

³⁰ Rg. 1198/2013, 2. gr. a.

³¹ Rg. 628/2015, 2. gr. a.

³² Rg. 627/2021, 1. gr.

³³ Rg. 628/2015, 2. gr. b.

³⁴ Rg. 1198/2013, 2. gr. b og c.

³⁵ Rg. 380/2020, 3. gr.

³⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

Um hemla og spegla gildir hið sama og fyrir B-flokk. Ef bifreiðin er með handstýrðum hemlabúnaði til að nota með hægri hendi fellur brott áskilnaður um hemlafetil við sæti ökukennara ef einnig er unnt án erfiðleika að nota handstýrða hemlabúnaðinn úr sæti ökukennarans.

II. KAFLI - Ökunám.

9. gr. - Almenn.

Við upphaf náms skal ökukennari eða eftir atvikum ökuskóli ganga úr skugga um að námsheimild hafi verið veitt, sbr. 5. gr.

Varði umsókn um ökuskírteini ökuréttindaflokk sem umsækjandi hefur ekki áður haft ökuskírteini fyrir, skal umsækjandi til undirbúnings ökuþrófi:

1. sækja verklegt nám hjá ökukennara sem hefur [starfsleyfi]³⁷ fyrir þann réttindaflokk,
2. sækja bóklegt nám sem að jafnaði skal fara fram í ökuskóla sem hefur starfsleyfi.

Áður en bóklegt nám hefst fyrir B-flokk, skal umsækjandi hafa lokið a.m.k. einni kennslustund í [kennsluakstri]³⁸ hjá ökukennara.

[...]³⁹

Nám skal fara fram í samræmi við námskrá sem [Samgöngustofa]⁴⁰ setur og ráðherra staðfestir. Ákveða má í námskrá að tiltekinn hluti náms sé fjarnám.

Í námskrá skal kveðið á um skipulag náms og þá aksturshæfni og þekkingu sem umsækjandi þarf að búa yfir til að öðlast ökuskírteini. Leitast skal við að flétta saman bóklegt og verklegt nám.

³⁷ Rg. 380/2020, 1. gr.

³⁸ Rg. 380/2020, 4. gr. a.

³⁹ Rg. 344/2017, 2. gr.

⁴⁰ Rg. 1198/2013, 1. gr.

10. gr. - Fjöldi kennslustunda.

Eftirfarandi tafla sýnir lágmarksfjölda kennslustunda í bóklegu og verklegu námi:

1. bóklegu námi fyrir tiltekna réttindaflokka,
2. bóklegu námi fyrir hvern flokk og hve margar stundir má fella niður vegna fyrra náms í öðrum flokki,
3. verklegu námi fyrir hvern flokk og hve margar stundir má fella niður vegna fyrra náms í öðrum flokki.

Flokkur	1. Bóklegt nám fyrir tiltekna flokka	2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk		3. Verklegt nám fyrir hvern flokk			
	Stundir	Stundir	Flokkur	Stundir	Fækkun vegna fyrra náms		
Flokkur	Stundir	Stundir	Flokkur	Stundir	Flokkur	Stundir	
AM	52	12			8		
A1		12	AM/B	-12	5		
A2		24	AM/A1/B	-12	11	A1	-5
A		24	AM/A1/B A2	-12 -24	11	A1 A2	-5 -11
B		25	AM/A2/A	-12	17	A1/A2/A	-5
B ¹⁾		16	C1 ^{2)/D1¹⁾ D¹⁾}	-16 -16	3		
C1/D1		10			6		
C1 ^{2)/D1¹⁾}		26	C1/D1 B ¹⁾	-10 -16	8	C1/D1	-6
C ²⁾		32	D ¹⁾ C1/D1	-32 -10	12	D	-4
D ¹⁾		48	B ¹⁾ C ²⁾ C1/D1 C1 ^{2)/D1¹⁾}	-16 -32 -10 -26	12	C ²⁾	-4
BE	[...] ⁴¹⁾			4			
C1E/D1 E	4	[...] ⁴²⁾	[...] ⁴³⁾	4	BE	-3	
CE/DE	4			7	C1E	-3	
T	12	AM/A1/A2/A	-12	5			

¹⁾ farþegaflutningar í atvinnuskyni.

²⁾ vöruflutningar í atvinnuskyni.

Hver kennslustund skal vera 45 mínútur. Hæfilegt hlé skal vera á milli kennslustunda.

⁴¹⁾ Rg. 344/2017, 3. gr., a.

⁴²⁾ Rg. 344/2017, 3. gr., b.

⁴³⁾ Rg. 344/2017, 3. gr., c.

11. gr. - Verklegt nám.

Í verklegu námi æfir umsækjandi sig í akstri bifreiðar eða bifhjóls undir stjórn ökukennara sem jafnframt kennir og leiðbeinir umsækjanda. Skal akstur fara fram við mismunandi akstursskilyrði, svo sem mismikinn umferðarþunga þannig að reyni á sem flesta þætti sem upp geta komið í umferðinni á vegum í þéttbýli og utan þess. Í verklegu námi skal einnig fara fram kennsla varðandi búnað ökutækis og meðferð þess.

Kennsluakstur má ekki fara fram á vegi þar sem umferð er mikil fyrir en umsækjandi hefur náð þeirri aksturshæfni að ekki stafi hætta af.

Ekki mega í senn fleiri en þrjú nemendur æfa í almennri umferð akstur á bifhjóli eða á léttu bifhjóli svo tryggt sé að ökukennari geti fylgst með akstri þeirra allra.

Verklegt nám fyrir B-flokk skal að hluta fara fram í ökugerði, fyrst og fremst í því augnamiði að umsækjandi læri að meta hættuleg akstursskilyrði þannig að hann þekki hættuna og geti forðast hana. Námið skal fara fram áður en umsækjandi lýkur ökuþrófi.

12. gr. - Æfingaakstur með leiðbeinanda.

Að fengnu leyfi sýslumanns má umsækjandi um ökuskírteini í ökunámi til réttinda fyrir B-flokk æfa akstur með leiðbeinanda á bifreið í B-flokki enda liggja fyrir staðfesting ökukennara og ökuskóla á því að umsækjandinn hafi nægilega þekkingu og þjálfun til slíks æfingaaksturs. Æfingaakstur með leiðbeinanda kemur ekki í stað [kennsluaksturs]⁴⁴ með ökukennara heldur sem viðbótaræfing. Í æfingaakstri telst leiðbeinandi vera stjórnandi bifreiðar.

Skilyrði leyfis er að leiðbeinandi sé orðinn 24 ára, hafi í a.m.k. fimm ár haft gilt ökuskírteini fyrir B-flokk og hafi ekki á síðustu tólf mánuðum verið án ökuskírteinis vegna sviptingar ökuréttar eða verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti. Leyfið má gefa út til allt að [18]⁴⁵ mánaða. Sýslumaður getur afturkallað leyfið, fylgi leiðbeinandi ekki reglum um æfingaakstur eða fullnægi ekki lengur skilyrðum leyfis.

Leiðbeinandi skal hafa leyfið meðferðis við æfingaakstur. Honum er óheimilt að taka endurgjald fyrir að leiðbeina umsækjanda.

[Samgöngustofa]⁴⁶ gefur út leiðbeiningar um æfingaakstur og skal ökukennari veita leiðbeinanda aðstoð við skipulagningu akstursins og gefa leiðbeinanda kost á að fylgjast með a.m.k. einni kennslustund í akstri.

[Samgöngustofa]⁴⁷ setur reglur um hvernig auðkenna skuli bifreið sem notuð er til æfingaaksturs með leiðbeinanda. Um æfingaakstur gilda að öðru leyti reglur um [kennsluakstur]⁴⁸ með ökukennara eftir því sem við á.

⁴⁴ Rg. 380/2020, 5. gr. a.

⁴⁵ Rg. 380/2020, 5. gr. b.

⁴⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁴⁷ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁴⁸ Rg. 380/2020, 5. gr. c.

III. KAFLI - Nám eftir akstursbann eða sviptingu ökuréttar – Endurmenntun.

13. gr. - Nám eftir akstursbann eða sviptingu ökuréttar.

Nám eftir akstursbann eða sviptingu ökuréttar þess sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini í fyrsta sinn, skal fara fram í ökuskóla og í samræmi við námskrá sem [Samgöngustofa]⁴⁹ setur og ráðherra staðfestir.

Námið skal vera 12 bóklegar og 2 verklegar kennslustundir. Fjöldi þátttakenda á námskeiði skal að jafnaði vera 6 – 12. Að námskeiði loknu fær hver þátttakandi vottorð um þátttöku.

[Nám eftir sviptingu ökuréttar skv. 5.-7. tölul. 4. mgr. 28. gr. skal vera 6 bóklegar kennslustundir en fer að öðru leyti eftir 1. mgr. Að námskeiði loknu fær hver þátttakandi vottorð um þátttöku.]⁵⁰

14. gr. - Endurmenntun bílstjóra.

[Nám fyrir þann, sem uppfylla þarf skilyrði 3. mgr. 19. gr. um endurmenntun, skal fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, þ.e. ökuskóla sem hefur starfsleyfi eða hjá öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Viðurkenndur námskeiðshaldari getur boðið upp á fjarnám uppfylli það kröfur þessa ákvæðis. [Í námskrá má kveða nánar á um það hvaða hluti endurmenntunar megi fara fram í fjarnámi.]⁵¹

[Endurmenntun skal vera lokið á síðustu fimm árum fyrir endurnýjun. Fjöldi kennslustunda skal vera samtals 35 stundir í 7 klukkustunda lotum með hæfilegum hléum á milli kennslustunda. Hverri lotu er heimilt að skipta niður á tvo samliggjandi daga innan 24 klukkustunda.]⁵²

Námið skal fara fram í samræmi við námskrá sem Samgöngustofa setur og ráðherra staðfestir.]⁵³

⁴⁹ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁵⁰ Rg. 380/2020, 6. gr.

⁵¹ Rg. 380/2020, 7. gr.

⁵² Rg. 1067/2017, 5. gr.

⁵³ Rg. 628/2015, 3. gr.

IV. KAFLI - Ökupróf.

15. gr. - Almenn.

Prófdómari skal ganga úr skugga um eftir því sem við á:

1. að fyrir liggi námsheimild eða prófheimild skv. 5. gr.,
2. að umsækjandi uppfylli aldursskilyrði reglugerðar þessarar til að mega þreyta ökupróf,
3. að fyrir liggi skriflegt vottorð ökukennara og ökuskóla um að umsækjandi hafi fengið bóklega og verklega kennslu í samræmi við námskrá fyrir þann réttindaflokk sem próf varðar. Hafi fleiri en einn ökuskóli eða ökukennari annast kennslu umsækjanda, skal sá sem síðast kenndi honum gefa út vottorðið.

Ökupróf skal vera bóklegt próf og verklegt próf og skal kanna þekkingu og aksturshæfni í samræmi við markmið námskrár.

Í bóklegu prófi er könnuð þekking á umferðarlöggjöf og þekking á öðru sem tilgreint er í námskrá og varðar umferð og umhverfi hennar.

Í verklegu prófi er könnuð aksturshæfni og þekking á ökutæki og meðferð þess.

Próf fyrir A2-flokk skal eingöngu vera verklegt, hafi umsækjandi ökuskráir fyrir A1-flokk. Sama á við um próf fyrir A-flokk, hafi umsækjandi ökuskráir fyrir A2-flokk.

[Samgöngustofa]⁵⁴ annast ökupróf en getur falið öðrum að leggja þau fyrir.

[Samgöngustofa]⁵⁵ gefur út handbók um ökupróf. Þar skal því lýst hvernig próf skuli framkvæmd og dæmd. Þar skulu einnig vera leiðbeiningar fyrir prófdómara.

Ökupróf skal fara fram samkvæmt námskrá, handbók um ökupróf og próflýsingu [Samgöngustofu]⁵⁶. Árangur umsækjanda í prófi (bóklegu og verklegu) skal metinn til stiga.

16. gr. - Tilhögun prófs.

Áður en umsækjandi þreytir próf, skal hann framvísa viðurkenndum persónuskilríkjum með ljósmynd af sér.

Niðurstöðu prófs skal kynna umsækjanda um leið og prófið hefur verið dæmt. Honum skal jafnframt gerð grein fyrir hvað var vel gert og hvað mátti betur fara.

Standist umsækjandi ekki próf, má hann ekki þreyta próf að nýju innan viku. Standi sérstaklega á, má stytta þann tíma.

Tali og skilji umsækjandi hvorki íslensku né erlentu tungumál sem próf fer fram á, skal hafa löggiltan túlk við bóklegt og verklegt próf eða túlk sem [Samgöngustofa]⁵⁷ samþykkir. Umsækjandi ber kostnað af túlkun. Starfandi ökukennari má ekki vera túlkur.

Verklegt próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni skal fara fram á íslensku.

Nú á umsækjandi erfitt með að þreyta próf svo sem vegna lesblindu, heyrnar- eða málleysis. Er þá prófdómara eða öðrum, sem prófdómari kveður til, heimilt að aðstoða umsækjanda við að skilja spurningar og að svara þeim. Starfandi ökukennari má ekki koma fram sem aðstoðarmaður.

17. gr. - Bóklegt próf.

Spurningar á bóklegu prófi skulu vera skýrar og hlutlægar svo sem kostur er. Spyrja skal annars vegar um almenn atriði svo sem varðandi umferðarlöggjöf, viðurkennda aksturshætti, ökutækið, mannlega þætti, öryggisbúnað og viðbrögð á slysstað en hins vegar um það sem lýtur sérstaklega að þeim ökuréttindaflokki sem prófið varðar.

Bóklegt próf má ekki fara fram fyrir tveimur mánuðum áður en umsækjandi fullnægir aldurskilyrði til að öðlast ökuréttindi í viðkomandi flokki.

⁵⁴ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁵⁵ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁵⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁵⁷ Rg. 1198/2013, 1. gr.

18. gr. - Verklegt próf.

A. Almennt.

Verklegt próf má fara fram allt að tveimur vikum áður en umsækjandi fullnægir aldurskilyrði til að öðlast ökuréttindi í viðkomandi flokki.

Umsækjandi skal hafa staðist verklegt próf áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst bóklegt próf. Bóklegt próf fyrir tiltekna flokka, sbr. 1. tölulið 10. gr., heldur þó gildi sínu í 12 mánuði.

Umsækjandi skal leggja til ökutækið sem notað er í prófi og skal það fullnægja kröfum 8. gr. varðandi ökutæki sem notað er við kennslu og verklegt próf. Auk þess skal hann við verklegt próf á bifhjól/létt bifhjól leggja til fjarskiptatæki og bifreið með ökumanni fyrir prófdómara.

Að loknu verklegu prófi tilkynnir prófdómari sýslumanni um niðurstöðu prófs. Komist prófdómari að því að andlegri eða líkamlegri hreysti umsækjanda sé í einhverju áfátt, skal prófdómari geta þess í tilkynningunni til sýslumanns, hvort sem próftaki hefur staðist próf eða ekki.

B. Þekking á ökutæki og meðferð þess.

Prófdómari skal kanna:

1. þekkingu umsækjanda á ökutæki og meðferð þess, m.a. hvort umsækjandi hafi næga þekkingu á nauðsynlegu viðhaldi ökutækis til þess að geta komið í veg fyrir ótímabært slit eða bilun með tilliti til öryggis í akstri, aukinnar mengunar af völdum ökutækis eða hærri rekstrarkostnaðar þess,
2. hvort umsækjandi getur útskýrt og sýnt hvernig ganga megi úr skugga um að öryggisbúnaður ökutækis sé í lagi.

C. Aksturshæfni.

Aksturshæfni skal prófuð við akstursskilyrði þar sem verulega reynir á aksturshæfni umsækjanda á vegum í þéttbýli og utan þess og við mismikinn umferðarþunga. Próf má að hluta fara fram á sérstöku svæði. Gera skal mismunandi kröfur eftir réttindaflokkum.

Prófdómari skal, ef því verður við komið, sitja við hlið umsækjanda en annars þar sem hann getur fylgst vel með akstri umsækjanda og umferðinni.

Prófdómari skal:

1. meta hvort umsækjandi sýni að hann hafi næga aksturshæfni og hafi tileinkað sér vistakstur,
2. fylgjast með hvort umsækjandi þekkir og virðir umferðarreglur,
3. fylgjast með hvernig umsækjandi hagar undirbúningi aksturs og hvernig hann gengur frá ökutæki að akstri loknum,
4. fylgjast með hvernig umsækjandi notar stjórnæki og öryggisbúnað,
5. í tæka tíð gefa umsækjanda skýrar ábendingar og fyrirmæli svo hann hafi ráðrúm til að fara eftir þeim,
6. ekki skipta sér af akstri umsækjanda nema hætta sé á ferðum.

Prófdómari má ekki gefa umsækjanda fyrirmæli sem leiða kunna til brots á umferðarreglum.

Við mat á villum í prófi í aksturshæfni skal prófdómari nota viðmiðunarkvarða sem [Samgöngustofa]⁵⁸ setur þar sem lýst er villum og vægi þeirra.

⁵⁸ Rg. 1198/2013, 1. gr.

V. KAFLI - Útgáfa ökuskírteinis.

19. gr. - Almenn.

Sýslumaður annast endanlega könnun á því hvort skilyrðum til útgáfu ökuskírteinis er fullnægt og kveður nánar á um útgáfu þess.

Endurnýja má ökuskírteini að loknum gildistíma þess enda fullnægi umsækjandi enn skilyrðum til að fá ökuskírteini útgefið. Sá sem sækir um endurnýjun ökuskírteinis, þegar liðin eru meira en tvö ár frá því að gildistími ökuskírteinisins rann út, skal þreyta próf í aksturshæfni skv. 15. gr.

[Sá skal hafa sótt endurmenntunarnámskeið sem sækir um endurnýjun ökuskírteinis fyrir D1- og D-flokk til farþegaflutninga í atvinnuskyni og fyrir C1- og C-flokk til vöruflutninga í atvinnuskyni. Hafi umsækjandi ekki sótt endurmenntunarnámskeið, má endurnýja ökuskírteini hans án réttinda til aksturs í atvinnuskyni.]⁵⁹

Á bakhlíð ökuskírteinis skal í 10. dálk skrá hvenær gildistími í réttindaflokki hefst og í 11. dálk dagsetningu hvenær gildistíma lýkur. Sjá nánar I. viðauka.

20. gr. - Fullnaðarskírteini í stað bráðabirgðaskírteinis.

Þeim sem sækir um ökuskírteini í fyrsta sinn (byrjandi) fyrir A1-, A2-, A- eða B-flokk, skal, að fullnægðum settum skilyrðum, veitt bráðabirgðaskírteini til þriggja ára.

Veita má umsækjanda fullnaðarskírteini hafi hann:

1. haft bráðabirgðaskírteini samfelld í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu staðfestingu ökukennara [um fullnægjandi árangur. Í fullnægjandi árangri felst að umsækjandi hafi ekki sýnt af sér vítaverðan akstur meðan á akstursmati stendur,]⁶⁰
2. ekki á síðustu 12 mánuðum fengið punkt í punktakerfi vegna umferðarlagabrots eða á sama tíma verið án ökuréttinda vegna akstursbanns eða sviptingar.

[Uppfylli byrjandi ekki skilyrði 1. og 2. töluliðar 2. mgr., má endurnýja bráðabirgðaskírteini að loknum gildistíma þess.]⁶¹

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir BE-, C1-, C-, D1- og D-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk.

21. gr. - Takmörkun ökuréttinda.

Gefa má út ökuskírteini til styttri tíma en gildir skv. 22. gr. Einnig má takmarka ökuréttindi við ökutæki af sérstakri gerð eða með sérstökum búnaði, ef nauðsyn krefur, fyrir líkamlega fatlaðan umsækjanda eða ökumann, sbr. lið 8.1. í III. viðauka, eða takmarka útgáfuna með öðrum hætti til að auka öryggi í akstri. Takmörkun skal færa á ökuskírteini sem tákntölu skv. I. viðauka.

22. gr. - Gildistími ökuskírteinis.

Gildistími ökuskírteinis skal ákveðinn frá útgáfudegi þess.

Gildistími bráðabirgðaskírteinis er þrjú ár fyrir A1-, A2-, A- og B-flokk.

[Gildistími fullnaðarskírteinis fyrir sömu flokka er fimmtán ár, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs, utan ökuskírteinis til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk, sbr. 1. tölulið 5. mgr.]⁶². Þó er gildistími fullnaðarskírteinis fyrir umsækjanda sem orðinn er:

1. [65 ára, en ekki orðinn 70 ára, fimm ár,]⁶³
2. 70 ára fjögur ár,
3. 71 árs þrjú ár,
4. 72 ára tvö ár,

⁵⁹ Rg. 628/2015, 4. gr.

⁶⁰ Rg. 380/2020, 8. gr. a.

⁶¹ Rg. 380/2020, 8. gr. b.

⁶² Rg. 27/2013, 2. gr.

⁶³ Rg. 628/2015, 5. gr.

5. 80 ára eða eldri eitt ár.

Ökuskírteini fyrir AM- og T-flokk skal gefa út til sama tíma og fyrir A1-, A2-, A- og B-flokk. Gildistími ökuskírteinis er fimm ár fyrir:

1. farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk,
2. C1- og C-flokk, þar með talið til vöruflutninga í atvinnuskyni,
3. D1- og D-flokk, þar með talið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
4. réttindi til aksturs í atvinnuskyni sem fylgdu eldri ökuréttindum, sbr. 7. gr., en þó fyrir umsækjanda sem orðinn er:
 1. 70 ára fjögur ár,
 2. 71 árs þrjú ár,
 3. 72 ára tvö ár,
 4. 80 ára eða eldri eitt ár.

23. gr. - Samrit ökuskírteinis.

Sé ökuskírteini glatað, skemmt eða svo slitið að áritun, númer, stimpilmerki, ljósmynd og þess háttar verður ekki sannreynt þegar í stað, skal sækja um samrit skírteinisins ef ætlunin er að nota það áfram.

Skemmt ökuskírteini skal afhent sýslumanni. Hafi ökuskírteini glatast, skal umsækjandi undirrita yfirlýsingu um það. Finnist hið glataða ökuskírteini, skal það þegar afhent sýslumanni.

Sá sem hefur fasta búsetu hér á landi og hefur ökuskírteini, sem gefið er út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Færeyjum, getur fengið útgefið samrit samkvæmt ákvæðum þessum.

24. gr. - Alþjóðlegt ökuskírteini.

Sýslumaður og Félag íslenskra bifreiðaeigenda mega gefa út alþjóðlegt ökuskírteini.

Alþjóðlegt ökuskírteini má gefa út til þess sem hefur gilt íslenskt ökuskírteini og er orðinn 18 ára. Skírteinið gildir í ár frá útgáfudegi þess og tekur einungis til ökutækja sem hlutaðeigandi hefur rétt til að stjórna samkvæmt hinu íslenska ökuskírteini.

Skírteinið veitir þó ekki rétt til að stjórna ökutæki hér á landi.

25. gr. - Akstursheimild til bráðabirgða.

Sýslumaður getur veitt þeim akstursheimild til bráðabirgða sem hefur íslenskt ökuskírteini og þeim sem hefur ökuskírteini sem gefið er út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Færeyjum og hefur fasta búsetu hér á landi.

Akstursheimild til bráðabirgða má einnig veita þeim sem ekki hefur fasta búsetu hér á landi og hefur ekki undir höndum tilskilið ökuskírteini, sbr. 29. gr., til að mega stjórna vélknúnu ökutæki hér á landi. Akstursheimild má þá m.a. binda því skilyrði að umsækjandi þreyti próf í aksturshæfni skv. 15. gr.

Akstursheimild má veita við þær aðstæður að umsækjandi:

1. uppfylli skilyrði til að fá ökuskírteini en það hefur ekki verið gefið út og afhent honum,
2. hafi glatað ökuskírteini sínu, sbr. 23. gr., og þurfi að stjórna ökutæki,
3. hafi gleymt ökuskírteini sínu á stað þangað sem ekki verður með sanngirni krafist að hann sæki það,
4. hafi aðrar sérstakar ástæður sem sýslumaður metur gildar.

Akstursheimild til bráðabirgða skal rituð á eyðublað sem ríkislögreglustjórinn lætur í té. Hún skal vera tímabundin og að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en eins mánaðar. Ökumaður skal við akstur hafa akstursheimild meðferðis og einnig viðurkennd persónuskilríki með ljósmynd af sér.

VI. KAFLI - Afturköllun ökuréttinda – Útgáfa ökuskríteinis eftir afturköllun ökuréttinda eða sviptingu ökuréttar.

26. gr. - Afturköllun ökuréttinda af heilbrigðisástæðum.

[Hafi lögregla sérstaka ástæðu til að ætla að skírteinishafi fullnægi ekki lengur skilyrðum varðandi heilbrigði eiga ákvæði 2.-3. mgr. 63. gr. umferðarlaga við. Að fenginni niðurstöðu athugunar skal tekin ákvörðun um hvort afturkalla skuli ökuréttindi skv. 4. mgr. 63. gr. umferðarlaga. Sama gildir ef skírteinishafi neitar að taka þátt í slíkri athugun.]⁶⁴

Ákveði sýslumaður eftir að athugun hefur farið fram að ökuréttindin skuli takmörkuð, skal nýtt ökuskríteini gefið út.

Byggist ákvörðun um afturköllun á því að skírteinishafi sé háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljógvandi eða örvandi efna eða sé óreglusamur, má hlutaðeigandi bera ákvörðunina undir dómstóla eftir reglum 68. gr. a. almennra hegningarlaga, krefjist skírteinishafi þess.

[26. gr. a. – Trúnaðarlæknir Samgöngustofu.

Trúnaðarlæknir Samgöngustofu skal hafa almennt lækningaleyfi og víðtæka þekkingu og reynslu í læknisfræði, t.d. í heimilislækningum, öldrunarlækningum eða almennum lyflækningum.

Þá skal trúnaðarlæknir Samgöngustofu hafa aðgang að fullnægjandi aðstöðu til að framkvæma matið.

Hver sá sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. getur gegnt starfi trúnaðarlæknis.

Framkvæmd mats á aksturshæfni skal taka mið af III. viðauka um lágmarkskröfur um andlega og líkamlega hæfni til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Heimilt er að takmarka afturköllun ökuréttinda ef ökumaður telst að mati trúnaðarlæknis uppfylla kröfur til að aka á ákveðnum tíma dags eða innan ákveðinnar fjarlægðar frá heimili.

Gjald vegna starfs trúnaðarlæknis Samgöngustofu miðast við tímagjald viðkomandi trúnaðarlæknis og skal endurspeglja raunkostnað vegna mats á aksturshæfni.

Ef ágreiningur er uppi um hæfi trúnaðarlæknis sker Samgöngustofa úr um hæfi að höfðu samráði við landlækni.]⁶⁵

27. gr. - Afturköllun ökuréttinda vegna skorts á aksturshæfni.

[Leiki vafi á því hvort aksturshæfni skírteinishafa sé fullnægjandi, má ákveða að skírteinishafi þreyti próf í aksturshæfni skv. 15. gr., eftir því sem lögregla ákveður, fyrir B-flokk eða tiltekinn réttindaflokk eða –flokka sem skírteinishafi hefur. Neiti skírteinishafi að þreyta próf má afturkalla ökuréttindi hans. Sama gildir standist skírteinishafi ekki próf.]⁶⁶

Ef ökuréttindin eru afturkölluð, þarf viðkomandi að þreyta bóklegt próf fyrir B-flokk og jafnframt verklegt próf fyrir hvern ökuréttindaflokk sem umsóknin varðar til þess að öðlast ökuréttindi á ný.

28. gr. - Útgáfa ökuskríteinis eftir afturköllun ökuréttinda eða sviptingu ökuréttar.

Ákvæði 3. gr. gilda eftir því sem við á um útgáfu ökuskríteinis eftir afturköllun eða sviptingu ökuréttinda.

Hafi ökuréttindi verið afturkölluð:

1. af heilbrigðisástæðum,
2. vegna notkunar ávana- eða fíkniefna eða annarra sljógvandi eða örvandi efna,
3. vegna óreglu,

gildir 4. gr. þegar kannað er hvort umsækjandi uppfylli heilbrigðisskilyrði til að öðlast ökuréttindi á ný.

⁶⁴ Rg. 380/2020, 9. gr.

⁶⁵ Rg. 380/2020, 10. gr.

⁶⁶ Rg. 380/2020, 11. gr.

[Hafi ökuréttindi verið afturkölluð með akstursbanni skv. 106. gr. umferðarlaga, skal umsækjandi um ökuskírteini sækja nám skv. 13. gr. Sama gildir um byrjanda sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini og sviptur hefur verið ökurétti skv. 7. mgr. 63. gr. umferðarlaga og handhafa fullnaðarskírteinis sem sviptur hefur verið ökurétti skv. 6. mgr. 63. gr. umferðarlaga.]⁶⁷

Umsækjandi um ökuskírteini skal áður en ökuskírteini er gefið út, þreyta bóklegt próf fyrir B-flokk og jafnframt verklegt próf fyrir hvern ökuréttindaflokk sem umsóknin varðar þegar:

1. afturköllun ökuréttinda hefur varað í þrjú ár eða lengur vegna upplýsinga um heilbrigði eða vegna notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi eða örvandi efna eða vegna ónógrar reglusemi,
2. [ökuréttindi hafa verið afturkölluð skv. 27. gr. vegna þess að skírteinishafa skortir næga aksturshæfni,]⁶⁸
3. [lögregla]⁶⁹ hefur afturkallað ökuréttindi byrjanda með akstursbanni,
4. [byrjandi, sem hefur fengið bráðabirgðaskírteini, hefur verið sviptur ökurétti,]⁷⁰
5. ökumaður hefur verið sviptur ökurétti í meira en ár.
6. [ökumaður hefur verið sviptur ökuréttindum í annað sinn vegna aksturs undir áhrifum áfengis eða vímuefna,
7. ökumaður hefur verið sviptur ökuréttindum vegna tiltekins fjölda punkta samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota.]⁷¹

[Sá sem ekur ökutæki án þess að hafa fengið til þess réttindi skal missa réttinn til að öðlast ökuskírteini í fjóra mánuði. Hafi viðkomandi ekki náð tilskildum aldri þegar brotið var framið skal miða réttindamissinn við þann dag er hann nær tilskildum aldri, en að öðrum kosti gilda almennar reglur um upphaf réttindamissis. Framlengja skal réttindamissinn til að öðlast ökuskírteini um fjóra mánuði fyrir hvert skipti sem ekið er án ökuréttinda.]⁷²

⁶⁷ Rg. 380/2020, 12. gr. a.

⁶⁸ Rg. 380/2020, 12. gr. b.

⁶⁹ Rg. 380/2020, 12. gr. c.

⁷⁰ Rg. 380/2020, 12. gr. d.

⁷¹ Rg. 380/2020, 12. gr. e.

⁷² Rg. 380/2020, 12. gr. f.

VII. KAFLI - Erlend ökuskráteini.

29. gr. - Gildi erlends ökuskráteinis hér á landi.

Ökuskráteini sem gefið er út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í Færeyjum veitir handhafanum rétt til að stjórna sömu ökutækjum hér á landi fyrir AM-, A1-, A2-, A- og B-flokk og það heimilar að stjórna í útgáfulandinu á gildistíma þess, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs handhafans. [...] ⁷³

[Ökuskráteini sem gefið er út í ríki sem er ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, svo og ökuskráteini sem gefið er út á grundvelli slíks ökuskráteinis, veitir handhafanum rétt til að stjórna sömu ökutækjum hér á landi og það heimilar að stjórna í útgáfulandinu í allt að einn mánuð eftir að skilyrðum um fasta búsetu er fullnægt, sbr. þó 3. og 4. mgr.] ⁷⁴

Erlent ökuskráteini veitir ekki rétt til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni. Það á þó ekki við um rétthafa gilds ökuskráteinis sem gefið hefur verið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í ríki sem samkvæmt samningi við ESB hefur innleitt ákvæði tilskipunar nr. 2006/126/EB og nr. 2003/59/EB. Veiti erlenda ökuskráteinið hins vegar rétt til að stjórna ökutæki í:

1. C1- og C-flokki, þar með talið til vöruflutninga í atvinnuskyni,
2. D1- og D-flokki, þar með talið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,

með annan gildistíma en kveðið er á um í 22. gr. fyrir þá flokka, skal skráteinið endurnýjað eigi síðar en tveimur árum eftir þann dag þá er handhafi þess tók sér fasta búsetu hér.

Ökuskráteini, gefið út í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, veitir ekki heimild til að stjórna vélknúnu ökutæki nema skráteinishafi uppfylli aldursákvæði 6. gr. að því er varðar ökutækið sem ekið er.

Í stað ökuskráteinis gildir akstursheimild til bráðabirgða eða ökuskráteini fyrir ferðamenn, gefin út í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Ökuskráteini, gefið út utan Evrópska efnahagssvæðisins, þarf að vera með latneskum bókstöfum eða skráteininu þarf að fylgja þýðing texta þess á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

Með ökuskráteini í þessari grein er einnig, eftir því sem við á, átt við erlent alþjóðlegt ökuskráteini.

Erlendur ríkisborgari, sem hefur erlent ökuskráteini og nýtur úrlendisréttar, má stjórna ökutæki hér á landi að því leyti sem ökuskráteinið veitir rétt til.

30. gr. - Afturköllun ökuréttinda samkvæmt erlendu ökuskráteini.

Ökuréttindi samkvæmt erlendu ökuskráteini má afturkalla eftir sömu reglum og gilda um íslensk ökuskráteini.

31. gr. - Útgáfa íslensks ökuskráteinis í stað samsvarandi erlends ökuskráteinis.

Umsókn um íslenskt ökuskráteini, sem koma skal í stað erlends ökuskráteinis, má afhenda sýslumanni óháð því hvar umsækjandi hefur búsetu.

[...] ⁷⁵

Nú hefur ökuskráteini verið gefið út í ríki sem er ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í ríki sem ekki hefur gert samning við Evrópusambandið um að innleiða ákvæði tilskipunar nr. 2003/59/EB um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til farþega- eða vöruflutninga í atvinnuskyni, eða útgáfan er byggð á slíku skráteini. Má þá ekki gefa út ökuskráteini til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni skv. hinu erlenda ökuskráteini.

Gefa má út íslenskt ökuskráteini í stað samsvarandi erlends ökuskráteinis í samræmi við ákvæði V. kafla, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Umsókn skal fylgja:

1. ljósmynd af umsækjanda, sbr. a-lið 1. töluliðar 2. mgr. 3. gr.,
2. hið erlenda ökuskráteini,

⁷³ Rg. 380/2020, 13. gr.

⁷⁴ Rg. 199/2012, 5. gr.

⁷⁵ Rg. 199/2012, 6. gr.

3. heilbrigðisyfirlýsing eða læknisvottorð, sbr. b-lið 1. töluliðar 2. mgr. 3. gr., ef erlenda ökuskírteinið er hvorki gefið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu né í Færeyjum,
4. skrifleg yfirlýsing um að umsækjandi hafi fasta búsetu hér á landi eða fullnægi að öðru leyti skilyrðum um búsetu, sbr. ákvæði c-liðar 1. töluliðar 2. mgr. 3. gr.,
5. skrifleg yfirlýsing um að umsækjandi hafi ekki þegar umsókn er lögð fram:
 - a. undir höndum ökuskírteini gefið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu,
 - b. sætt takmörkun, annarri en skv. 21. gr., sviptingu eða afturköllun ökuréttinda í ríki, sbr. a-lið.

Nú er íslenskt ökuskírteini gefið út í stað erlends ökuskírteinis sem gefið var út í ríki sem ekki er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Skal þá á íslenska ökuskírteinið ritað nafn þess ríkis. Sama gildir við síðari endurnýjun eða skipti á ökuskírteininu.

Þegar íslenskt ökuskírteini er gefið er út í stað erlends ökuskírteinis sem gefið er út í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, skal erlenda skírteinið endursent útgefanda þess ásamt upplýsingum um að íslenskt skírteini hafi verið gefið út.

Séu liðin meira en tvö ár frá því að ökuskírteini féll úr gildi, sem gefið er út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, má gefa út íslenskt ökuskírteini í stað þess, þreyti umsækjandi próf í aksturshæfni skv. 15. gr.

Þegar íslenskt ökuskírteini er gefið út í stað erlends ökuskírteinis, sem gefið er út í ríki sem ekki er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, þarf umsækjandi að þreyta bóklegt próf fyrir B-flokk og jafnframt verklegt próf fyrir hvern ökuréttindaflokk sem umsóknin varðar. Nú óskar slíkt ríki eftir heimild til þess að gefa megi út ökuskírteini án prófs. Skal [Samgöngustofa]⁷⁶ þá meta hvort skilyrði eru til þess. Við matið þurfa að liggja fyrir nauðsynleg gögn frá stjórnvaldi viðkomandi ríkis varðandi kröfur til ökunáms og ökuþrófs. Skal miða við að kröfur til útgáfu ökuskírteinis í hlutaðeigandi ríki séu ekki vægari en kröfur hér á landi og að umferðaraðstæður í ríkinu réttlæti að öðru leyti slíka ákvörðun.

Ef skilyrðin eru uppfyllt, skal heiti viðkomandi ríkis og dagsetningin, þá er mat [Samgöngustofu]⁷⁷ lá fyrir, koma fram í töflu hér að neðan því til staðfestingar.

Nafn ríkis	Dagsetning
Japan	26.06.2008

Sýslumaður getur krafist þess að umsækjandi þreyti bóklegt próf fyrir B-flokk og jafnframt verklegt próf fyrir hvern ökuréttindaflokk sem umsóknin varðar skv. 16. gr.:

1. hafi umsækjandi ekki staðist ökuþróf hér á landi,
2. hafi ökuréttindi hans verið afturkölluð,
3. hafi hann verið sviptur ökurétti.

Nú hefur sá fengið útgefið erlent ökuskírteini í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyja sem hefur fasta búsetu hér á landi og dvalið hefur erlendis skemur en í 6 mánuði. Getur hann þá ekki fengið því skipt fyrir íslenskt ökuskírteini.

⁷⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁷⁷ Rg. 1198/2013, 1. gr.

VIII. KAFLI – [Starfsleyfi]⁷⁸ ökukennara.

32. gr. – [Starfsleyfi]⁷⁹.

Sýslumaður [gefur út starfsleyfi]⁸⁰ ökukennara fyrir einn eða fleiri ökuréttindaflokka að uppfylltum skilyrðum og að fenginni umsögn [Samgöngustofu]⁸¹. [Starfsleyfi]⁸² gildir í 5 ár en þó ekki lengur en ökukennari hefur ökuréttindi.

Umsókn um [starfsleyfi]⁸³ skal að jafnaði lögð fram í því umdæmi þar sem umsækjandi býr.

33. gr. - Skilyrði [starfsleyfis]⁸⁴.

Veita má þeim [starfsleyfi]⁸⁵ sem:

1. er orðinn 21 árs,
2. hefur ekið bifreið að staðaldri síðustu þrjú árin,
3. hefur staðist próf fyrir ökukennara að afloknu ökukennaranámi.

Umsókn um [starfsleyfi]⁸⁶ skal fylgja prófskírteini, sbr. 36. gr.

Heimilt er að synja um [starfsleyfi]⁸⁷, eigi ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga við. [Enn fremur er heimilt að synja þeim um starfsleyfi sem hlotið hefur dóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.]⁸⁸ Synjun skal, krefjist ökukennari þess, borin undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. almennra hegningarlaga.

34. gr. – [Starfsleyfis]flokkar.⁸⁹

[Starfsleyfis]flokkar⁹⁰ ökukennara eru þrír:

1. B- [BE-]⁹¹ og T-flokkur,
2. AM-, A1-, A2- og A-flokkur,
3. eftirtaldir flokkar:
 - a. farþegaflutningar í atvinnuskyni fyrir B-flokk,
 - b. C1- og C-flokkur, þar með talið til vöruflutninga í atvinnuskyni,
 - c. D1- og D-flokkur, þar með talið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
 - d. [...] ⁹² C1E-, CE-, D1E- og DE-flokkur.

Ökukennari skal hafa [starfsleyfi]⁹³ fyrir B-flokk til að geta fengið [starfsleyfi]⁹⁴ fyrir réttindaflokka skv. 2. og 3. tölulið og skal auk þess hafa a.m.k. þrjú ára reynslu af akstri bifreiðar/bifhjóls í þeim flokkum.

⁷⁸ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁷⁹ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁸⁰ Rg. 380/2020, 14. gr.

⁸¹ Rg. 1198/2013, 1. gr.

⁸² Rg. 380/2020, 1. gr.

⁸³ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁸⁴ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁸⁵ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁸⁶ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁸⁷ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁸⁸ Rg. 380/2020, 15. gr.

⁸⁹ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁹⁰ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁹¹ Rg. 344/2017, 4. gr., a.

⁹² Rg. 344/2017, 4. gr., b.

⁹³ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁹⁴ Rg. 380/2020, 1. gr.

35. gr. - Endurnýjun [starfsleyfis].⁹⁵

Endurnýja má [starfsleyfi]⁹⁶ fyrir ökukennara að loknum gildistíma hennar:

1. [fullnægi ökukennarinn enn skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. 33. gr. til útgáfu [starfsleyfis]⁹⁷,]⁹⁸
2. hafi hann á [starfsleyfis]tímabilinu⁹⁹ sótt endurmenntunarnámskeið skv. 36. gr. [...] ¹⁰⁰.

[Ef meira en ár er liðið frá því að starfsleyfi féll úr gildi skal ökukennari þreyta próf í ökukennslu í bifreið og skal prófið fara fram á vegum skóla, sbr. 36. gr., áður en starfsleyfi er endurnýjað.]¹⁰¹ Séu liðin meira en 5 ár frá því [starfsleyfi]¹⁰² féll úr gildi, skal ökukennari auk þess standast skriflegt próf þar sem hann sannar þekkingu sína á reglum, skipulagi ökunáms og góðum starfsvenjum er tengjast ökukennslu og ökuþrófum. Prófið fer fram á vegum skóla, sbr. 36. gr.

Umsókn um endurnýjun [starfsleyfis]¹⁰³ skal fylgja:

1. [staðfesting þess að ökukennari hafi á síðustu 5 árum sótt endurmenntunarnámskeið skv. 36. gr.]¹⁰⁴ [og eftir atvikum staðfesting um bóklegt og verklegt próf skv. 2. mgr.]¹⁰⁵

36. gr. - Ökukennaranám.

[Samgöngustofa]¹⁰⁶ skal gera samning við skóla á háskólastigi til fimm ára í senn um að þar fari fram ökukennaranám. Í samningi skal kveðið á um tilhögun námsins og hve oft námskeið skuli haldið fyrir tiltekna [starfsleyfis]flokka¹⁰⁷ og að námið skuli fara fram samkvæmt námskrá sem [Samgöngustofa]¹⁰⁸ setur og ráðherra staðfestir.

Í samningi skal einnig kveðið á um reglulega endurmenntun ökukennara á námskeiði þar sem [fjöldi kennslustunda skal vera a.m.k. 16.]¹⁰⁹

Ökukennaranámi skal ljúka með prófi, bóklegu og verklegu, sem skiptist þannig:

1. bóklegt próf:
 - a. próf í kennslufræði og sálfræði,
 - b. próf þar sem könnuð er þekking á umferðarlöggjöf og á ökutæki og meðferð þess,
 - c. próf í bóklegri ökukennslu,
2. verklegt próf:
 - a. próf í verklegri ökukennslu,
 - b. próf í aksturshæfni.

Áður en verklegt próf fer fram, skal sýslumaður kanna hvort skilyrðum 1. til 3. töluliðar 1. mgr. 33. gr. er fullnægt. Standist umsækjandi prófið, skal viðkomandi skóli gefa út prófskrírteini og senda sýslumanni afrit þess.

37. gr. - Undanþága frá námi og prófi – Réttindi í öðru EES-ríki.

Nú sækir sá um [starfsleyfi]¹¹⁰ ökukennara hér á landi sem hefur fengið viðurkenningu til að starfa sem ökukennari í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Skulu þá fylgja umsókn fullnægjandi gögn um viðurkenninguna.

⁹⁵ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁹⁶ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁹⁷ Rg. 380/2020, 1. gr.

⁹⁸ Rg. 199/2012, 7. gr.

⁹⁹ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁰⁰ Rg. 380/2020, 16. gr. a.

¹⁰¹ Rg. 380/2020, 16. gr. b.

¹⁰² Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁰³ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁰⁴ Rg. 380/2020, 16. gr. c.

¹⁰⁵ Rg. 380/2020, 16. gr. d.

¹⁰⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹⁰⁷ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁰⁸ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹⁰⁹ Rg. 380/2020, 17. gr.

¹¹⁰ Rg. 380/2020, 1. gr.

Sýslumaður metur hvort taka skuli viðurkenninguna gilda og í því sambandi:

1. hvort umsækjandi skuli undanþeginn námi og prófi skv. 3. tölulið 1. mgr. 33. gr. að hluta eða að öllu leyti,
2. hvort skilyrðum til útgáfu [starfsleyfis]¹¹¹ sé fullnægt að öðru leyti.

38. gr. - Könnun á hæfni og þekkingu – Próf.

Sýslumaður getur ákveðið að ökukennari þreyti próf, eftir atvikum öll próf eða tiltekin próf, skv. 1. og 2. tölulið 3. mgr. 36. gr. enda þyki ástæða til að ætla að ökukennarinn fullnægi ekki lengur kröfum um þekkingu og hæfni til að öðlast [starfsleyfi].¹¹²

39. gr. - Afturköllun [starfsleyfis].¹¹³

Sýslumaður getur afturkallað [starfsleyfi]¹¹⁴ hafi ökukennari:

1. ekki staðist próf skv. 36. gr. sem ákveðið er skv. 38. gr.,
2. verið staðinn að háttsemi sem ekki samrýmist starfi hans eða hann að öðru leyti fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast [starfsleyfi]¹¹⁵ sem ökukennari,
3. verulega brotið gegn eða vikið frá gildandi reglum um ökukennslu eða hann sem forstöðumaður ökuskóla borið ábyrgð á að slíkt hafi átt sér stað við skólann,
4. verið fundinn sekur um brot gegn ákvæðum umferðarlaga, almennra hegningarlaga eða annarra laga þannig að varðað geti afturköllun [starfsleyfis].¹¹⁶

¹¹¹ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹¹² Rg. 380/2020, 1. gr.

¹¹³ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹¹⁴ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹¹⁵ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹¹⁶ Rg. 380/2020, 1. gr.

IX. KAFLI - Starfsleyfi ökuskóla – Viðurkenning ökugerðis.

40. gr. - Starfsleyfi ökuskóla.

[Samgöngustofa]¹¹⁷ gefur út starfsleyfi fyrir ökuskóla:

1. til að halda námskeið, sem er liður í bóklegu ökunámi skv. III. kafla, fyrir:
 - a. [B-, BE- og T-flokk]¹¹⁸,
 - b. AM-, A1-, A2- og A-flokk,
 - c. fyrir eftirtalda flokka:
 - i. farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk,
 - ii. C1- og C-flokk, þar með talið til vöruflutninga í atvinnuskyni,
 - iii. D1- og D-flokk, þar með talið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
 - iv. [C1E-, CE-, D1E- og DE-flokk.]¹¹⁹
2. til að halda námskeið skv. 13. gr.,
3. til að halda námskeið skv. 14. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal leggja fram á eyðublaði sem [Samgöngustofa]¹²⁰ lætur í té.

Skilyrði starfsleyfis:

1. Faglegur stjórnandi ökuskóla skal vera löggiltur ökukennari.
2. Ökuskóli skal hafa aðgang að kennslufræðilegri ráðgjöf og skal ráðgjafi hafa kennslufræðilega menntun, vera ökukennari með nám frá skóla á háskólastigi, sbr. 36. gr. eða ökukennari sem hefur lokið sérstöku námskeiði um kennslufræði, hópkenntu og nýsitækni.
3. Ökuskóli skal leggja fram kennsluskrá og annast innra mat á gæðum kennslu sbr. IX. viðauka. Kennsluskrá skal endurskoða árlega og senda [Samgöngustofu]¹²¹ fyrir 1. mars ár hvert.
4. Ökuskólinn skal hafa aðgang að ökutæki sem skráð er til kennslu.
5. Ökuskóli skal hafa húsnæði þar sem er aðstaða til bóklegar kennslu og eftir því við á, verklegrar kennslu.
6. Ökuskóli skal vera skráður í fyrirtækjaskrá.

Fari fram fjarnám á vegum ökuskóla þarf skólinn að hafa yfir að ráða fjarkennslukerfi sem [Samgöngustofa]¹²² viðurkennir.

Heimila má að ökuskóli haldi námskeið í öðru húsnæði en því sem tilgreint er í starfsleyfi.

41. gr. - Skyldur ökuskóla.

Faglegur stjórnandi ber ábyrgð á að nám og kennsla fari fram í samræmi við námskrá og aðrar reglur. Tilkynna skal [Samgöngustofu]¹²³ ef nýr faglegur stjórnandi tekur til starfa.

Kennari í ökuskóla skal hafa [starfsleyfi]¹²⁴ sem ökukennari eða hafa kennaramenntun. Þó má fela sérhæfðum leiðbeinanda kennslu einstakra námsgreina.

Ökuskóli skal:

1. kynna nemendum, áður en nám hefst, skipulag námsins skv. kennsluskrá og kostnað við námið,
2. varðveita í þrjú ár:
 - a. skrá um námskeið og nemendur og skrá um viðveru nemenda,
 - b. úrlausnir prófa,
3. senda [Samgöngustofu]¹²⁵ kennsluáætlun og stundaskrá a.m.k. viku áður en nám hefst,
4. tilkynna [Samgöngustofu]¹²⁶ um veigamiklar breytingar á kennslutilhögun a.m.k. viku áður en nám hefst,

¹¹⁷ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹¹⁸ Rg. 344/2017, 5. gr., a.

¹¹⁹ Rg. 344/2017, 5. gr., b.

¹²⁰ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹²¹ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹²² Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹²³ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹²⁴ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹²⁵ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹²⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

5. senda [Samgöngustofu]¹²⁷ árlega skýrslu um skipulag og starfsemi skóla þar sem fram koma m.a. upplýsingar um fjölda nemenda, nýmæli í starfseminni og frávik frá kennsluskrá á eyðublaði sem [Samgöngustofa]¹²⁸ lætur í té.

42. gr. - Afturköllun starfsleyfis ökuskóla.

[Samgöngustofa]¹²⁹ getur afturkallað starfsleyfi ökuskóla ef skilyrði leyfisveitingar eru ekki lengur fyrir hendi eða ökuskóli fer ekki eftir reglum um starfsemi ökuskóla.

43. gr. - Viðurkenning ökugerðis – Afturköllun viðurkenningar ökugerðis.

[Samgöngustofa]¹³⁰ viðurkennir ökugerði. Beiðni um viðurkenningu skulu fylgja upplýsingar um staðsetningu ökugerðis og um ábyrgðarmann reksturs þess. Einnig skulu fylgja gögn um skipulag ökugerðisins.

Kennsluáætlun, sem er í samræmi við námskrá, skal liggja fyrir.

Með beiðni um viðurkenningu á ökugerði með sérstökum brautum, sbr. 2. tölulið VI. viðauka, skulu fylgja upprættir og upplýsingar um gerð og fjölda brauta og önnur mannvirki, allt að fengnu samþykki byggingaryfirvalda.

Með beiðni um viðurkenningu á rekstri ökugerðis með skrikvagni skulu fylgja upprættir sem sýni hvernig æfingum í samræmi við námskrá er komið fyrir með öruggum hætti.

[Samgöngustofa]¹³¹ getur afturkallað viðurkenningu ökugerðis ef talið er að skilyrði hennar séu ekki lengur fyrir hendi eða ekki hafi verið farið eftir reglum um starfsemi ökugerðis.

¹²⁷ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹²⁸ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹²⁹ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹³⁰ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹³¹ Rg. 1198/2013, 1. gr.

X. KAFLI - Viðurkenning prófdómara.

44. gr. - Viðurkenning.

[Samgöngustofa]¹³² viðurkennir prófdómara til að dæma:

1. verklegt próf í B-flokki,
2. verklegt próf í öðrum flokkum en B-flokki,
3. bóklegt próf í öllum flokkum.

45. gr. - Skilyrði viðurkenningar.

1. Verklegt próf í B-flokki.

Sá uppfyllir skilyrði viðurkenningar sem:

- a. er orðinn er 24 ára,
- b. fullnægir kröfum um andlegt og líkamlegt heilbrigði sem gerðar eru til ökumanna í hópi tvö, sbr. III. viðauka,
- c. hefur haft gilt ökuskírteini fyrir B-flokk, a.m.k. næstliðin fimm ár og hefur ekið bifreið að staðaldri á þeim tíma,
- d. ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga ekki við um,
- e. hefur lokið a.m.k. fjögurra ára námi að loknum grunnskóla og hlotið menntun með áherslu á kennslu- og uppeldisfræði,
- f. hefur lokið námi og prófi sem fram fer á vegum [Samgöngustofu]¹³³ í samræmi við námskrá fyrir prófdómara með fullnægjandi árangri. Námið skal vera bóklegt og verklegt og ljúka með bóklegu og verklegu prófi. Námið skal fara fram í samræmi við námskrá um þjálfun prófdómara sem [Samgöngustofa]¹³⁴ setur og ráðherra staðfestir.

2. Verklegt próf í öðrum flokki en B-flokki.

Sá uppfyllir skilyrði viðurkenningar:

- a. sem hefur gilt ökuskírteini fyrir viðkomandi ökuréttindaflokk,
- b. sem viðurkenndur er skv. 1. tölulið,
- c. hefur dæmt verkleg próf í B-flokki í a.m.k. þrjú ár. Stytta má tímann:
 - i. hafi prófdómari a.m.k. 5 ára reynslu af akstri ökutækis í viðkomandi flokki eða
 - ii. standist hann bóklegt og verklegt próf í þeim flokki með betri árangri en að lágmarki er krafist eða
 - iii. ljúki hann á ný þjálfun og prófi í samræmi við f-lið 1. töluliðar.

3. Bóklegt próf í öllum flokkum.

Sá uppfyllir skilyrði viðurkenningar sem fullnægir skilyrðum a-, c-, d-, e- og f-liðar 1. töluliðar.

Viðurkenning prófdómara gildir í tvö ár í senn. Endurnýja má viðurkenninguna enda fullnægi prófdómari skilyrðum b-, c- og d-liðar 1. töluliðar og kröfu um endurmenntun skv. 46. gr.

Sá sem starfar við ökukennslu, má ekki starfa sem prófdómari.

46. gr. - Endurmenntun.

Prófdómari skal sækja bóklegt nám á tveggja ára fresti í a.m.k. fjóra daga. Hann skal einnig sækja fimm daga verklegt námskeið á fimm ára fresti. Hver kennsludagur skal vera 7 stundir. Nám skal fara fram í samræmi við námskrá sem [Samgöngustofa]¹³⁵ setur og ráðherra staðfestir.

Verði meira en tveggja ára hlé á störfum prófdómara við próf í tilteknum ökuréttindaflokki, skal hann sækja nám skv. þessari grein til að mega dæma í þeim flokki.

¹³² Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹³³ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹³⁴ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹³⁵ Rg. 1198/2013, 1. gr.

47. gr. - Eftirlit – Afturköllun viðurkenningar.

[Samgöngustofa]¹³⁶ hefur eftirlit með því að próf fari fram í samræmi við reglugerð þessa og handbók ökuprófa. Skal í því sambandi vera unnt að fylgjast með prófdómara í prófi.

Árlega skal fylgst með störfum prófdómara í a.m.k. 7 prófum, einkum til að kanna hvernig einstök próf eru lögð fyrir og dæmd. Sé niðurstaðan ekki fullnægjandi skal [Samgöngustofa]¹³⁷ krefjast úrbóta. Einnig skal bera saman tölulegar upplýsingar um niðurstöðu prófa hjá hinum ýmsu prófdómurum. Sé ósamræmi, skal kanna ástæður þess og krefjast úrbóta ef þörf krefur.

Leiði eftirlit í ljós að prófdómari fylgi ekki settum reglum skv. reglugerð þessari og handbók ökuprófa, getur [Samgöngustofa]¹³⁸ afturkallað viðurkenningu hans.

¹³⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹³⁷ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹³⁸ Rg. 1198/2013, 1. gr.

XI. KAFLI - Ýmis ákvæði.

48. gr. - Eftirlit.

[Samgöngustofa]¹³⁹ skal hafa eftirlit með því að starfsemi ökukennara, ökuskóla og ökugerðis, svo og prófdómara, fari fram í samræmi við reglugerð þessa og námskrá. Skal heimsækja ökuskóla og ökugerði a.m.k. einu sinni á ári, fylgjast með kennslu og fara yfir gögn. Að heimsókn lokinni skal viðkomandi send skrifleg greinargerð um skoðunina. Skylt er að láta [Samgöngustofu]¹⁴⁰ í té upplýsingar sem óskað er eftir og varða starfsemina.

49. gr. - Gjaldskrá.

Gjald fyrir útgáfu ökuskírteinis fer eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Í gjaldskrá [Samgöngustofu]¹⁴¹ skal kveða á um gjald fyrir:

1. [starfsleyfi]¹⁴² ökukennara,
2. verklegt próf til ökukennararéttinda,
3. starfsleyfi ökuskóla,
4. bóklegt og verklegt ökupróf,
5. viðurkenningu ökugerðis,
6. viðurkenningu prófdómara.

Hafi [Samgöngustofa]¹⁴³ skv. 6. mgr. 15. gr. falið öðrum að leggja fyrir og dæma próf, gildir gjaldskrá sem viðkomandi verktaki setur að fengnu samþykki [Samgöngustofu]¹⁴⁴ um gjöld fyrir próf (bóklegt próf og verklegt próf).

50. gr. - Skrá um ökuskírteini.

Ríkislögreglustjóri skal halda skrá um útgefin ökuskírteini í samræmi við reglur sem ráðherra setur þar sem fram kemur hvaða upplýsingar skuli færðar í skrána.

51. gr. - Viðaukar.

Eftirtaldir viðaukar fylgja reglugerðinni og eru hluti hennar:

- I. ÖKUSKÍRTEINI – TÁKNTALA.
- II. LÁGMARKS PRÓFKRÖFUR.
- III. LÁGMARKSKRÖFUR UM ANDLEGA OG LÍKAMLEGA HÆFNI ÖKUMANNA TIL AÐ STJÓRNA VÉLKNÚNU ÖKUTÆKI.
- IV. ÖKUTÆKI SEM NOTUÐ ERU VIÐ KENNSLU OG VERKLEGT PRÓF.
- V. SÉRNÁM OG SÉRÞJÁLFUN – C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- OG DE-FLOKKUR.
- VI. ÖKUGERÐI.
- VII. AKSTURSMAT.
- VIII. FÖST BÚSETA.
- IX. KENNSLUSKRÁ OG INNRA MAT Á GÆÐUM KENNSLU ÖKUSKÓLA.
- X. [LÁGMARKSKRÖFUR TIL PRÓFDÓMARA VERKLEGRA ÖKUPRÓFA.]¹⁴⁵

¹³⁹ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹⁴⁰ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹⁴¹ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹⁴² Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁴³ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹⁴⁴ Rg. 1198/2013, 1. gr.

¹⁴⁵ Rg. 534/2016, 1. gr.

52. gr. - Innleiðing.

[Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2008, ásamt eftirfarandi síðari breytingum tilskipunarinnar:

- a. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/113/EB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2010.
- b. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/94/ESB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2012.
- c. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/36/ESB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012.]¹⁴⁶
- d. [Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/47/ESB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2014. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 27. febrúar 2014, bls. 315.]¹⁴⁷
- e. [Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/85/ESB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 23. apríl 2015, bls. 125.]¹⁴⁸
- f. [Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/653 frá 24. apríl 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012.]¹⁴⁹
- g. [Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1106 frá 7. júlí 2016 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2018. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 28. júní 2018, bls. 294-298.]¹⁵⁰
- h. [Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/612 frá 4. maí 2020 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2020. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7 frá 28. janúar 2021, bls. 693-695.]¹⁵¹

Með tilskipun nr. 2006/126/EB er felld úr gildi frá og með [19. janúar]¹⁵² 2013 tilskipun nr. 91/439/EBE.

Með reglugerð nr. 760/2006 um breytingu á reglugerð nr. 501/1997 var innleidd tilskipun nr. 2003/59/EB, sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2006.

[Með reglugerð þessari er innleidd reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 383/2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskírteini með geymslumiðli (örflögu) sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.

¹⁴⁶ Rg. 1198/2013, 3. gr. a.

¹⁴⁷ Rg. 1149/2014, 2. gr. a.

¹⁴⁸ Rg. 628/2015, 6. gr. a.

¹⁴⁹ Rg. 534/2016, 2. gr.

¹⁵⁰ Rg. 1184/2020, 1. gr.

¹⁵¹ Rg. 627/2021, 2. gr.

¹⁵² Rg. 27/2013, 3. gr.

144/2013, eins og hún birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 56 frá 10. október 2013, bls. 164, ásamt eftirfarandi síðari breytingum reglugerðarinnar:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 575/2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 383/2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskírteini með geymslu-miðli (örflögu) sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73 frá 4. desember 2014, bls. 571.]¹⁵³

[Með reglugerð þessari er innleidd ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/209/ESB um jafngildi milli flokka ökuskírteina sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 19. mars 2015, bls. 672.]¹⁵⁴

[Með reglugerð þessari er innleidd ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2016/1945/ESB um jafngildi milli flokka ökuskírteina sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2017. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti Stjórnartíðinda Evrópusambandsins nr. 40 frá 29. júní 2017, bls. 1-101.]¹⁵⁵

[Með reglugerð þessari er innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/698 frá 25. maí 2020 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir með tilliti til útbreiðslu COVID-19 faraldursins að því er varðar endurnýjun eða framlengingu gildistíma tiltekinna vottorða, skírteina og heimilda og frestun á tilteknu reglubundnu eftirliti og reglubundinni þjálfun á tilteknum sviðum löggjafar um flutninga, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2020 frá 18. júní 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 62 frá 24. september 2020, bls. 239-253.]¹⁵⁶

53. gr. - Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 50., 52., 54., 57. og 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993 og nr. 138 18. desember 1996, tekur þegar gildi, utan eftirgreindra ákvæða hennar:

Ákvæði þriðja og fjórða tölulíðar ökuréttindaflokka 5. mgr. 6. gr. og sömu líðir í töflu í 6. gr. svo og önnur ákvæði reglugerðarinnar að því er varðar A2-flokk, taka gildi 19. janúar 2013.

Jafnframt falla eftirgreindar reglugerðir úr gildi:

- a. Reglugerð nr. 501/1997 um ökuskírteini og reglugerðir um breytingu á henni nr. 799/1998, 376/2000, 754/2001, 249/2002, 747/2002, 4/2003, 862/2003, 1054/2004, 781/2005, 159/2006, 682/2006, 760/2006, 245/2007, 612/2007, 1280/2007, 369/2008, 612/2008, 591/2009, 118/2010, 322/2010, 670/2010 og reglugerð nr. 413/2011.
- b. Reglugerð nr. 327/1999 um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla og reglugerðir um breytingu á henni nr. 746/2002 og 989/2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 19. janúar 2013 gilda eftirfarandi ákvæði um réttindi til að stjórna bifhjóli í A-flokki eins og slíku bifhjóli er lýst í 6. gr. reglugerðar nr. 501/1997, svo og ákvæði í 15. gr. sömu reglugerðar varðandi aldursmörk:

Ökuskírteini fyrir A-flokk veitir ökuréttindi sem hér greinir:

1. Ökuskírteini fyrir A-flokk (lítið bifhjól) veitir rétt til að stjórna:
 - a. tvíhjóla bifhjóli án hliðarvagns þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer ekki yfir 0,16 kW/kg. Þá má vélarafli bifhjólsins ekki fara yfir 25 kW,
 - b. tvíhjóla bifhjóli með hliðarvagni þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer ekki yfir 0,16 kW/kg,
 - c. bifhjóli á þremur hjólum,

¹⁵³ Rg. 1149/2014, 2. gr. b.

¹⁵⁴ Rg. 625/2015, 6. gr. b.

¹⁵⁵ Rg. 767/2017, 1. gr.

¹⁵⁶ Rg. 1187/2020, 2. gr. a.

- d. léttu bifhjóli og
- e. torfærutæki.
2. Ökuskírteini fyrir A-flokk (stórt bifhjól) veitir rétt til að stjórna:
 - a. ökutæki skv. 1. lið,
 - b. tvíhjóla bifhjóli án hliðarvagns þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer yfir 0,16 kW/kg, eða vélarafli fer yfir 25 kW og
 - c. tvíhjóla bifhjóli með hliðarvagni þar sem hlutfall vélarafls og eigin þyngdar fer yfir 0,16 kW/kg.

Ökuskírteini fyrir A-flokk má veita þeim sem er fullra 17 ára. Réttur til að stjórna stóru bifhjóli samkvæmt 2. tölulið 1. mgr., er þó háður því að hlutaðeigandi:

- a. hafi a.m.k. tveggja ára reynslu sem ökumaður lítills bifhjóls á grundvelli ökuskírteinis fyrir A-flokk,
- b. án þess að hafa tveggja ára reynslu sem ökumaður lítills bifhjóls á grundvelli ökuskírteinis fyrir A-flokk, sé orðinn 21 árs og hafi síðan staðist verklegt próf á tvíhjóla bifhjóli án hliðarvagns með vélarafli a.m.k. 35 kW eða
- c. án þess að hafa áður öðlast ökuskírteini fyrir bifhjól, sé orðinn 21 árs og hafi stundað ökunám og staðist ökuþróf fyrir A-flokk þar sem verklega prófið er tekið á tvíhjóla bifhjóli án hliðarvagns með vélarafli a.m.k. 35 kW.

[Ökuskírteini fyrir A-flokk útgefið fyrir 19. janúar 2013, til þess sem hafði ekki náð 21 árs aldris við útgáfu ökuskírteinisins, veitir rétt til að stjórna bifhjóli í A-flokki tveimur árum eftir útgáfuna, sbr. 6. og 15. gr. reglugerðar nr. 501/1997.]¹⁵⁷

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. um að ökunemi hafi lokið þjálfun í ökugerði áður en hann lýkur ökuþrófi, skal ákvæði 4. mgr. 26. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997 halda gildi sínu til [1. janúar [2023]]^{158.}¹⁵⁹

[Ákvæði til bráðabirgða II.

Fram til [30. nóvember 2021]¹⁶⁰ gildir eftirfarandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 29. gr. gilda ákvæði 1. mgr. sömu greinar einnig um ökuskírteini gefin út í Bretlandi.

Þrátt fyrir ákvæði 7.-9. mgr. 31. gr. er heimilt að gefa út íslenskt ökuskírteini í stað ökuskírteinis sem gefið er út í Bretlandi, án þess að umsækjandi þreyti próf. Þá gildir ákvæði 10. mgr. sömu greinar ekki um ökuskírteini gefin út í Bretlandi.]¹⁶¹

Innanríkisráðuneytinu, 25. ágúst 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

¹⁵⁷ Rg. 27/2013, 4. gr.

¹⁵⁸ Rg. 1410/2020, 1. gr.

¹⁵⁹ Rg. 199/2012, 8. gr.

¹⁶⁰ Rg. 879/2021, 1. gr.

¹⁶¹ Rg. 235/2021, 1. gr.

I. VIÐAUKI - Ökuskírteini – tákntala.

I. KAFLI - Fyrirmynd ESB.

1. Efnislegir eiginleikar ökuskírteinis, sem er ökuskírteini að fyrirmynd ESB, skulu vera í samræmi við ISO-staðal 7810 og ISO-staðal 7816-1.

Kortið skal vera úr pólýkarbónati.

Aðferðir við að prófa eiginleika ökuskírteinanna til að staðfesta að þau uppfylli alþjóðlega staðla skulu vera í samræmi við ISO-staðal 10373.

2. Útlitstengdir öryggisþættir ökuskírteinisins.

Eftirfarandi getur ógnað öryggi ökuskírteinis:

- a. Framleiðsla falsaðra korta: að búa til nýtt kort sem líkist skjalinu mjög mikið, annaðhvort með því að búa það til frá grunni eða með því að taka afrit af upprunalega skjalinu.
- b. Grundvallarbreyting: að breyta inntaki upprunalega skjalsins, t.d. sumum þeirra upplýsinga sem eru prentaðar á skjalið.

Heildaröryggið felst í öllu kerfinu, það er umsóknarferli, yfirfærslu gagna, efninu sem kortið er úr, prenttækni sem notuð er, lágmarki hinna ýmsu öryggisþátta og tengingu skírteinisins við skírteinishafa.

- a. Efnið, sem notað er í ökuskírteini, skal varið gegn fölsun með eftirtöldum aðferðum (lögboðnir öryggisþættir):
 - i. sjálfst kortið skal vera matt í útfjólubláu ljósi (UV),
 - ii. öryggismynstur á bakgrunni, sem á að gera eftirlíkingu með skönnun, prentun eða afritun ógerlega, með því að nota regnbogaprentun með marglitum öryggisprentlitum og jákvæða og neikvæða bakgrunnsmyndurprentun; Mynstrið skal ekki vera í frumlitunum (bláu, blárauðu, gulu og svörtu), það skal innihalda flókin mynstur í a.m.k. tveimur sérstökum litum og innihalda örletur,
 - iii. þáttum sem breytast eftir birtustiginu og veita fullnægjandi vernd gegn afritun og óheimilum breytingum á ljósmyndinni,
 - iv. leysigreypingu,
 - v. á þeim hluta sem er fyrir ljósmynd skal öryggisbakgrunnur og ljósmynd skarast a.m.k. á kantinum (mynstur dofnar).
- b. Auk þess skal verjast fölsun á efninu, sem notað er í ökuskírteinið, með a.m.k. þremur eftirtalinna aðferða (fleiri öryggisþættir):
 - i. prentlit sem ræðst af sjónarhorninu*,
 - ii. prentlit sem ræðst af hitastiginu*,
 - iii. sérhönnuðum almyndum*,
 - iv. breytilegum leysimyndum,
 - v. útfjólubláum flúrljómandi prentlit, sýnilegum og gagnsæjum,
 - vi. regnbogaprentun,
 - vii. stafrænu vatnsmerki á bakgrunni,
 - viii. infrarauðu eða sjálflýsandi fastlitarefni,
 - ix. áþreifanlegum rittáknum, táknum eða mynstri*.
- c. Aðildarríkjunum er frjálst að bæta við fleiri öryggisþáttum. Fyrst og fremst skal velja aðferðirnar, sem eru merktar með stjörnu, þar eð þær gera löggæslumönnum kleift að kanna gildi kortsins án þess að nota til þess sérstakan búnað.

3. Á ökuskírteininu skulu vera tvær hliðar.

[Upplýsingar á fram- og bakhlið ökuskírteinisins skulu vera læsilegar með berum augum þar sem hæð hvers stafs er a.m.k. 5 punktar fyrir 9. til 12. lið á bakhliðinni.]¹⁶²

Á framhlið skal vera:

- a. orðið „ökuskírteini“, prentað með stóru letri á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem skírteinið er gefið út;
- b. heiti aðildarríkisins þar sem skírteinið er gefið út (valfrjálst);
- c. auðkennisstafir aðildarríkisins, sem gefur kortið út;
- d. upplýsingar sem lúta sérstaklega að útgefnu ökuskírteini, í þessari röð:
 - i. kenninafn handhafa skírteinis,
 - ii. annað nafn/nöfn handhafa skírteinis,
 - iii. fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður,
 - iv. eftirtalin atriði:
 - (1) útgáfudagur skírteinisins,
 - (2) síðasti gildisdagur skírteinisins eða strik ef það gildir í ótakmarkaðan tíma samkvæmt ákvæðum c-liðar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 2006/126/EB,
 - (3) heiti útgáfufyrvaldsins (má prenta á bakhliðina),
 - (4) annað númer en í 5. lið, til nota í stjórnsýslunni (valfrjálst),
 - v. númer skírteinisins,
 - vi. ljósmynd af handhafa skírteinis,
 - vii. undirskrift handhafa skírteinis,
 - viii. fastur búsetustaður eða pósthfang (valfrjálst),
 - ix. flokkur/flokkar ökutækis/ökutækja sem handhafa skírteinis er heimilt að aka (prenta skal flokka innlendra ökutækja með öðru letri en samræmda flokka);
- e. orðin „fyrirmynd ESB“ á tungumáli/tungumálum aðildarríkisins þar sem skírteinið er gefið út og orðið „ökuskírteini“ á öðrum tungumálum ESB, prentuð í bleikum lit þannig að sá litur myndi bakgrunn skírteinisins;
- f. upplýsingar um lit:
 - i. blár (Pantone Reflex Blue),
 - ii. gulur (Pantone Yellow).

Á bakhlið skal:

- a. skrá flokk ökutækis/ökutækja sem handhafa skírteinis er heimilt að aka (prenta skal flokka innlendra ökutækja með öðru letri en samræmda flokka),
- b. skrá fyrsta útgáfudag hvers flokks (dagsetninguna skal endurtaka á nýju skírteini ef skipt er um skírteini eða það endurnýjað),
- c. skrá síðasta gildisdag hvers flokks,
- d. skrá viðbótarupplýsingar/-takmarkanir, með tákntölu fyrir hvern (undir)flokk sem málið varðar.

















¹⁶² Rg. 1176/2012, 2. gr.

II. KAFLI - Aðlögun íslensks ökuskírteinis að fyrirmynd bandalagsins.

1. Fyrirmynd Evrópusambandsins að ökuskírteini er aðlöguð:
 - a. Ökuskírteini skal vera af EES-gerð.
 - b. Í bakgrunni á báðum hliðum ökuskírteinis skulu vera orðin „EES-gerð“ og „ökuskírteini“ á tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
 - c. Á framhlið koma stafirnir „ÍS“ efst til vinstri í stað merkis Evrópusambandsins, mynd af útlínunum Íslands neðst til vinstri og skjaldarmerki Íslands neðst til hægri. Röðun 1. og 2. töluliðar með tilheyrandi texta er breytt og er 2. og 1. töluliður.
 - d. Á bakhlið vinstra megin er röðun 1. og 2. töluliðar með tilheyrandi texta breytt og er 2. og 1. töluliður. Skjaldarmerki Íslands kemur á milli 1. og 3. töluliðar.
2. Form og efni ökuskírteinis eins og því er lýst í 3. tölulið I. kafla með framangreindri aðlögun:

Framhlið ökuskírteinis.																					
<div style="border: 1px dashed black; padding: 5px; text-align: center;"> stafirnir „ÍS“ sem þjóðernismerki Íslands, svart í svörtum sporöskjulaga hring </div> <div style="border: 1px dashed black; padding: 5px; text-align: center; margin-top: 10px;"> ljósmynd af skírteinishafa </div> <div style="border: 1px dashed black; padding: 5px; text-align: center; margin-top: 10px;"> mynd af Íslandi í bláum lit </div>	<div style="border: 1px dashed black; padding: 5px; text-align: center; margin-bottom: 10px;"> orðið „ökuskírteini“ prentað með svörtum upphafsstöfum </div> <div style="border: 1px dashed black; padding: 5px; text-align: center; margin-bottom: 10px;"> orðið „Ísland“ prentað með bláum upphafsstöfum </div> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <td style="width: 5%; text-align: center; vertical-align: top;">2.</td> <td>eiginnafn/eiginnöfn skírteinishafa og millinafn ef við á</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">1.</td> <td>kenninafn skírteinishafa</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">3.</td> <td>fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður/fæðingarland skírteinishafa</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">4a.</td> <td>útgáfudagur</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">4b.</td> <td>gildistíma lýkur</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">4c.</td> <td>nafn útgefanda skírteinis</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">4d.</td> <td>kennitala skírteinishafa</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">5.</td> <td>númer ökuskírteinis</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">7.</td> <td>undirskrift skírteinishafa</td> </tr> <tr> <td style="text-align: center; vertical-align: top;">9.</td> <td>upplýsingar um réttindaflokka skírteinishafa – rita skal innlenda flokka með öðru lettri en samræmda flokka</td> </tr> </table> <div style="border: 1px dashed black; padding: 5px; text-align: center; margin-top: 10px;"> skjaldarmerki Íslands </div>	2.	eiginnafn/eiginnöfn skírteinishafa og millinafn ef við á	1.	kenninafn skírteinishafa	3.	fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður/fæðingarland skírteinishafa	4a.	útgáfudagur	4b.	gildistíma lýkur	4c.	nafn útgefanda skírteinis	4d.	kennitala skírteinishafa	5.	númer ökuskírteinis	7.	undirskrift skírteinishafa	9.	upplýsingar um réttindaflokka skírteinishafa – rita skal innlenda flokka með öðru lettri en samræmda flokka
2.	eiginnafn/eiginnöfn skírteinishafa og millinafn ef við á																				
1.	kenninafn skírteinishafa																				
3.	fæðingardagur og -ár og fæðingarstaður/fæðingarland skírteinishafa																				
4a.	útgáfudagur																				
4b.	gildistíma lýkur																				
4c.	nafn útgefanda skírteinis																				
4d.	kennitala skírteinishafa																				
5.	númer ökuskírteinis																				
7.	undirskrift skírteinishafa																				
9.	upplýsingar um réttindaflokka skírteinishafa – rita skal innlenda flokka með öðru lettri en samræmda flokka																				

Bakhlið ökuskírteinis.

		9.	10. ⁴⁾	11. ⁵⁾	12.
<div style="border: 1px solid black; padding: 2px; width: fit-content;">13. ²⁾</div> <div style="border: 1px solid black; padding: 2px; width: fit-content; margin-top: 10px;">14. ³⁾</div> <p>2. eiginnafn/millinafn 1. kenninafn</p> <div style="border: 1px dashed black; padding: 5px; width: fit-content; margin-top: 10px;">Skjaldarmerki Íslands í svörtum lit</div> <p>3. fæðingardagur og -ár og -staður. 4a. útgáfudagur 4b. gildistíma lýkur 4c. nafn útgefanda skírteinis 4d. kennitala skírteinishafa 5. númer skírteinis 7. undirskrift skírteinishafa 9. ökuréttindaflokkur 10. útgáfudagur réttindaflokks 11. gildistíma flokks lýkur 12. viðbætur/takmarkanir</p>	AM				
	A1				
	A2	 ¹⁾			
	A				
	B				
	[B1	] ¹⁶³
	C1		útgáfudagur réttindaflokks	lokadagur réttindaflokks	Viðbótarupplýsingar og eftir atvikum skilyrði og takmarkanir varðandi einstakan réttindaflokk
	C				
	D1				
	D				
	BE				
	C1E				
	CE				
	D1E				
	DE				
	[T				
] ¹⁶⁴	
Þetta svæði er til viðbótar 12. dálki varðandi einstakan réttindaflokk, svo og ökuskírteinið í heild					

- ¹⁾ A2-flokkur: Tekur ekki gildi fyrir en 19. janúar 2013, sbr. 53. gr. reglugerðarinnar.
- ²⁾ 13. reitur: Upplýsingar fyrir erlend yfirvöld til að færa á upplýsingar vegna umsýslu þeirra ef skírteinishafinn sest að í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.
- ³⁾ 14. reitur: Upplýsingar sem útgáfuríki getur fært inn er varða stjórmsýslu eða upplýsingar sem tengjast umferðaröryggi. Varði upplýsingarnar einhvern þeirra liða sem skilgreindur er í þessum viðauka skal númer liðarins ritað fyrir framan upplýsingarnar. Einnig má með sérstöku skriflegu samkomulagi við skírteinishafa bæta í þessa eyðu upplýsingum sem tengjast ekki umsýslu ökuskírteinisins eða umferðaröryggi. Viðbót sem þessi skal ekki á neinn hátt breyta notkun fyrirmyndarinnar sem ökuskírteini.
- ⁴⁾ 10. dálkur: Skrá skal fyrsta útgáfudag hvers flokks (dagsetninguna skal endurtaka á nýju skírteini ef skipt er um skírteini eða það endurnýjað); hver reitur dagsetningarinnar skal ritaður með tveimur tölustöfum og í eftirfarandi röð: dagur.mánuður.ár (DD.MM.ÁÁ).
- ⁵⁾ 11. dálkur: Skrá skal síðasta gildisdag hvers flokks; hver reitur dagsetningarinnar skal ritaður með tveimur tölustöfum og í eftirfarandi röð: dagur.mánuður.ár (DD.MM.ÁÁ).¹⁶⁵

¹⁶³ Rg. 1176/2012, 3. gr. a

¹⁶⁴ Rg. 1176/2012, 3. gr. b

¹⁶⁵ Rg. 1176/2012, 4. gr.

III. KAFLI - Tákntala í ökuskírteini.

Athugasemd Samgöngustofu til skýringa: Í þessum III. kafla I. viðauka eru sýndar niðurfelldar táknölur. Þær eru afmarkaðar með { ... } og tilgreint með hvaða reglugerð þær voru felldar niður

1. Almennt.

Með táknölu eru tilgreindar viðbótarupplýsingar, skilyrði og takmarkanir sem varða ökuréttindi. Með táknölu eru einnig tilgreindar upplýsingar um ökukennararéttindi.

Með táknölu er heimilt að tilgreina upplýsingar um að skírteinishafi vilji gefa líffæri sín að honum látnum, enda liggi fyrir um það skrifleg beiðni skírteinishafa, undirrituð í viðurvist sýslumanns.

2. Tákntölur fyrir Evrópska efnahagssvæðið.

Tákntölur nr. 1 - 99 gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið og skulu færðar í dálk 12 á öku-skírteininu, að jafnaði aftan við þann réttindaflokk sem við á. Tákntölur sem eiga við skírteinið í heild skal skrá á svæðið neðan við dálkana 9-12.

[ÖKUMAÐUR (læknisfræðilegar ástæður).

01. Leiðrétting sjónar og/eða vörn.

01.01 Gleraugu.

01.02 Snertilinsa (snertilinsur).

{01.03 Hlíffðargleraugu. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{01.04 Ógegnsæ linsa. – felld niður með reglugerð 534/2016}

01.05 Augnhlíf.

01.06 Gleraugu eða snertilinsur.

01.07 Sérstök sjónhjálpartæki.

02. Heyrnartæki/samskiptastoð.

{02.01 Heyrnartæki við annað eyra. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{02.02 Heyrnartæki við bæði eyru. – felld niður með reglugerð 534/2016}

03. Gervilimir eða gervilimir/stoðtæki fyrir fætur og hendur.

03.01 Gervilimir eða gervilimir/stoðtæki fyrir hönd eða hendur.

03.02 Gervilimir eða gervilimir/stoðtæki fyrir fót eða fætur.

{05. Takmarkaður akstur (undirtákntala skal gilda, akstur takmarkaður af læknisfræðilegum ástæðum). – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.01 Akstur takmarkaður við dagsbirtu (t.d. frá einni klukkustund eftir sólarupprás og þar til ein klukkustund er til sólseturs). – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.02 Akstur takmarkaður við radíus innan ... km frá heimili skírteinishafa eða eingöngu innan bæjar/svæðis. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.03 Akstur án farþega. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.04 Akstur ekki hraðari en ... km/klst. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.05 Akstur eingöngu leyfður þegar farþegi, sem er handhafi skírteinis, er með í för. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.06 Akstur takmarkaður við akstur án eftirvagns/tengitækis. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.07 Akstur óheimill á hraðbraut. – felld niður með reglugerð 534/2016}

{05.08 Ekkert áfengi. – felld niður með reglugerð 534/2016}

BREYTING ÖKUTÆKIS.

10. Breyttur gírkassi.

- {10.01 Handskipting. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 10.02 Sjálfskipting, sbr. skilgreiningu í 4. mgr. A-liðar 8. gr. reglugerðarinnar.
- {10.03 Rafknúin skipting. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 10.04 Breytt gírstöng.
- {10.05 Takmörkun á fjölda gíra. – felld niður með reglugerð 534/2016}

15. Breyttur tengslisbúnaður.

- 15.01 Breyttur tengslisfetill.
- 15.02 Handstýrt tengsli.
- 15.03 Sjálfvirkt tengsli.
- 15.04 Ráðstöfun til að koma í veg fyrir að tengslisfetillinn sé hindraður eða virkjaður.

20. Breytt hemlakerfi.

- 20.01 Breyttur hemlafetill.
- {20.02 Stækkaður hemlafetill. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 20.03 Hemlafetill fyrir vinstri fót.
- 20.04 Hemlafetill sem renna má til.
- 20.05 Skásettur hemlafetill.
- 20.06 Handstýrður hemill.
- 20.07 Hemill virkjaður með hámarksafli sem nemur ... N (afl sem gefur til kynna getu öku-
manns til að beita kerfinu) (t.d. „20.07(300N)“).
- {20.08 Aukin virkni neyðarhemils – neyðarhemill sambyggður aksturshemli. – felld niður með
reglugerð 534/2016}
- 20.09 Breyttur stöðuhemill.
- {20.10 Rafknúinn stöðuhemill. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {20.11 Fótstiginn (breyttur) stöðuhemill. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 20.12 Ráðstöfun til að koma í veg fyrir að hemlafetill sé hindraður eða virkjaður.
- 20.13 Hemill sem er stjórnað með hnénu.
- 20.14 Virkjun hemlakerfis styðst við ytra afl.

25. Breyttur búnaður fyrir eldsneytisgjöf.

- 25.01 Breyttur eldsneytisfetill.
- {25.02 Eldsneytisfetill við il. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 25.03 Skásettur eldsneytisfetill.
- 25.04 Handstýrð eldsneytisgjöf.
- 25.05 Eldsneytisgjöf sem er stjórnað með hnénu.
- 25.06 Virkjun eldsneytisgjafar styðst við ytra afl.
- {25.07 Eldsneytisfetill vinstra megin við hemlafetil. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 25.08 Eldsneytisfetill vinstra megin.
- 25.09 Ráðstöfun til að koma í veg fyrir að eldsneytisfetillinn sé hindraður eða virkjaður.

**{30. Breytt sambyggt hemlakerfi og búnaður fyrir eldsneytisgjöf. – felld niður með
reglugerð 534/2016}**

- {30.01 Fetlar hlið við hlið. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.02 Fetlar í sömu eða nánast sömu hæð. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.03 Eldsneytisgjöf og hemill sem renna má til. – felld niður með reglugerð 534/2016}

- {30.04 Eldsneytisgjöf og hemill sem renna má til og með stoðtæki. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.05 Eldsneytisfetill og hemlafetill sem leggja má saman eða fjarlægja. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.06 Hækkað gólf. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.07 Hlíf við hlið hemlafetils. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.08 Hlíf fyrir gervilim við hlið hemlafetils. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.09 Hlíf framan við eldsneytis- og hemlafetil. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.10 Stuðningur við hæl eða fót. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {30.11 Rafknúin eldsneytisgjöf og hemill. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 31. Breytingar á fetli og öryggisbúnaður fyrir fetil.**
- 31.01 Aukafetlar hlið við hlið.
- 31.02 Fetlar í sömu hæð eða nánast sömu hæð.
- 31.03 Ráðstafanir til að koma í veg fyrir að eldsneytis- og hemlafetlar séu hindraðir eða virkjaðir þegar þeim er ekki stýrt með fótum.
- 31.04 Hækkað gólf.
- 32. Sambyggður búnaður fyrir aksturshemil og eldsneytisgjöf.**
- 32.01 Sambyggð eldsneytisgjöf og aksturshemill, sem er stýrt með annarri hendi.
- 32.02 Sambyggð eldsneytisgjöf og aksturshemill, sem er stýrt með ytra afli.
- 33. Sambyggður búnaður fyrir aksturshemil, eldsneytisgjöf og stýri.**
- 33.01 Eldsneytisgjöf, aksturshemill og stýrisbúnaður eru sambyggð og stýrt með ytra afli og með annarri hendi.
- 33.02 Eldsneytisgjöf, aksturshemill og stýrisbúnaður eru sambyggð og stýrt með ytra afli og með báðum höndum.
- 35. Breytt skipulag stjórnækja** (rofar fyrir ljós, rúðuþurrkur/-sprautur, flauta, stefnuljós o.s.frv.).
- {35.01 Beita má stjórnækjum án þess að það skerði öryggi við stjórnun og meðferð ökutækisins. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 35.02 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi stýrisbúnaði.
- 35.03 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi taki vinstri handar á stýrisbúnaði.
- 35.04 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi taki hægri handar á stýrisbúnaði.
- 35.05 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi stýrisbúnaði og búnaði fyrir eldsneytisgjöf og hemlun.
- 40. Breyttur stýrisbúnaður.**
- 40.01 Stýrisbúnaður virkjaður með hámarksafli sem nemur ... N (afl sem gefur til kynna getu ökumanns til að beita kerfinu) (t.d. „40.01(140N)“).
- {40.02 Aflstýri með auknu afli. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {40.03 Stýri með varabúnaði. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {40.04 Lengd stýrissúla. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 40.05 Breytt stýrishjól (stærra og/eða með þykkara gripi, með minna þvermáli o.s.frv.).
- 40.06 Breytt staðsetning stýrishjóls.
- {40.07 Lóðrétt stýrishjól. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {40.08 Lárétt stýrishjól. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 40.09 Stýrt með fótum.
- {40.10 Stýri hefur verið breytt á annan hátt (stýrispinni o.s.frv.). – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 40.11 Hjálpartæki á stýrishjóli.

- {40.12 Handspelka á stýrishjóli. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {40.13 Með sinaspelku (orthes tenodes). – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 40.14 Annar breyttur stýrisbúnaður sem er stýrt með annarri hendi/handlegg.
- 40.15 Annar breyttur stýrisbúnaður sem er stýrt með báðum höndum/handleggjum.
- 42. Breyttur búnaður til að sjá aftur fyrir/til hliðar við ökutækið.**
- 42.01 Breyttur búnaður til að sjá aftur fyrir ökutækið.
- {42.02 Úti baksýnispegill á frambretti. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 42.03 Aukabúnaður inni til að sjá til hliðar við ökutækið.
- {42.04 Gleiðhornsbaksýnispegill inni. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 42.05 Búnaður sem gerir ökumanni kleift að fylgjast með blindsvæði.
- {42.06 Rafknúinn úti baksýnispegill eða -speglar. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 43. Ökumannssæti.**
- 43.01 Ökumannssæti er svo hátt að úr því fæst eðlileg yfirsýn og það er í eðlilegri fjarlægð frá stýrishjóli og fetlum.
- 43.02 Ökumannssæti er lagað að líkama ökumanns.
- 43.03 Ökumannssæti með stuðning frá báðum hliðum.
- 43.04 Ökumannssæti með armhvílu.
- {43.05 Ökumannssæti komið fyrir á lengdri rennibraut. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 43.06 Breytt öryggisbelti.
- 43.07 Öryggisbelti af gerð sem eykur stöðugleika.
- 44. Breytingar á bifhjólum (undirtáknatala skal gilda).**
- 44.01 Báðum hemlum beitt með einu stjórnþæki.
- 44.02 Breyttur hemill á framhjól.
- 44.03 Breyttur hemill á afturhjól.
- 44.04 Breytt eldsneytisgjöf.
- {44.05 (Breytt) handstýrð gírskipting og handstýrt tengsli. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {44.06 (Breyttur) baksýnispegill eða -speglar. – felld niður með reglugerð 534/2016}
- {44.07 (Breytt) stjórnþæki (stefnuljós, hamlaljós, ...). – felld niður með reglugerð 534/2016}
- 44.08 Ökumannssæti er ekki hærra en svo að ökumaður nær samtímis með báðum fótum til jarðar þegar hann situr og nær jafnvægi á bifhjólínu þegar það er stöðvað og er í kyrrstöðu.
- 44.09 Hámarksafli hemils á framhjól ... N (afl sem gefur til kynna getu ökumanns til að beita kerfinu) (t.d. „44.09(140N)“).
- 44.10 Hámarksafli hemils á afturhjól ... N (afl sem gefur til kynna getu ökumanns til að beita kerfinu) (t.d. „44.10(240N)“).
- 44.11 Breytt ástig.
- 44.12 Breytt handarhald.
- 45. Eingöngu bifhjól með hliðarvagni.**
- 46. Eingöngu bifhjól á þremur hjólum.**
- 47. Takmarkast við ökutæki með fleiri en tvö hjól sem krefjast ekki jafnvægis ökumanns við ræsingu, stöðvun og kyrrstöðu.**
- 50. Takmarkað við ökutæki/verksmiðjunúmer (verksmiðjunúmer ökutækisins).**

Bókstafir sem notaðir eru með tákn tökum 01 til 44 vegna nánari skilgreininga:

- a vinstri,
- b hægri,
- c hönd,
- d fótur,
- e miðja,
- f handleggur,
- g þumalfingur.

{51. Takmarkað við tiltekið ökutæki/skráningarmerki (skráningarnúmer ökutækisins). – felld niður með reglugerð 534/2016}

TÁKNTÖLUR FYRIR TAKMARKAÐA NOTKUN

- 61. Akstur takmarkaður við dagsbirtu (til dæmis frá einni klukkustund eftir sólarupprás og þar til ein klukkustund er til sólseturs).
- 62. Akstur takmarkaður við radíus innan ... km frá heimili skírteinishafa eða eingöngu innan bæjar/svæðis.
- 63. Akstur án farþega.
- 64. Akstur ekki hraðari en ... km/klst.
- 65. Akstur eingöngu leyfður þegar farþegi, sem er handhafi ökuskírteinis í a.m.k. jafngildum flokki, er með í för.
- 66. Akstur takmarkaður við akstur án eftirvagns/tengitækis.
- 67. Akstur óheimill á hraðbraut.
- 68. Ekkert áfengi.
- 69. Takmarkast við akstur ökutækja með áfengislás í samræmi við EN 50436. Valkvætt hvort lokadagsetning er gefin upp (t.d. „69“ eða „69(01.01.2016)“).

STJÓRNSÝSLA.

- 70. Íslenskt ökuskírteini sem gefið er út í stað erlends ökuskírteinis nr. ... sem var gefið út af ... (auðkennisstafir ESB/SP fyrir þriðju lönd, t.d. „70.0123456789.NL“).
- 71. Samrit ökuskírteinis nr. ... (auðkennisstafir ESB/SP fyrir þriðju lönd, t.d. „71.987654321.HR“).
- {72. Takmarkað við ökutæki í A-flokki með aflvél ekki yfir 125 sm³ og vélarafl sem fer ekki yfir 11 kW (A1-flokkur). – Felld niður með reglugerð 1198/2013}
- 73. Takmarkast við ökutæki í B-flokki sem er vélknúið bifhjól á fjórum hjólum (B1-flokkur).
- {74. Takmarkað við ökutæki í C-flokki með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minni (C1-flokkur). – Felld niður með reglugerð 1198/2013}
- {75. Takmarkað við ökutæki í D-flokki með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns (D1-flokkur). – Felld niður með reglugerð 1198/2013}
- {76. Takmarkað við ökutæki í C-flokki með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minni (C1-flokkur) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minni og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins (C1E-flokkur). – Felld niður með reglugerð 1198/2013}

- {77 Takmarkað við ökutæki í D-flokki með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns (D1-flokkur) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé:
- a. leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minni og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins og
 - b. eftirvagn/tengitæki ekki notaður til fólksflutninga (D1E-flokkur). – Felld niður með reglugerð 1198/2013 }
- 78 Takmarkast við ökutæki með sjálfskiptingu.
- 79 (...) Takmarkast við ökutæki sem er í samræmi við forskriftirnar sem eru tilgreindar í svigum við beitingu 13. gr. tilskipunar 2006/126/EB.
- 79.01 Takmarkast við ökutæki á tveimur hjólum með eða án hliðarvagns.
- 79.02 Takmarkast við ökutæki í AM-flokki sem er á þremur hjólum.
- 79.03 Takmarkast við bifhjól á þremur hjólum.
- 79.04 Takmarkast við bifhjól á þremur hjólum með eftirvagn sem er ekki yfir 750 kg að leyfðri heildarþyngd.
- 79.05 Bifhjól í A1-flokki með afl/þyngdarhlutfall yfir 0,1 kW/kg.
- 79.06 Ökutæki í BE-flokki þar sem leyfileg heildarþyngd eftirvagns er yfir 3.500 kg.
- 80 Takmarkast við handhafa ökuskríteinis, sem er ekki orðinn 24 ára, fyrir ökutæki í A-flokki sem er vélknúð bifhjól á þremur hjólum.
- 81 Takmarkast við handhafa ökuskríteinis, sem er ekki orðinn 21 árs, fyrir ökutæki í A-flokki sem er vélknúð bifhjól á tveimur hjólum.
- {90 Tákntölur sem notaðar eru með tákntölum sem skilgreina breytingar á ökutækinu. – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- {90.01 til vinstri, – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- {90.02 til hægri, – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- {90.03 vinstri, – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- {90.04 hægri, – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- {90.05 fyrir hönd, – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- {90.06 fyrir fót, – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- {90.07 má nota. – felld niður með reglugerð 534/2016 }
- 95 Skírteinishafi fullnægir kröfu um faglega hæfni til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni sem kveðið er á um í tilskipun 2003/59/EB, til ... (t.d. „95(01.01.12)“).
- 96 Ökutæki í B-flokki með eftirvagn þar sem leyfileg heildarþyngd eftirvagns er yfir 750 kg og leyfileg heildarþyngd vagnlestar er yfir 3.500 kg en fer ekki yfir 4.250 kg.
- 97 Ekki heimilt að aka ökutæki í C1-flokki sem fellur undir gildissvið reglugerðar 3821/85/EBE frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum.]¹⁶⁶

3. Tákntölur sem eingöngu gilda hér á landi.

Tákntölur 100 og þar yfir gilda innanlands og skulu færðar í dálk 12 á ökuskríteininu, að jafnaði neðan við dálkana 9 - 12. Aftan við tákntölurnar skal innan sviga tilgreina lokadag réttindanna. Þessar tákntölur hafa einungis gildi hér á landi.

- 100 Réttindi til að stjórna fólksbifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd með eftirvagn/tengitæki.
- 110 Réttindi til að stjórna bifreið í C-flokki fyrir allt að 5.000 kg farm með eftirvagn/tengitæki.
- 400 Réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk.

¹⁶⁶ Rg. 534/2016, 3. gr.

- {425 Réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir D-flokk (eftir atvikum D1-flokk). felld niður með reglugerð 1067/2017, 6. gr. }
- 450 Réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B- og D-flokk (eftir atvikum D1-flokk).
- 500 [[Starfsleyfi]¹⁶⁷ ökukennara fyrir B- og BE-flokk.]¹⁶⁸
- 525 [[Starfsleyfi]¹⁶⁹ ökukennara fyrir AM-, A1-, A2-, A-, B- og BE-flokk.]¹⁷⁰
- 530 [Starfsleyfi]¹⁷¹ ökukennara fyrir B-, C1-, C-, BE-, C1E- og CE-flokk.
- 540 [Starfsleyfi]¹⁷² ökukennara fyrir AM-, A1-, A2-, A-, B-, C1-, C-, BE-, C1E- og CE-flokk.
- 550 [Starfsleyfi]¹⁷³ ökukennara fyrir B-, C1-, C-, D1-, D-, BE-, C1E-, CE-, D1E- og DE-flokk.
- 575 [Starfsleyfi]¹⁷⁴ ökukennara fyrir AM-, A1-, A2-, A-, B-, C1-, C-, D1-, D-, BE-, C1E-, CE-, D1E- og DE-flokk.
- 900 Líffæragjöf.

¹⁶⁷ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁶⁸ Rg. 344/2017, 6. gr., a.

¹⁶⁹ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁷⁰ Rg. 344/2017, 6. gr., b.

¹⁷¹ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁷² Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁷³ Rg. 380/2020, 1. gr.

¹⁷⁴ Rg. 380/2020, 1. gr.

II. VIÐAUKI - Lágmarks prófkröfur.

A. Þekking, leikni og færni sem krafist er við akstur vélknúins ökutækis.

1. Ökumaður vélknúins ökutækis skal ávallt hafa til að bera þá þekkingu, leikni og færni, sem lýst er í 1. til 9. tölulið, hann skal vera fær um að:
 - a. gera sér grein fyrir hættum í umferðinni og því hve alvarlegar þær eru,
 - b. hafa nægilegt vald á ökutækinu til að aka án áhættu og bregðast rétt við ef hættulegar aðstæður skapast,
 - c. fara eftir umferðarreglum, einkum þeim sem eru ætlaðar til að koma í veg fyrir umferðarslys og stuðla að greiðri umferð,
 - d. finna helstu bilanir í ökutæki sínu, einkum þeim er ógna öryggi, og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót þar á,
 - e. taka til greina alla þætti sem hafa áhrif á akstur (t.d. ölvun, þreyta, sjóndepra o.s.frv.) svo að honum nýtist til fulls þeir eiginleikar sem þörf er á til að aka af öryggi,
 - f. sýna fyllstu tillitssemi og stuðla þannig að öryggi allra vegfarenda, einkum þeirra sem mega sín minnst og eru óvarðir.

B. Bóklegt próf.

1. Framsetning.

Framsetning, sem valin er, skal vera þannig að tryggt sé að það leiði í ljós hvort umsækjandi hafi tilskilda þekkingu á þeim atriðum sem koma fram í 2., 3. og 4. lið.

2. Inntak bóklega prófsins sem varðar alla flokka ökuréttinda.

- 2.1. Í prófi skulu vera spurningar um öll atriðin hér á eftir.
 - 2.1.1. Umferðarreglur:
 - a. einkum að því er varðar umferðarmerki, vegmerkingar og aðra merkjagjöf, skylduna að veita forgang, svo og hraðatakmarkanir.
 - 2.1.2. Ökumaður:
 - a. mikilvægi þess að sýna árvekni og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi,
 - b. skynjun, dómgreind og hæfni til þess að taka ákvarðanir, ekki síst viðbragðstími og breytingar á aksturslagi eftir neyslu áfengis, fíkniefna og annarra lyfja, hugarástand og þreyta.
 - 2.1.3. Vegur:
 - a. mikilvægustu grundvallarreglur um að halda hæfilegu bili milli ökutækja, hemlunarvegalegd og stöðugleiki ökutækis á vegi við mismunandi veðurskilyrði og ástand vegar,
 - b. áhættuþættir með tilliti til aksturs sem tengjast mismunandi ástandi vegar, einkum hvernig hann breytist eftir veðráttu og tímum sólarhringsins,
 - c. eiginleikar mismunandi flokka vega og lagaákvæði sem gilda um þá,
 - d. öryggisþættir við akstur um jarðgöng.
 - 2.1.4. Aðrir vegfarendur:
 - a. sérstakir áhættuþættir sem rekja má til reynsluleysis annarra vegfarenda, einkum þeirra sem eru helst berskjaldaðir, s.s. barna, gangandi vegfarenda, hjólreiðamanna og hreyfihamlaðra,
 - b. áhætta samfara hreyfingum og akstri ólíkra ökutækja og mismunandi útsýn ökumanna þeirra.
 - 2.1.5. Almennar reglur, reglugerðir og annað:
 - a. reglur varðandi opinber skjöl sem krafist er í sambandi við notkun ökutækis,
 - b. almennar reglur um hvernig ökumanni ber að hegða sér ef slys ber að höndum (setja upp viðvörðunarbúnað og gera viðvart) og hvaða aðstoð hann getur veitt, ef nauðsyn krefur, þeim sem verða fyrir slysi,
 - c. öryggisþættir varðandi ökutæki, farm þess og farþega.
 - 2.1.6. Varúðarráðstafanir sem er nauðsynlegt að gera þegar farið er úr ökutæki.
 - 2.1.7. Þættir í vélbúnaði sem hafa áhrif á umferðaröryggi; umsækjandi verður að geta greint algengustu galla og bilanir, einkum í stýris- og fjöðrunarbúnaði, hemlakerfi, hjólbörðum,

ljósabúnaði og stefnuljósum, glitaugum, baksýnispeglum, rúðum og rúðupurrkum, útblásturskerfi, öryggisbeltum og hljóðmerkjabúnaði.

2.1.8. Öryggisbúnaður ökutækis, einkum notkun öryggisbelta, höfuðpúða og öryggis- og verndarbúnaðar fyrir börn.

2.1.9. Reglur sem varða notkun ökutækis með tilliti til umhverfisþátta (viðeigandi notkun hljóðmerkjabúnaðar, hófleg eldsneytiseyðsla, takmörkun á losun mengandi efna o.s.frv.).

3. Sértek ákvæði sem varða A1-, A2- og A-flokk.

3.1. Lögboðin könnun á almennri þekkingu á:

3.1.1. notkun hlífðarbúnaðar, s.s. hanska, stígvéla, hlífðarfatnaðar og öryggishjálms,

3.1.2. því hversu ökumenn bifhjóla eru sýnilegir öðrum vegfarendum,

3.1.3. áhættuþáttum sem varða mismunandi ástand vegar, eins og að framan greinir, auk sérstakrar athygli vegna hálla vegarhluta, s.s. holræsaloka og vegmerkinga á borð við línur og örvar,

3.1.4. þáttum í vélbúnaði sem hafa áhrif á umferðaröryggi, eins og að framan greinir, einnig skal gefa gaum að neyðarstöðvunarrofa, olíuhæð og keðju.

4. Sértek ákvæði sem varða C-, CE-, C1-, C1E-, D-, DE-, D1- og D1E-flokk.

4.1. Lögboðin könnun á almennri þekkingu á:

4.1.1. reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 605/2010,

4.1.2. reglum um flutning, eftir því sem við á, á vörum eða farþegum,

4.1.3. skjölum sem krafist er vegna ökutækja og flutnings á vörum eða farþegum innanlands eða milli landa,

4.1.4. hvernig ber að bregðast við ef slys ber að höndum; að kunna skil á þeim ráðstöfunum sem grípa ber til ef slys eða þess háttar hendir, þar á meðal neyðaraðgerðum á borð við að rýma ökutæki og hafa til að bera grunnþekkingu í skyndihjálpi,

4.1.5. varúðarráðstöfunum sem ber að viðhafa þegar hjól eru tekin undan og sett undir ökutæki,

4.1.6. reglum um þyngd og stærð ökutækis; reglum um hraðatakmarkara,

4.1.7. skerðingu á sjónsviði sem rekja má til hönnunar ökutækis,

4.1.8. lestri vegakorts og vali akstursleiðar, þ.m.t. notkun rafrænna leiðsögugerfa (valfrjálst),

4.1.9. öryggisþáttum sem varða farm ökutækis:

frágangi á farmi (stöflun og festingu), vanda í tengslum við mismunandi tegundir farms (t.d. fljótandi farm, hangandi farm, o.fl.), fermingu og affermingu vara og notkun hleðslutækja (eingöngu C1-, C1E-, C- og CE-flokkur),

4.1.10. ábyrgð ökumannsins með tilliti til flutnings á farþegum, að vel fari um þá og öryggis þeirra sé gætt; flutningi á börnum; nauðsynlegu eftirliti áður en ekið er af stað; bóklegt próf taki til allra hópbifreiða (eingöngu D1-, D1E-, D- og DE-flokkur).

4.2. Lögboðin könnun á almennri þekkingu á eftirfarandi viðbótarákvæðum sem varða C-, CE-, D- og DE-flokk:

4.2.1. meginatriðum er varða gerð og starfsemi: brunahreyfils, vökva (t.d. vélarolíu, kælivökva, rúðuvökva), eldsneytiskerfis, rafkerfis, kveikjukerfis, aflyfifærslukerfis (tengslis, gírkassa o.s.frv.),

4.2.2. smurefnum og frostvarnarefnum,

4.2.3. meginatriðum er varða gerð, ásetningu, rétta notkun og umhirðu hjólbarða,

4.2.4. meginatriðum er varða mismunandi gerðir hemlakerfa og hraðatakmarkara, starfsemi þeirra, meginhlutum, samsetningu, notkun og daglegu viðhaldi þeirra og notkun læsivarinna hemla,

4.2.5. meginatriðum er varða mismunandi gerðir tengibúnaðar, hvernig hann vinnur, meginhlutum, samsetningu, notkun og daglegu viðhaldi hans (eingöngu CE- og DE- flokkur),

4.2.6. aðferðum við að finna orsakir bilana,

4.2.7. fyrirbyggjandi viðhaldi ökutækis og nauðsynlegum viðgerðum vegna bilana sem upp kunna að koma,

- 4.2.8. ábyrgð ökumanns að því er varðar móttöku, flutning og afhendingu vöru í samræmi við umsamin skilyrði (eingöngu C- og CE-flokkur).

C. Verklegt próf.

5. Ökutækið gerð og búnaður þess.

Ökutæki sem notað er við verklegt próf skal uppfylla ákvæði IV. viðauka sem fjallar um ökutæki sem notað er til ökukennslu og við verklegt próf.

6. Leikni og færni sem prófa skal fyrir A1-, A2- og A-flokk.

6.1. Undirbúningur ökutækis og tæknilegt eftirlit með því með tilliti til umferðaröryggis og skal umsækjandi sýna fram á að hann geti ekið af öryggi með því að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- 6.1.1. að hann setji hlífðarbúnað, s.s. hanska, stígvél, hlífðarfatnað og öryggishjál, rétt á sig,
6.1.2. að hann geri slembiathugun á því hvort eftirfarandi er í lagi: hjólbarðar, hemlar, stýri, neyðarstöðvunarrofi (ef við á), keðja, olíuhæð, ljós, glitaugu, stefnuljós og hljóðmerkja-búnaður.

6.2. Sérstakar æfingar sem leggja skal fyrir í prófi með tilliti til umferðaröryggis:

6.2.1. að hann taki bifhjólið af standinum og setji það á hann aftur og leiði bifhjólið áfram án þess að nota vélaráfl þess,

6.2.2. að hann leggi bifhjólinu og komi því fyrir á standinum,

6.2.3. að hann geri a.m.k. tvenns konar æfingar á hægum hraða, þar á meðal svigakstur. Með þessu á að vera hægt að meta meðferð tengslis og hemils, stjórn jafnvægis, hvort horft er í rétta átt, meta ásetu á bifhjólinu og stöðu fóta á ástigum,

6.2.4. að hann geri a.m.k. tvenns konar æfingar á meiri hraða, þar af skal ein gerð í öðrum eða þriðja gír, á a.m.k. hraðanum 30 km/klst. og aðra æfingu þar sem sneitt er hjá hindrun á hraða sem er a.m.k. 50 km/klst. Með þessu á að vera hægt að meta ásetu á bifhjólinu, hvort horft er í rétta átt, stjórn jafnvægis og tækni við að stýra hjólinu og skipta um gír,

6.2.5. að hann geri a.m.k. tvenns konar hemlunaræfingar, þ.m.t. neyðarhemlun þar sem hraði er a.m.k. 50 km/klst. Með þessu á að vera hægt að meta hvort fram- og afturhemli er beitt réttilega, hvort horft er í rétta átt og hvort áseta á hjólinu er rétt.

6.3. Háttsemi í umferð: Umsækjandi skal gera allar þær æfingar, sem að neðan greinir, í almennri umferð og gæta fyllsta öryggis og nauðsynlegra varúðarráðstafana:

- 6.3.1. aka út úr stæði, aka af stað eftir að hafa numið staðar í umferð og aka út úr heimreið,
6.3.2. aka eftir beinum vegum og mæta ökutækjum sem koma úr gagnstæðri átt, þ.m.t. við þröngar aðstæður,
6.3.3. aka fyrir horn,
6.3.4. aka að og yfir gatnamót,
6.3.5. breyta um akstursstefnu, beygja til hægri og vinstri og skipta um akrein,
6.3.6. aka inn á eða út af vegi með 70-90 km/klst. hámarkshraða, aka af aðrein inn í umferð og aka inn á frárein,
6.3.7. aka fram úr eða fram hjá; fram úr í umferð (ef því verður við komið); aka meðfram hindrunum, til dæmis bílum sem hefur verið lagt og láta aðra í umferðinni fara fram úr (ef því verður við komið),
6.3.8. aka um sérstök umferðarmannvirki (ef slík finnast): hringtorg, biðstöðvar strætisvagna, gangbrautir, upp og niður langar brekkur og um jarðgöng,
6.3.9. gera viðeigandi varúðarráðstafanir þegar farið er úr ökutæki eða stigið er af því.

7. Leikni og færni sem prófa skal fyrir B- og BE-flokk.

7.1. Undirbúningur ökutækis og tæknilegt eftirlit með því með tilliti til umferðaröryggis.

Umsækjandi skal sýna fram á að hann geti ekið af öryggi með því að uppfylla kröfur um að:

- 7.1.1. stilla ökumannssætið eins og best hentar við akstur,
7.1.2. stilla baksýnispepla, öryggisbelti og höfuðpúða ef um slíkt er að ræða,

- 7.1.3. gæta þess að dyr séu lokaðar,
- 7.1.4. gera slembiathugun á því hvort hjólbarðar, stýri, hemlar, vökvi (t.d. vélarolía, kælivökvi, rúðuvökvi), ljós, glitaugu, stefnuljós og hljóðmerkjabúnaður er í lagi,
- 7.1.5. athuga öryggisþætti sem varða hleðslu ökutækis: farmrými, yfirbreiðslur, dyr á farmrými, læsingu stýrishúss, hleðslumáta og frágang farms (eingöngu BE-flokkur),
- 7.1.6. athuga tengslisbúnað, hemla og raftengi (eingöngu BE-flokkur).
- 7.2. Umsækjandi skal, varðandi B-flokk gera sérstakar æfingar með tilliti til umferðaröryggis. Hann skal gera a.m.k. tvær af eftirfarandi æfingum, þar af ein gerð í afturábakgír:
 - 7.2.1. aka beint aftur á bak og taka hægri eða vinstri beygju aftur á bak fyrir horn á sömu akrein,
 - 7.2.2. snúa ökutækinu þannig að það snúi gagnstætt upphaflegri stefnu með því að aka aftur á bak og áfram til skiptis,
 - 7.2.3. leggja ökutækinu og aka því út úr stæði (samhliða, á ská eða hornrétt), með því að aka því áfram eða afturábak, bæði á jafnsléttu, upp bratta eða undan halla,
 - 7.2.4. stöðva með nákvæmri hemlun, neyðarhemlun er þó valkvæð.
- 7.3. Umsækjandi skal varðandi BE-flokk gera sérstakar æfingar sem, með tilliti til umferðaröryggis, skal leggja fyrir í prófi:
 - 7.3.1. tengja og aftengja eftirvagn/tengitæki við vélknúð ökutæki. Þegar æfingin hefst skal dráttartækið standa við hlið eftirvagns/tengitækis (þ.e. ekki fyrir framan hann),
 - 7.3.2. taka beygju aftur á bak,
 - 7.3.3. leggja af öryggi við fermingu og affermingu.
- 7.4. Háttsemi í umferð: Umsækjandi skal gera allar þær æfingar, sem að neðan greinir, í almennri umferð og gæta fyllsta öryggis og nauðsynlegra varúðarráðstafana:
 - 7.4.1. aka út úr stæði, aka af stað eftir að hafa numið staðar í umferð og aka út úr heimreið,
 - 7.4.2. aka eftir beinum vegum og mæta ökutækjum sem koma úr gagnstæðri átt, þ.m.t. við þröngar aðstæður,
 - 7.4.3. aka fyrir horn,
 - 7.4.4. aka að og yfir gatnamót,
 - 7.4.5. breyta akstursstefnu, beygja til hægri og vinstri og skipta um akrein,
 - 7.4.6. aka inn á eða út af vegi með 70-90 km/klst. hámarkshraða, aka inn í umferð frá aðrein og aka inn á frárein,
 - 7.4.7. aka fram úr eða fram hjá, aka fram úr í umferð (ef því verður við komið), aka meðfram hindrunum, t.d. bílum sem hefur verið lagt og láta aðra í umferðinni fara fram úr (ef því verður við komið),
 - 7.4.8. aka um sérstök umferðarmannvirki (ef slík finnast): hringtorg, biðstöðvar strætisvagna, gangbrautir, upp og niður langar brekkur og um jarðgöng,
 - 7.4.9. gera viðeigandi varúðarráðstafanir þegar farið er úr ökutæki.
- 8. Leikni og færni sem prófa skal fyrir C-, CE-, C1-, C1E-, D-, DE-, D1- og D1E-flokk.**
 - 8.1. Undirbúningur ökutækisins og tæknilegt eftirlit með því með tilliti til umferðaröryggis. Umsækjandi skal sýna fram á að hann geti ekið af öryggi með því að uppfylla kröfur um að:
 - 8.1.1. stilla ökumannssætið eins og best hentar við akstur,
 - 8.1.2. stilla baksýnispegla, öryggisbelti og höfuðpúða ef um slíkt er að ræða,
 - 8.1.3. gera slembiathugun á því hvort hjólbarðar, stýri, hemlar, ljós, glitaugu, stefnuljós og hljóðmerkjabúnaður er í lagi,
 - 8.1.4. athuga aflhemla og aflstýri, athuga ástand hjóla, athuga felgurær, aurbretti, framrúðu, rúður og rúðupurrkur, vökva (t.d. vélarolíu, kælivökva, rúðuvökva), athuga og kunna að nota mælaborð og stjórnþætti, þar á meðal skráningarbúnað samkvæmt reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit. [Það er varðar notkun ökurita og eftirlit gildir ekki fyrir umsækjanda um ökuskírteini fyrir ökutæki í C1- eða C1E-flokki, sem fellur

- ekki undir gildissvið reglugerðar nr. 605/2010 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit.]¹⁷⁵
- 8.1.5. athuga loftþrýsting, loftgeyma og fjöðrunarbúnað,
- 8.1.6. athuga öryggisþætti sem varða hleðslu ökutækis:
- farmrými,
 - yfirbreiðslur,
 - dyr á farmrými,
 - hleðslubúnað (ef um hann er að ræða),
 - læsingu vegna stýrishúss (ef um hana er að ræða),
 - hleðslumáta og frágang farms (eingöngu C-, CE-, C1- og C1E-flokkur),
- 8.1.7. athuga tengslisbúnað, hemla og raftengi (eingöngu CE-, C1E-, DE- og D1E-flokkur),
- 8.1.8. vera fær um að gera sérstakar öryggisráðstafanir varðandi ökutækið, athuga yfirbyggingu, dyr, neyðarútganga, skyndihjálparbúnað, slökkvitæki og annan öryggisbúnað (eingöngu D-, DE-, D1- og D1E-flokkur),
- 8.1.9. lesa vegakort og velja akstursleið og kunna m.a. skil á notkun rafrænna leiðsögukerfa.
- 8.2. Umsækjandi skal gera sérstakar æfingar sem leggja skal fyrir í prófinu með tilliti til umferðaröryggis:
- 8.2.1. tengja og aftengja eftirvagn/tengitæki við vélknúið ökutæki. [Þegar æfingin hefst skal dráttartækið standa við hlið eftirvagns/tengitækis (þ.e. ekki fyrir framan hann),]¹⁷⁶
- 8.2.2. taka beygju aftur á bak,
- 8.2.3. við fermingu og affermingu ökutækis að leggja því örugglega við skábraut/pall eða svipaða aðstöðu (eingöngu C-, CE-, C1- og C1E-flokkur),
- 8.2.4. leggja ökutæki til að hleypa farþegum örugglega út úr eða inn í hóp bifreið (eingöngu D-, DE-, D1- og D1E-flokkur).
- 8.3. Háttsemi í umferð. Umsækjandi skal gera allar þær æfingar, sem að neðan greinir, í almennri umferð og gæta fyllsta öryggis og nauðsynlegra varúðarráðstafana:
- 8.3.1. aka út úr stæði, aka af stað eftir að hafa numið staðar í umferð og aka út úr heimreið,
- 8.3.2. aka eftir beinum vegum og mæta ökutækjum sem koma úr gagnstæðri átt, þ.m.t. við þröngar aðstæður,
- 8.3.3. aka fyrir horn,
- 8.3.4. aka að og yfir gatnamót,
- 8.3.5. breyta akstursstefnu, beygja til hægri og vinstri og skipta um akrein,
- 8.3.6. aka inn á eða út af vegi með 70-90 km/klst. hámarkshraða, aka inn í umferð frá aðrein og aka inn á frárein,
- 8.3.7. aka fram úr eða fram hjá; aka fram úr í umferð (ef því verður við komið), aka meðfram hindrunum, t.d. bílum sem hefur verið lagt og láta aðra í umferðinni fara fram úr (ef því verður við komið),
- 8.3.8. aka um sérstök umferðarmannvirki (ef slík finnast): hringtorg, biðstöðvar strætisvagna, gangbrautir, upp og niður langar brekkur og um jarðgöng,
- 8.3.9. gera viðeigandi varúðarráðstafanir þegar farið er úr ökutæki.
- [8.4. Öruggur og orkunýtt akstur. Umsækjandi skal:
- 8.4.1. aka þannig að það tryggir öryggi og dregur úr eldsneytisnotkun og útblæstri við hröðun, hraðaminnkun og við akstur upp og niður brekkur, með því að skipta handvirkt um gír þegar þess gerist þörf.]¹⁷⁷
- 9. Prófdæming í verklegu prófi.**

¹⁷⁵ Rg. 1198/2013, 6. gr. a.

¹⁷⁶ Rg. 1149/2014, 4. gr.

¹⁷⁷ Rg. 1198/2013, 6. gr. b.

- 9.1. Í öllum æfingum skal við prófdæmingu taka mið af leikni umsækjanda í að beita stjórn-tækjum ökutækisins og hæfni hans til að aka örugglega í umferð. Prófdómari verður að finna til öryggis á meðan á prófi stendur. Allar villur sem umsækjandi gerir í akstri, eða ógætilegur akstur hans, sem getur stefnt ökutækinu, farþegum eða öðrum vegfarendum í voða, leiða til þess að umsækjandi fellur á prófinu, hvort sem prófdómari hefur þurft að grípa inn í eða ekki. Prófdómari getur þó ákveðið hvort verklegu prófi skulu ljúka strax eða því haldið áfram til loka.
- 9.2. Við prófdæmingu skal prófdómari huga sérstaklega að því hvort umsækjandi aki gætilega og taki tillit til annarra í umferðinni. Með þessu móti á að vera hægt að meta aksturslagið í heild og prófdómari skal taka tillit til þessa í heildarmati á umsækjanda. Þetta tekur til aðlögunarhæfni og einbeitingar (öryggis) í akstri, þess að taka tillit til ástands vegar, veðurskilyrða, annarrar umferðar, hagsmuna annarra vegfarenda (einkum þeirra sem minna mega sín) ásamt því að vera ávallt við öllu búinn.
- 9.3. Prófdómari skal ennfremur meta hvort umsækjandi:
- 9.3.1. hafi vald á ökutækinu, þar á meðal hvort öryggisbelti, baksýnispeglar, höfuðpúðar, sæti, ljós og annar búnaður sé rétt notaður, svo og tengsli, girskipting, eldsneytisgjöf, hemlakerfi og stýrisbúnaður; hvort umsækjandi hafi vald á ökutækinu við mismunandi aðstæður, á mismunandi hraða, haldi ökutækinu stöðugu á vegi, geri sér grein fyrir stærð og þyngd ökutækisins ásamt aksturseginnleikum þess, geri sér grein fyrir þyngd og gerð farms (eingöngu BE-, C-, CE-, C1-, C1E-, DE- og D1E-flokkur) og gæti þess að vel fari um farþega (eingöngu D-, DE-, D1- og D1E-flokkur) (að umsækjandi aki mjúklega; gefi aldrei snögg inn, aki með jöfnum hraða og snögghemli aldrei),
- 9.3.2. aki á hagkvæman og vistvænan [(þ.e. öruggan og orkunýttinn)]¹⁷⁸ hátt, með hliðsjón af snúningshraða hreyfils, skiptingum milli gíra, hemlun og eldsneytisinnngjöf (eingöngu [B-,]¹⁷⁹ BE-, C-, CE-, C1-, C1E-, D-, DE-, D1- og D1E-flokkur),
- 9.3.3. geri sér grein fyrir aðstæðum, bæði næst ökutækinu, nálægt því sem og langt frá því og noti spegla ökutækisins rétt,
- 9.3.4. kunni skil á eigin forgangi við vegamót og virði forgang annarra við mismunandi aðstæður (t.d. þegar akstursstefnu er breytt eða skipt er um akrein og í sérstökum æfingum),
- 9.3.5. staðsetji ökutæki rétt á vegi, á akrein, í hringtorgi og beygjum, eftir því sem við á með hliðsjón af gerð og eiginleikum ökutækis, og skipti á réttum tíma um akstursstefnu, akrein o.þ.u.l.,
- 9.3.6. haldi hæfilegu bili milli sín og næsta ökutækis á undan og til hliðar og sé í hæfilegri fjarlægð frá öðrum vegfarendum,
- 9.3.7. aki ekki yfir leyfilegum hámarkshraða, hagi hraða í samræmi við aksturs- og veðurskilyrði, í samræmi við gildandi hraðatakmarkanir eftir því sem við á, aki ekki hraðar en svo að hann geti stöðvað ökutækið innan þeirrar vegalengdar sem hann sér og er hindrunarlaus framundan og lagi aksturshraða sinn að almennum hraða annarra vegfarenda,
- 9.3.8. aki í samræmi við reglur um umferðarljós, hlýði fyrirmælum frá þeim sem stjórna umferð og taki tillit til umferðarmerkja (bannmerkja eða boðmerkja) og vegmerkinga,
- 9.3.9. gefi merki rétt og tímanlega þar sem nauðsyn krefur og taki viðeigandi tillit til allra merkja sem aðrir vegfarendur gefa,
- 9.3.10. hægi á sér í tíma, hemli og stöðvi í samræmi við aðstæður, sé við öllu búinn og noti mismunandi hemlakerfi (eingöngu C-, CE-, D- og DE-flokkur) og noti annan búnað en hemla til að hægja ferðina (eingöngu C-, CE-, D- og DE-flokkur).

10. Lengd prófs.

Lengd prófs og vegalengd sem ekin er skal vera nægileg til að hægt sé að meta þá hæfni sem mælt er fyrir um í B-lið þessa viðauka. Aksturstími í umferð má aldrei vera skemmri en 25 mínútur í A-, A1-, A2-, AM, B- og BE-flokki og 45 mínútur í öðrum flokkum. Þá er

¹⁷⁸ Rg. 1198/2013, 6. gr. c. i.

¹⁷⁹ Rg. 1198/2013, 6. gr. c. ii.

ekki meðtalinn tími sem fer í móttöku umsækjanda, undirbúning ökutækis, munnlegt próf, sérstakar æfingar né kynningu á niðurstöðu verklega prófsins.

11. Prófstaður.

Sá hluti prófsins, þar sem frammistaða umsækjanda í sérstökum æfingum er metin, getur farið fram á lokuðu svæði. Sá hluti prófsins, þar sem akstur í umferð er metinn, skal, þar sem því verður við komið, fara fram á vegum utan þéttbýlis, á vegum með 70-90 km/klst. hámarkshraða og einnig á götum í þéttbýli (í íbúðarhverfum, þar sem hámarkshraði er 30 og 50 km/klst., og á vegum í þéttbýli með 60-80 km/klst. hámarkshraða) þar sem skilyrði til aksturs geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanns. Einnig er æskilegt að próf fari fram við mismikinn umferðarþunga. Tíma, sem er varið til aksturs í umferð, skal nota eftir því sem unnt er til að meta akstur umsækjanda í fjölbreyttri umferð við mismunandi aðstæður sem búast má við að hann eigi eftir að reyna. [Samgöngustofa]¹⁸⁰ ákveður hvar ökuþróf (bókleg og verkleg próf) fara fram.

¹⁸⁰ Rg. 1198/2013, 1. gr.

III. VIÐAUKI - Lágmarkskröfur um andlega og líkamlega hæfni til að stjórna vélknúnu ökutæki.

Almennt.

1. Umsækjendum (ökumönnum) er skipt í tvo hópa:
 - 1.1. *Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.*

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir AM-, A1-, A2-, A-, B- og BE-flokk, svo og T-flokk.
 - 1.2. *Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.*

Umsækjandi um ökuskírteini fyrir C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D- D1E- og DE-flokk, svo og fyrir B-, D1- og D-flokk til farþegaflutninga í atvinnuskyni og fyrir C1- og C-flokk til vöruflutninga í atvinnuskyni. Ökukennarar tilheyra þessum hópi.
2. Ákvæði í viðauka þessum um umsækjanda um ökuskírteini taka einnig til ökumanns eftir því sem við á.

Læknisskoðun.

3. *Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.*

Umsækjenda skal gert að fara í læknisskoðun ef í ljós kemur, þegar verið er að ganga frá nauðsynlegum formsatriðum í tengslum við útgáfu ökuskírteinis eða í prófum sem þeir taka áður en þeir fá ökuskírteini, að hæfni þeirra er skert af einni eða fleiri læknisfræðilegum ástæðum sem eru tilgreindar í þessum viðauka.
4. *Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.*

Umsækjandi skal fara í læknisskoðun áður en hann fær ökuskírteini í fyrsta sinn og eftir það við hverja endurnýjun þess.
5. Umsækjandi sem fyrir 15. ágúst 1997 hefur öðlast ökuréttindi eða ökukennararéttindi, sbr. hóp 2, getur þó fengið endurnýjuð þau réttindi á grundvelli ákvæða um sjón sem voru í gildi í reglugerð fram að þeirri dagsetningu.

A) Sjón.

Almennt.

6. Umsækjandi um ökuskírteini skal fara í augnskoðun til að gengið sé úr skugga um að hann hafi nógu góða sjón til að stjórna vélknúnu ökutæki. Ef ástæða er til að efast um að svo sé, skal umsækjandi fara í rannsókn hjá þar til bærum lækni. Í þeirri rannsókn skal einkum lögð áhersla á sjónskerpu, sjónsvið, sjón í rökkri, næmi fyrir glömpum og andstæðum, tvísýni og aðra starfsemi augna sem getur dregið úr öryggi við akstur.

Gefa má út ökuskírteini fyrir umsækjanda í hópi 1 með því að gera undantekningu frá reglu í lið 6.1. séu kröfur um sjónsvið eða sjónskerpu ekki uppfylltar. Í slíkum tilvikum skal öku- maður gangast undir skoðun hjá þar til bærum lækni til að sýna fram á að starfsemi augna sé ekki skert af öðrum orsökum, þ.m.t. glampa, andstæðunæmi og tvísýni. Umsækjandi skal einnig gangast undir augnpróf, sem gefur jákvæða niðurstöðu, hjá þar til bærum lækni.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

- 6.1. Umsækjandi um ökuskírteini eða endurnýjun þess skal hafa sjónskerpu á báðum augum, sem nemur a.m.k. 0,5 þegar bæði augu eru notuð í einu, með sjónglerjum til leiðréttingar ef nauðsyn krefur.

Ennfremur skal lárétt sjónsvið vera a.m.k. 120° og ná a.m.k. 50° til vinstri og hægri og 20° upp og niður. Engir sjóngallar skulu vera fyrir hendi innan miðlægs 20° sjónsviðs.

Ef upplýsingar liggja fyrir um augnsjúkdóm sem ágerist eða hann greinist er heimilt að gefa út ökuskírteini eða endurnýja það að því tilskildu að umsækjandi fari reglulega í augnskoðun hjá þar til bærum lækni.

6.2. Umsækjandi um ökuskírteini eða endurnýjun þess, sem er alveg blindur á öðru auga eða sem notar aðeins annað augað (tvísýni), verður að hafa sjónskerpu a.m.k. 0,5 með sjónglerjum til leiðréttingar ef nauðsyn krefur. Þar til bær læknir verður að votta að þetta ástand, þar sem aðeins öðru auganu er beitt, hafi varað nógu lengi til að umsækjandi hafi vanist því og að sjónsvið þess auga sé eðlilegt og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 6.1.

6.3. Sé um að ræða nýtilkomna tvísýni eða blindu á öðru auga skal gera ráð fyrir hæfilegum aðlögunartíma (t.d. sex mánuðum) og banna akstur á meðan. Að þeim tíma liðnum er akstur einungis heimill að fengnu jákvæðu álitu sérfræðings sem metið getur sjón og akstur.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

6.4. Umsækjandi um ökuskírteini eða endurnýjun þess skal hafa sjónskerpu, með sjónglerjum til leiðréttingar, ef þörf krefur, sem nemur a.m.k. 0,8 á betra auganu og a.m.k. 0,1 á verra auganu. Ef sjóngler til leiðréttingar eru notuð til að ná gildunum 0,8 og 0,1 verður lágmarkssjónskerpa (0,8 og 0,1) að nást annaðhvort með því að leiðrétta með sjónglerjum, sem eru ekki sterkari en plús átta ljósbrotseiningar eða með snertilinsum. Sjóngler sem leiðrétta sjón mega ekki valda óþægindum.

Ennfremur skal lárétt sjónsvið beggja augna vera a.m.k. 160° og ná a.m.k. 70° til vinstri og hægri og 30° upp og niður. Engir sjóngallar skulu vera fyrir hendi innan miðlægs 30° sjónsviðs.

Ekki skal gefa út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjanda sem þjáist af skertu andstæðunæmi og tvísýni.

Sé um að ræða umtalsvert sjóntap á öðru auga skal gera ráð fyrir hæfilegum aðlögunartíma (t.d. sex mánuðum) og viðkomandi bannað að aka á meðan. Að þeim tíma liðnum er akstur einungis heimill að fengnu jákvæðu álitu frá sérfræðingi sem metið getur sjón og akstur.

B) Heyrn.

Almennt.

7. Gefa má út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjanda í hópi 2 á grundvelli álits þar til bær læknis. Við læknisskoðun skal tekið tillit til möguleika á leiðréttingu.

C) Hreyfihömlun.

Almennt.

8. Ökuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda sem haldinn er sjúkdómi í hreyfikerfi líkamans eða hefur afbrigðilegt hreyfikerfi þannig að hættulegt sé að hann stjórna vélknúnu ökutæki.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

8.1. Gefa má út ökuskírteini með sérstökum takmörkunum fyrir fatlaðan umsækjanda eða öku­mann sem byggðar eru á læknisfræðilegri athugun sem fram fer skv. 1. mgr. 4. gr. Í niðurstöðu athugunar skal einnig koma fram hvaða breytingar þurfi að gera á ökutækinu og hvort umsækjandi skuli nota bæklunarbúnað enda leiði athugun í ljós að umsækjandi geti ekið af öryggi með slíkum búnaði.

8.2. Gefa má út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjanda sem er haldinn sjúkdómi sem ágerist, enda fari viðkomandi reglubundið í eftirlit til að kanna hvort hann sé enn fær um að stjórna ökutæki af öryggi.

Ef fötlunin tekur engum breytingum má gefa út eða endurnýja ökuskírteini án þess að gerð sé krafa um reglubundið eftirlit læknis.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

[D) Hjarta- og æðasjúkdómar.

9. Hjarta- og æðasjúkdómar geta valdið skyndilegri skerðingu á heilastarfsemi sem stofnar umferðaröryggi í hættu. Þessir sjúkdómar skapa grunn að reglum um tímabundnar eða varanlegar takmarkanir á akstri.
- 9.1. Að því er varðar eftirfarandi hjarta- og æðasjúkdóma, er eingöngu heimilt að gefa út eða endurnýja ökuskríteini umsækjenda eða ökumanna í tilgreindu hópnum að lokinni árangursríkri meðhöndlun sjúkdómsins og með fyrirvara um viðurkennt læknisfræðilegt mat og, ef við á, reglubundnar læknisfræðilegar rannsóknir:
- a) hægláttarglöp (e. brady-arrhythmias) (sjúkur sínushnútur og truflun á leiðni) og hrað-sláttar-glöp (e. tachyarrhythmias) (ofanslegils- og slegsláttarglöp) ásamt sögu um aðsvif eða aðsvifsköst vegna hjartsláttartruflunar (gildir um hóp 1 og 2),
 - b) hægláttarglöp: sjúkur sínushnútur og truflun á leiðni með annars stigs gáttasleglarofi af Mobitz-gerð II, þriðja stigs gáttasleglarofi eða breytilegu greinrofi (gildir eingöngu um hóp 2),
 - c) hraðsláttarglöp (ofanslegils- og slegsláttarglöp) með
 - vefrænum hjartasjúkdómi og þrálátum sleglahraðslætti (gildir um hóp 1 og 2) eða
 - fjölbrigða tímabundnum sleglahraðslætti, þrálátum sleglahraðslætti eða tilmælum um notkun hjartastuðtækis (gildir eingöngu um hóp 2),
 - d) einkenni hjartaöngvar (gildir um hóp 1 og 2),
 - e) varanleg ígræðsla gangráðar eða útskipti hans (gildir eingöngu um hóp 2),
 - f) ígræðsla hjartastuðtækis eða útskipti þess eða hæfilegt rafstuð hjartastuðtækis (gildir eingöngu um hóp 1),
 - g) aðsvif (skammvinnur missir meðvitundar og líkamsstöðu, einkennist af fljótvirkum áhrifum sem standa stutt yfir og líða sjálfkrafa hjá, vegna víðtækrar minnkunar á blóðflæði til heilans (e. cerebral hypoperfusion), líklega af völdum viðbragðs, af óþekktum orsökum, án vísbendingar um undirliggjandi hjartasjúkdóm) (gildir um hóp 1 og 2),
 - h) brátt kransæðaheilkenni (gildir um hóp 1 og 2),
 - i) óhvikul hjartaöng (e. stable angina) ef einkenni koma ekki fram við léttu áreynslu (gildir um hóp 1 og 2),
 - j) inngríp í kransæðar um húð (gildir um hóp 1 og 2),
 - k) kransæðahjáveituaðgerð (e. coronary artery bypass graft surgery) (gildir um hóp 1 og 2),
 - l) heilablóðfall/skammvinnt blóðþurrðarkast (e. transient ischemic attack) (gildir um hóp 1 og 2),
 - m) umtalsverð þrengsl í hálsslagað (e. carotid artery stenosis) (gildir eingöngu um hóp 2),
 - n) hámarksþvermál ósæðar er yfir 5,5 sm (gildir eingöngu um hóp 2),
 - o) hjartabilun:
 - NYHA flokkur I, II og III (New York Heart Association) (gildir eingöngu um hóp 1),
 - NYHA flokkur I og II, að því tilskildu að tæmingarhlutfall vinstra slegils nemi a.m.k. 35% (gildir eingöngu um hóp 2),
 - p) hjartaígræðsla (gildir um hóp 1 og 2),
 - q) hjartastuðtæki (e. cardiac assist device) (gildir eingöngu um hóp 1),
 - r) aðgerð á hjartalokum (gildir um hóp 1 og 2),
 - s) illkynja háþrýstingur (hækkaður slagbilsþrýstingur ≥ 180 mmHg eða þanbilsþrýstingur ≥ 110 mmHg í tengslum við yfirvofandi eða stigvaxandi líffæraskemmdir) (gildir um hóp 1 og 2),
 - t) III. stigs háþrýstingur (þanbilsþrýstingur ≥ 110 mmHg og/eða slagbilsþrýstingur ≥ 180 mmHg) (gildir eingöngu um hóp 2),
 - u) meðfæddur hjartasjúkdómur (gildir um hóp 1 og 2),
 - v) ofvaxtarhjärtavöðvakvilli ef honum fylgir ekki aðsvif (gildir eingöngu um hóp 1),
 - w) langt QT-bil með aðsvifi, Torsade des Pointes eða leiðrétt QT-bil > 500 ms (gildir eingöngu um hóp 1).
- 9.2. Að því er varðar eftirfarandi hjarta- og æðasjúkdóma skulu ökuskríteini umsækjenda eða öku-manna í tilgreindum hópnum hvorki gefin út né endurnýjuð:
- a) ígrætt hjartastuðtæki (gildir eingöngu um hóp 2),

- b) útlægur æðakvilli (e. peripheral vascular disease) – með slagæðargúlp í brjóstholi eða kvíðarholshluta ósæðar þar sem hámarksþvermál ósæðar er þannig að umtalsverð hætta er á skyndilegu rofi og þar af leiðandi á bráðu atviki sem gerir viðkomandi óökufæran (gildir um hóp 1 og 2),
- c) hjartabilun:
 - NYHA-flokkur IV (gildir eingöngu um hóp 1),
 - NYHA-flokkur III og IV (gildir eingöngu um hóp 2),
- d) hjartastoðtæki (gildir eingöngu um hóp 2),
- e) hjartalokusjúkdómur með ósæðarlokuleka (e. aortic regurgitation), ósæðarlokuþrengsli (e. aortic stenosis), míturlokuleki (e. mitral regurgitation) eða míturlokuþrengsli (e. mitral stenosis) ef starfræn geta er metin samkvæmt NYHA-flokki IV eða ef um er að ræða aðsvifsköst (gildir eingöngu um hóp 1),
- f) hjartalokusjúkdómur samkvæmt NYHA-flokki III eða IV eða með tæmingarhlutfall sem er undir 35%, míturlokuþrengsli og alvarlegur lungnaháþrýstingur eða merki um alvarleg ósæðarlokuþrengsli eða ósæðarlokuþrengsli sem veldur aðsvifi sem kemur fram í skoðun með hjartaómtæki, að undanskildum alveg einkennalausum alvarlegum ósæðarlokuþrengslum ef kröfur þolprófunar eru uppfylltar (gildir eingöngu um hóp 2),
- g) vefrænir hjartavöðvakvillar og truflun á rafleiðni um hjartað – ofvaxtarhjartavöðvakvilli með sögu um aðsvif eða ef um er að ræða tvö eða fleiri eftirfarandi skilyrði: veggþykkt vinstri slegils > 3 sm, tímabundinn sleglahraðsláttur, fjölskyldusaga um bráðadauða (fyrsta stigs ættingjar), blóðþrýstingur hækkar ekki við áreynslu (gildir eingöngu um hóp 2),
- h) heilkenni langs QT-bils með aðsvifi, Torsade des Pointes og leiðrétt QT-bil > 500 ms (gildir eingöngu um hóp 2),
- i) Brugada-heilkenni með aðsvifi eða afstýrður skyndidauði af völdum hjartastopps (gildir um hóp 1 og 2).

Heimilt er að gefa út eða endurnýja ökuskírteini í undantekningartilvikum á grundvelli viðurkennds læknisfræðilegs mats og reglubundinna læknisfræðilegra rannsókna, til að tryggja að viðkomandi sé enn fyllilega fær um öruggan akstur með tilliti til áhrifa heilsufarsástandsins.

9.3. Aðrir hjartavöðvakvillar.

Meta skal hætta á bráðum atvikum, sem gera umsækjanda eða ökumann ófæran til aksturs ásamt ítarlegri lýsingu á hjartavöðvakvillum (t.d. hjartsláttartruflanir sem rekja má til hægri slegils (e. arrhythmogenic right ventricular cardiomyopathy), samdráttarskerðing í hjartanu (e. non-compaction cardiomyopathy), katekolamín orsakaður fjölbrigða sleglahraðsláttur (e. catecholaminergic polymorphic ventricular tachycardia) og heilkenni stutts QT-bils) eða nýjum hjartavöðvakvillum sem kunna að uppgötvast. Gerð er krafa um ítarlegt sérfræðimat. Hafa skal í huga einstök atriði hjartavöðvakvilla sem gefa vísbendingu um batahorfur.

9.4. Heimilt er að takmarka útgáfu eða endurnýjun ökuskírteina fyrir umsækjendur eða ökumenn með aðra hjarta- og æðasjúkdóma.]¹⁸¹

[E) Sykursýki.

10.2. Ekki skal gefa út eða endurnýja ökuskírteini umsækjenda sem er með endurtekna mikla blóðsykurslækkun og/eða hefur skerta meðvitund um blóðsykurslækkun. Umsækjandi með sykursýki skal sýna fram á skilning á áhættunni sem tengist blóðsykurslækkun og getu til að hafa fullnægjandi stjórn á sjúkdómnum.]¹⁸²

[F) [Taugasjúkdómar og kæfisvefn.

Taugasjúkdómar.

11.1. Ökuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda sem er haldinn alvarlegum taugasjúkdómi, nema umsóknin sé studd álitni þar til bær læknis. Í þessu sambandi skal taka tillit til truflana í taugakerfi sem stafa af sjúkdómi eða uppskurði og hafa áhrif á miðtauga-

¹⁸¹ Rg. 1184/2020, 2. gr.

¹⁸² Rg. 1184/2020, 3. gr.

kerfið eða úttaugakerfið og koma fram í slakri skynjun eða hreyfigetu og hafa áhrif á jafnvægi og samhæfingu, vegna áhrifa þeirra á starfhæfni og hættu á að einkennin aukist. Í þeim tilvikum getur útgáfa eða endurnýjun ökuskírteinis verið háð reglulegu endurmati þegar hætta er á að ástand versni.

Kæfisvefn.

- 11.2. Í eftirfarandi liðum samsvarar kæfisvefn á meðalháu stigi 15 til 29 tilvikum öndunarhléa og/eða öndunarþrenginga á klukkustund ((vísitala fyrir öndunarhlé og öndunarþrengingar (AHI-vísitalan)) e. Apnoea-Hypopnoea Index (AHI)) og kæfisvefn á háu stigi samsvarar 30 eða fleiri tilvikum öndunarhléa og / eða öndunarþrenginga á klukkustund, báðar gerðirnar tengjast mikilli dagsyfju.
- 11.3. Ef grunur leikur á að umsækjendur eða ökumenn séu haldnir kæfisvefni á meðalháu eða háu stigi skal þeim vísað til frekari, viðurkenndrar læknisfræðilegrar ráðgjafar áður en ökuskírteini er gefið út eða endurnýjað. Heimilt er að ráðleggja þeim að aka ekki þar til greining hefur verið staðfest.
- 11.4. Gefa má út ökuskírteini til umsækjenda og ökumanna sem haldnir eru kæfisvefni á meðal-háu eða háu stigi ef þeir geta sýnt fram á með viðurkenndu læknisfræðilegu álitu að þeir hafi fullnægjandi stjórn á heilsufarsástandi sínu, fylgi viðeigandi meðferð og að dregið hafi úr syfju, ef hún var til staðar.
- 11.5. Umsækjendur eða ökumenn sem eru í meðferð við kæfisvefni á meðalháu eða háu stigi skulu fara reglulega í lækni skoðun, á a.m.k. þriggja ára fresti ef þeir eru ökumenn í hópi 1 og eins árs fresti ef þeir eru ökumenn í hópi 2, til að staðfesta að hvaða marki meðferðinni er fylgt, þörfina fyrir áframhaldandi meðferð og áframhaldandi árvegni.]¹⁸³

G) Flogaveiki.

Almennt.

12. Flogaköst stofna umferðaröryggi í mikla hættu ef þau koma fram hjá ökumanni vélknúins ökutækis. Sama á við um aðrar skyndilegar truflanir á meðvitund.

Flogaveiki er skilgreind sem tvö eða fleiri flogaköst, með skemmra en fimm ára millibili. Framkallað flogakast er skilgreint sem flogakast af þekktum orsökum sem hægt er að komast hjá.

Ökumanni skal ráðlagt að aka ekki, hafi hann fengið flogakast í fyrsta skipti eða eitt flogakast eða misst meðvitund. Gerð er krafa um umsögn sérfræðings þar sem lengd hvíldar frá akstri er tilgreind ásamt ráðstöfunum til eftirfylgni.

Afar mikilvægt er að tegund flogaveiki og gerð flogakasta hjá viðkomandi umsækjanda sé greind svo fullnægjandi mat á öryggi hans í akstri geti farið fram (þ.m.t. hætta á frekari flogaköstum) og viðeigandi meðferð hafist. Sérfræðingur í taugasjúkdómum skal annast greininguna.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

- 12.1. Útgáfa ökuskírteinis fyrir umsækjanda, sem er flogaveikur, skal háð endurskoðun þar til hann hefur verið án floga í a.m.k. fimm ár.

Ef umsækjandi er flogaveikur fullnægir hann ekki skilyrðum til þess að fá ökuskírteini án takmarkana. Tilkynna skal útgefanda ökuskírteinis um það.

- 12.2. **Framkallað flogakast.**

Ef umsækjandi hefur fengið framkallað flogakast af þekktum orsökum, sem ólíklegt er að endurtaki sig undir stýri, er í hverju tilviki fyrir sig hægt að skera úr um að hann sé fær um að aka, að fengnu álitu sérfræðings í taugasjúkdómum (matið skal, ef við á, vera í samræmi við viðeigandi þætti í þessum viðauka (t.d. neyslu áfengis eða aðra samverkandi sjúkdóma).

¹⁸³ Rg. 628/2015, 7. gr.

12.3. Fyrsta flogakast eða eitt flogakast sem ekki er framkallað.

Ef umsækjandi hefur fengið fyrsta flogakast, sem ekki er framkallað, er hægt að skera úr um, á grundvelli læknismats, að hann sé fær um að aka ef sex mánuðir líða án þess að hann fái flogakast. Heimila má umsækjanda að aka fyrr ef mat sýnir fram á að horfur hans séu góðar.

12.4. Meðvitundarleysi af öðrum orsökum.

Meðvitundarleysi af öðrum orsökum skal metið í samræmi við hættu á að það endurtaki sig við akstur.

12.5. Flogaveiki.

Hægt er að skera úr um að umsækjandi sé fær um að aka ef eitt ár líður án þess að hann fái frekari flogaköst.

12.6. Flogakast í svefni.

Ef umsækjandi fær einungis flogakast bundið svefni, er hægt að skera úr um að hann sé fær um að aka, að því tilskildu að flogakast hafi eingöngu verið í svefni á tímabili sem ekki er skemmra en sá tími sem miðað er við að flogaveikur einstaklingur sé án floga. Ef flogaköst verða í vöku skal eitt ár líða án frekari tilvika þar til heimilt er að veita ökuskríteini (sjá „flogaveiki“).

12.7. Flogaköst sem ekki trufla meðvitund eða getu til athafna.

Ef umsækjandi fær einungis flogakast, sem sýnt hefur verið fram á að trufla hvorki meðvitund né valdi skerðingu á líkamlegri hæfni, er hægt að skera úr um að hann sé fær um að aka, að því tilskildu að það ástand hafi ekki varað skemur en miðað er við að flogaveikur umsækjandi sé án floga. Ef annars konar flogakast á sér stað, skal eitt ár líða án frekari flogakasta þar til heimilt er að veita ökuleyfi (sjá „flogaveiki“).

12.8. Flogaköst sem verða eftir að dregið er úr meðferð við flogaveiki eða eftir að meðferð hefur verið breytt samkvæmt læknisráði.

Ökumanni skal ráðlagt að aka ekki í sex mánuði frá því að dregið er úr meðferð og í sex mánuði frá því að meðferð er lokið. Fái ökumaður flogakast á meðan dregið er úr lyfjagjöf eða henni er breytt samkvæmt læknisráði, er honum ekki heimilt að aka í þrjá mánuði, sé árangursrík meðferð, sem hann gekkst áður undir, endurtekin.

12.9. Að lokinni skurðaðgerð við flogaveiki.

Sjá „flogaveiki“.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

12.10. Umsækjandi skal ekki taka lyf við flogaveiki á því tímabili þegar krafist er að hann sé án floga. Viðeigandi eftirmeðferð hjá lækni hefur farið fram. Ítarleg taugafræðileg skoðun hefur ekki leitt í ljós heilasjúkdóm og flogvirkni hefur ekki komið fram á heilariti. Mat á heilariti og viðeigandi taugafræðilegt mat skal fara fram í kjölfar bráðatilviks.

12.11. Framkallað flogakast.

Ef umsækjandi hefur fengið framkallað flogakast af þekktum orsökum, sem ólíklegt er að endurtaki sig undir stýri, er í einstökum tilvikum hægt að skera úr um að hann sé fær um að aka, að fengnu álitni sérfræðings í taugasjúkdómum. Mat á heilariti og viðeigandi taugafræðilegt mat skal fara fram í kjölfar bráðatilviks.

Umsækjanda með byggingarskemmd í heilavef sem eykur hættu á flogaköstum skal ekki heimilað að aka ökutæki í hópi 2 uns líkur á flogaköstum hafa minnkað í a.m.k. 2% á ári. Matið skal, ef við á, vera í samræmi við önnur viðeigandi ákvæði um heilbrigði í þessum viðauka (t.d. neyslu áfengis).

12.12. Fyrsta flogakast eða eitt flogakast sem ekki er framkallað.

Ef umsækjandi hefur fengið fyrsta flogakast eða flogakast, sem ekki er framkallað, er hægt að skera úr um, á grundvelli viðeigandi mats taugalæknis, að hann sé fær um að aka ef hann hefur verið án floga í fimm ár án þess að taka lyf við flogaveiki. Heimila má umsækjanda að aka fyrr ef mat sýnir fram á að horfur hans séu góðar.

12.13. Meðvitundarleysi af öðrum orsökum.

Meðvitundarleysi af öðrum orsökum skal metið í samræmi við hættu á að það endurtaki sig við akstur. Líkur á endurtekningu skulu vera 2% á ári eða minni.

[12.14 Flogaveiki.

Tíu ár hafa liðið án floga án þess að lyf við flogaveiki hafi verið tekin. Heimila má umsækjanda að aka fyrr ef mat sýnir fram á að horfur hans séu góðar. Þetta gildir einnig þegar um er að ræða „barna- og unglingaflogaveiki“.

Tilteknir sjúkdómar (t.d. slag- og bláæðarvansköpun eða blæðing í heilavef) fela í sér aukna hættu á flogaköstum þótt flog hafi ekki orðið. Í slíkum tilfellum skal þar til bær læknir annast mat og skal hætta á flogakasti vera 2% á ári eða minni svo hægt sé að heimila útgáfu ökuskríteinis.]¹⁸⁴

H) Geðtruflanir.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

13.1. Ökuskríteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda sem haldinn er:

- a) alvarlegum geðtruflunum, hvort heldur er meðfæddum eða af völdum sjúkdóms, áverka eða taugaskurðaðgerða,
 - b) miklum andlegum vanþroska,
 - c) alvarlegum hegðunarvandamálum vegna öldrunar eða persónuleikatrufunum sem valda skorti á dómgreind eða samskipta- og aðlögunarhæfni,
- nema umsóknin sé studd álitni þar til bær læknis og, ef þurfa þykir, háð reglubundnu eftirliti læknis.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

13.2. Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

I) Áfengi.

14. Áfengisneysla veldur mikilli hættu í umferðinni. Í ljósi þess hversu alvarlegt þetta vandamál er verður læknisfræðilegt eftirlit að vera mjög árvökult.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

14.1. Ökuskríteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda sem háður er áfengi eða ófær um að aðskilja áfengisneyslu og akstur. Gefa má út eða endurnýja ökuskríteini fyrir umsækjanda sem hefur verið háður áfengi eftir tiltekinn tíma sem hann hefur sannanlega verið án áfengis, að fengnu álitni þar til bær læknis og háð reglubundnu eftirliti læknis.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

14.2. Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri ökutækja sem falla undir þennan hóp.

J) Ávana- og fíkniefni og læknislyf.

15. Misnotkun.

Ökuskríteini skal hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda sem er háður geðsæknilyfjum eða, án þess að vera háður þeim, notar þau að staðaldri og gildir þá einu hvaða flokk ökuskríteina sótt er um.

¹⁸⁴ Rg. 1176/2012, 6. gr.

Stöðug notkun.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

- 15.1. Ökuskírteini skal hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda sem að staðaldri notar geðsæknilyf, í hvaða formi sem er, sem geta dregið úr aksturshæfni ef þeirra er neytt í svo miklu magni að það hafi neikvæð áhrif á aksturinn. Hið sama gildir um öll önnur læknislyf eða lyfjablöndur sem hafa áhrif á aksturshæfni.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

- 15.2. Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar áhættu sem tengist akstri sem fellur undir þennan hóp.

K) Nýrnasjúkdómar.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

- 16.1. Gefa má út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjanda með alvarlega nýrnabilun, að fengnu álitni þar til bærs læknis og háð reglubundnu eftirliti læknis.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

- 16.2. Ökuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda með alvarlega og ólæknandi nýrnabilun, nema í undantekningartilvikum, að fengnu álitni þar til bærs læknis og háð reglubundnu eftirliti læknis.

Ýmis ákvæði.

Hópur 1. Heilbrigðisskilyrði.

- 17.1. Gefa má út eða endurnýja ökuskírteini fyrir umsækjanda sem líffæri eða gervilíffæri, sem geta haft áhrif á aksturshæfni, hafa verið grædd í, að fengnu álitni þar til bærs læknis og, ef nauðsyn krefur, háð reglubundnu eftirliti læknis.

Hópur 2. Viðbótar heilbrigðisskilyrði.

- 17.2. Þar til bær læknir skal taka viðeigandi tillit til þeirrar auknu áhættu sem tengist akstri sem fellur undir þennan hóp.

18. Almennt gildir að ekki skal gefa út eða endurnýja ökuskírteini umsækjanda sem er haldinn sjúkdómi sem ekki hefur verið getið hér að framan en hefur eða getur haft áhrif á hreyfigetu sem hefur áhrif á öryggi við akstur, nema umsóknin sé studd álitni þar til bærs læknis og, ef nauðsyn krefur, háð reglubundnu eftirliti læknis.

IV. VIÐAUKI - Ökutæki sem notað er við kennslu og verklegt próf.

1. Almennt.

Heimilt er að nota ökutæki, sem viðurkennt er til kennslu og prófs við gildistöku reglugerðar þessarar, til 30. september 2013 þótt það fullnægi ekki ákvæðum viðauka þessa.

Þegar ökutæki, búið kennslubúnaði fyrir gírskiptingu og hemla í samræmi við ákvæði 4. mgr. 2. töluliðar hér á eftir, er notað í öðru skyni en við kennslu eða próf, skal búa þannig um að ekki sé unnt að nota tilgreindan kennslubúnað.

[Þegar ökutæki, sem notað er við kennslu eða próf er búið sérstökum hjálparbúnaði skal ökunemi geta útskýrt virkni búnaðarins.]¹⁸⁵ Til hjálparbúnaðar telst:

- hallahefill,
- stillanlegur hraðatakmarkari,
- sjálfvirkur bilskynjari,
- veglínuskynjari,
- bakkskynjari, bakkmyndavél eða búnaður sem gerir auðveldara að leggja ökutæki og
- annar sambærilegur búnaður ökutækis sem notaður er til ökukennslu eða ökuprófs.]¹⁸⁶

2. Ákvæði um gerð og búnað kennslu- og prófökutækis.

Stýri kennslubifreiðar skal vera vinstra megin.

Í kennslubifreið skulu vera speglar fyrir ökukennara:

- baksýnispegill inni í bifreið,
- kúptur baksýnispegill á hægri hlið,
- flatur spegill til að fylgjast með athygli umsækjanda.

Gerð spegla skv. 1. og 2. tölulið skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.

Í beinskiptri kennslubifreið, fyrir framan sæti sem er við hlið sætis ökumanns (sæti ökukennara), skal vera fótstig fyrir hemla og kúplingu. Notkun fótstigs við sæti ökumanns má ekki geta haft áhrif á notkun fótstigs við sæti ökukennara. Í sjálfskiptri kennslubifreið skal í stað fótstigs fyrir kúplingu vera gírstöng eða annar slíkur búnaður sem er komið þannig fyrir að ökukennari geti rofið aflrás.

Létt bifhjól og bifhjól skulu vera á tveimur hjólum og án hliðarvagns.

Tafla þar sem lýst er lágmarkskröfum sem gerðar eru varðandi ökutæki, sem notað er við kennslu og verklegt próf fyrir hvern ökuréttindaflokk. (Reglan um heildarþyngd á eingöngu við í prófi):

Ökuréttindaflokkar			Lágmarks:				
			hraði í km ¹⁾	slagrými vélar í sm ³	vélarafli í kW	afl/þyngdar- hlutfall kW/kg	eigin þyngd í kg
1	AM	brunahreyfill					
		rafmagns hreyfill					
2	A1	brunahreyfill	90	120 ²⁾			
		rafmagns hreyfill					0,08
3	A2	brunahreyfill		[250] ²⁾ ¹⁸⁷	20		
		rafmagns hreyfill					0,15

¹⁸⁵ Rg. 1067/2017, 7. gr.

¹⁸⁶ Rg. 199/2012, 10. gr.

¹⁸⁷ Rg. 627/2021, 3. gr.

Ökuréttindaflokkar			Lágmarks:						
			hraði í km ¹⁾	slagrymi vélar í sm ³	vélarafli í kW	afl/þyngdarhlutfall kW/kg	eigin þyngd í kg		
4	A	brunahreyfill		600 ²⁾	50	0,25	>180 ³⁾		
		rafmagns hreyfill							
Ökuréttindaflokkar			Lágmarks:						
			hraði í km ¹⁾	farþega-fjöldi	lengd í m	breidd í m	heildarþyngd í kg	leyfð heildarþyngd í kg	eigin þyngd í kg
	B ⁴⁾		100	3	5	1,45			700
6	BE	eftirvagn/tengitæki					1.250		
		vagnlest	100						
7	B ⁵⁾				4,40	1,60			1.100
8	C1		80		5,00			4.000	
9	C1 ⁶⁾		80		5,00			4.000	
10	C1E	eftirvagn/tengitæki					800	1.250	
		vagnlest	80		8,00				
11	C		80		8,00	2,40	10.000	12.000	
12	CE	[festi-/tengi-vagn] ¹⁸⁸			7,50				
		vagnlest	80		14,00	2,40	15.000	20.000	
13	D1		80		5,00			4.000	
14	D1E	eftirvagn						1.250	
		vagnlest	80				800		
15	D1 ⁷⁾		80		5,00			4.000	
16	D		80	40	10,00	2,40		10.000	
17	DE	eftirvagn/tengitæki				2,40	800	1.250	
		vagnlest	80						
18	T	dráttarvél							2.000
		eftirvagn/tengitæki							800

¹⁸⁹

¹⁾ Sá lágmarkshraði sem ökutækið skal gert til að ná.

²⁾ Heimilt er að nota bifhjól þar sem slagrymi vélar er 5sm³ minna.]¹⁹⁰

³⁾ Heimilt er að nota bifhjól þar sem eiginþyngd er 5 kg minna.]¹⁹¹

⁴⁾ Bifreið skal annaðhvort uppfylla lágmarkskröfu um lengd og breidd eða um eigin þyngd.

¹⁸⁸ Rg. 534/2016, 4. gr.

¹⁸⁹ Rg. 1198/2013, 7. gr. a.

¹⁹⁰ Rg. 1198/2013, 7. gr. b.

¹⁹¹ Rg. 1149/2014, 5. gr.

- 5) Farþegaflutningar í atvinnuskyni, bifreið skal annaðhvort uppfylla lágmarkskröfu um lengd og breidd eða um eigin þyngd.
- 6) Vöruflutningar í atvinnuskyni.
- 7) Farþegaflutningar í atvinnuskyni.

Létt bifhjól skal búið baksýnispeglum á báðum hliðum fyrir ökumann, stefnuljóskerum að framan og að aftan í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja varðandi bifhjól (þungt bifhjól). Bifreið í B-flokki skal búa baksýnispegli á hægri hlið fyrir ökumann.

Vagnlest í BE-flokki má ekki falla undir B-flokk.

Farmrými eftirvagns/tengitækis í BE-, og C1E-flokki skal vera lokað, a.m.k. jafnbreitt og jafnhátt bifreiðinni. Farmrýmið má þó vera lítið eitt mjórra en bifreiðin að því tilskildu að baksýn fái eingöngu með úti baksýnispeglum bifreiðarinnar.

Farmrými bifreiðar í C1-, C- og CE-flokki skal vera lokað og a.m.k. jafnbreitt og jafnhátt stýrishúsi.

Bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki skal búa læsivörðum hemlum.

Bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki til farþega- eða vöruflutninga í atvinnuskyni skal búa ökurita.

[Bifreið í C-flokki skal búa aflyfifærslukerfi sem gerir ökumanni kleift að velja gir handvirkt.]¹⁹²

[...] ¹⁹³

Farmrými eftirvagns/tengitækis í D1E- og DE-flokki skal vera lokað og a.m.k. 2 m á breidd og hæð.

[Til 31. desember 2018 er heimilt að nota ökutæki til kennslu og prófs

- a. fyrir D1-flokk sem viðurkennt er til kennslu og prófs í þeim flokki 31. desember 2013 þótt það fullnægi ekki ákvæðum viðauka þessa.
- b. fyrir A-flokk þótt það uppfylli ekki kröfur þessa viðauka um lágmarksþyngd og lágmarksvélarafli sé lágmarksvélarafli þess 40 kW eða meira.]¹⁹⁴

3. Sérstök merki á ökutæki.

Ökutæki, sem notað er til ökukennslu, skal búið merki með áletruninni „ÖKUKENNSLA“. Stafir skulu vera svartir á hvítum grunni. Að öðru leyti ákveður [Samgöngustofa]¹⁹⁵ gerð merkisins. Óheimilt er að nota merkið nema í ökukennslu. Merkið skal sett bæði framan og aftan á kennslubifreið og skal sjást vel. Á kennslubifreið fyrir B-flokk skal merki með áletrun á báðum hliðum sett á þak bifreiðarinnar og skal sjást vel bæði að framan og aftan. Á öðrum kennslu-ökutækjum skal merki vera að aftan.

Þegar umsækjandi ekur bifhjóli í kennslustund skal hann klæðast vesti í áberandi lit, merktu að aftan með fyrrgreindri áletrun.

Ökutæki, sem notað er í verklegu prófi, má auðkenna með nafni skráðs eiganda/notanda en þó má ekki nota orðin „ökuskóli“, „ökukennsla“, „ökutími“, „ökunám“ eða orð með svipaðri merkingu. Ekki má heldur auðkenna ökutæki með kennslumerki, firmamerki, auglýsingum né neinu því sem auðkennir það sem ökutæki til kennslu.

¹⁹² Rg. 1198/2013, 8. gr.

¹⁹³ Rg. 344/2017, 7. gr.

¹⁹⁴ Rg. 1198/2013, 9. gr.

¹⁹⁵ Rg. 1198/2013, 1. gr.

V. VIÐAUKI - Sérnam og sérþjálfun – C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- og DE-flokkur.

1. Almenn.

Til að öðlast ökuskírteini fyrir C1-, C-, C1E-, CE-, D1-, D-, D1E- og DE-flokk þ.m.t. til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir D1- og D-flokk og vöruflutninga í atvinnuskyni fyrir C1- og C-flokk skal umsækjandi hafa hlotið kennslu og þjálfun í samræmi við námskrá [Samgöngustofu]¹⁹⁶, sbr. ákvæði þessa viðauka.

2. Kennsla og þjálfun til að tryggja öryggi og hagkvæmni í akstri í flutningum á vegum.

A. Ökuskírteini fyrir alla flokka.

- 1.1. Markmiðið er að umsækjandi kunni skil á:
 - a. ferla yfir snúningsvægi,
 - b. afls- og rauneldsneytisnotkunar hreyfils,
 - c. svæðis á snúningsmæli sem sýnir hámarksnýtingu,
 - d. töflu yfir gírhlutföll.
- 1.2. Markmiðið er að umsækjandi kunni skil á hvernig, með skoðun búnaðar ökutækis og eftirliti, má draga úr sliti og bilunum m.t.t.:
 - a. tiltekinna eiginleika vökvahemla með soghjálparátaki,
 - b. takmörkunar á notkun hemla og hamlara þegar hemlar og hamlari eru notaðir saman,
 - c. betri nýtingar hraða- og gírhlutfalls,
 - d. notkunar tregðu ökutækis,
 - e. notkunar aðferða til að hægja á ökutæki og hemla á leið niður brekku,
 - f. réttra viðbragða ef bilun verður.
- 1.3. Markmiðið er að umsækjandi kunni skil á hvernig ná má fram hámarksnýtingu eldsneytis með því að beita verkunnáttu að því er varðar liði 1.1 og 1.2.

B. Ökuskírteini fyrir C1-, C1E-, C- og CE-flokk.

- 1.4. Markmiðið er að auka hæfni umsækjanda til að hlaða ökutæki í samræmi við öryggisreglur og rétta notkun ökutækis. Hann skal kunna skil á:
 - c. hvernig kraftar hafa áhrif á ökutæki á hreyfingu,
 - d. notkun gírhlutfalls í samræmi við farm ökutækis og ástand vegar,
 - e. útreikningi farmþunga ökutækis eða vagnalestar,
 - f. útreikningi heildarrúmmáls,
 - g. dreifingu farms,
 - h. áhrifum ofhleðslu á öxul,
 - i. stöðugleika ökutækis,
 - j. staðsetningu þyngdarmiðju,
 - k. gerð umbúða og vörubretta.

Markmiðið er einnig að umsækjandi kunni skil á helstu flokkum varnings sem þarf að festa örugglega og í því sambandi:

 - a. klemmu- og öryggisaðferðum,
 - b. notkun öryggisóla,
 - c. skoðun festibúnaðar,
 - d. notkun búnaðar til að meðhöndla farm,
 - e. notkun búnaðar til að setja á yfirbreiðslur og taka þær niður.

C. Ökuskírteini fyrir D1-, D1E-, D- og DE-flokk.

- 1.5. Markmiðið er að auka hæfni umsækjanda til að tryggja að vel fari um farþega og að öryggis þeirra sé gætt. Hann skal kunna skil á:
 - a. langsum og þversum hreyfingum ökutækis,
 - b. samnýtingu vegar og staðsetningu á vegi,
 - c. mjúkri hemlun,
 - d. útskögum,

¹⁹⁶ Rg. 1198/2013, 1. gr.

- e. notkun sérstakra grunnvirkja (almenn svæði, sérstakar akreinar),
 - f. samræmingu á öruggum akstri og öðrum hlutverkum ökumanns,
 - g. samskiptum við farþega ásamt ýmsum sérvandamálum sem tengjast mismunandi hópum farþega (t.d. fötluðum, börnum o.fl.).
- 1.6. Markmiðið er að auka hæfni umsækjanda til að hlaða ökutækið í samræmi við öryggisreglur og rétta notkun á ökutækinu. Umsækjandi skal kunna skil á:
- a. kröftum sem verka á ökutæki á hreyfingu,
 - b. notkun gírhlutfalls, í samræmi við hleðslu ökutækis og ástand vegar,
 - c. útreikningi á farmþunga ökutækis eða vagnalestar,
 - d. dreifingu þyngdar,
 - e. afleiðingum þess að of mikið álag er á öxul,
 - f. stöðugleika ökutækis,
 - g. þyngdarmiðju ökutækis.

3. Lög og reglugerðir.

A. Ökuskírteini fyrir alla flokka.

- 2.1. Markmiðið er að umsækjandi þekki félagslegt umhverfi flutninga á vegum og reglurnar sem gilda um þá. Hann skal kunna skil á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit, sbr. reglugerð nr. 605/2010, svo og viðurlögum við brotum á þeim. Hann skal kunna skil á réttindum og skyldum ökumanns að því er varðar réttindi til að stjórna bifreið til farþega- eða vöruflutninga í atvinnuskyni og reglum um endurmenntun.

B. Ökuskírteini fyrir C1-, C1E-, C- og CE-flokk.

- 2.2. Markmiðið er að umsækjandi þekki reglur sem gilda um vöruflutninga. Hann skal kunna skil á:
- a. reglum um leyfi til vöruflutninga,
 - b. skyldum samkvæmt stöðluðum samningum um vöruflutninga,
 - c. hvernig útbúa á skjöl sem varða samning um vöruflutninga,
 - d. alþjóðlegum flutningsleyfum,
 - e. skyldum samkvæmt samningi um samkomulag í millilandaflutningum á farmi á vegum,
 - f. útfyllingu alþjóðlegra farmbréfa,
 - g. reglum um för yfir landamæri er varða vöruflutningsaðila og um sérstök fylgiskjöl með vörum.

C. Ökuskírteini fyrir D1-, D1E-, D- og DE-flokk.

- 2.3. Markmiðið er að umsækjandi þekki reglur sem gilda um farþegaflutninga. Hann skal kunna skil á reglum um:
- a. flutning sérstakra farþegahópa,
 - b. öryggisbúnað í hóp bifreiðum, öryggisbelti o.fl.,
 - c. hleðslu ökutækis.

4. Öryggi með tilliti til heilsufars, vega og umhverfis – Þjónusta og stjórnun flutningaþjónustu.

A. Ökuskírteini fyrir alla flokka.

- 3.1. Markmiðið er að umsækjandi geri sér vel grein fyrir hættu á umferðarslysum og vinnuslysum. Hann skal kunna skil á:
- a. tegundum vinnuslysa í flutningum,
 - b. upplýsingum um fjölda umferðarslysa þar sem ökumenn vörubifreiða/hóp bifreiða eiga hlut að máli, og í því sambandi kunna skil á slysum á fólki, skemmdum á eignum og fjárhagslegu tjóni.
- 3.2. Markmiðið er að umsækjandi kunni skil á hvernig megi koma í veg fyrir glæpsamlegt athæfi og mansal á ólöglegum innflytjendum og þekki í því sambandi:
- a. almennar upplýsingar um þessi mál,
 - b. afleiðingar fyrir ökumenn,
 - c. forvarnaraðgerðir,
 - d. notkun gátlista,

- e. löggjöf um ábyrgð flutningsaðila.
- 3.3. Markmiðið er að umsækjandi þekki ráðstafanir sem gera má til að draga úr hættu á meiðslum og kunni í því sambandi skil á:
- meginreglum vinnuvistfræðinnar,
 - hættulegum hreyfingum og stöðum,
 - líkamlegri hreysti,
 - færni í meðferð vara,
 - persónulegri vernd.
- 3.4. Markmiðið er að umsækjandi geri sér grein fyrir mikilvægi líkamlegs og andlegs hæfis. Hann skal kunna skil á:
- grundvallarreglum um hollt og alhliða mataræði, áhrifum áfengis, lyfja og annarra efna sem líklegt er að hafi áhrif á hegðun,
 - einkennum, orsökum og áhrifum þreytu og streitu,
 - hvað skiptir mestu máli varðandi skiptingu á milli vinnu- og hvíldartíma.
- 3.5. Markmiðið er að umsækjandi kunni að meta neyðaraðstæður og í því sambandi:
- hegðun í neyðaraðstæðum,
 - leggja mat á aðstæður,
 - hvernig koma má í veg fyrir frekari slys,
 - beiðni um aðstoð,
 - skyndihjálp og önnur aðstoð við slasaða,
 - viðbrögð við bruna,
 - rýmingu vöruflutningabifreiðar/hópbifreiðar,
 - öryggi farþega,
 - hvernig brugðist skuli við árasarhneigð,
 - hvernig ganga skuli frá skýrslu um slys.
- 3.6. Markmiðið er að umsækjandi geri sér grein fyrir hvernig góð hegðun ökumanns getur bætt ímynd fyrirtækisins. Hann skal kunna skil á:
- mikilvægi gæða þjónustu, sem ökumaður veitir, fyrir fyrirtækið,
 - hlutverki ökumanns,
 - aðilum sem ökumaður þarf að eiga samskipti við,
 - viðhaldi ökutækis,
 - vinnufyrirkomulagi,
 - viðskipta- og fjárhagslegum áhrifum af völdum deilumáls.

B. Ökuskráirteini fyrir C1-, C1E-, C- og CE-flokk.

- 3.7. Markmiðið er að umsækjandi þekki efnahagslegt umhverfi vöruflutninga á vegum og skipulag markaðarins. Hann skal kunna skil á:
- flutningum á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta (samkeppni, sendandi vöru),
 - annars konar flutningastarfsemi á vegum (flutningur gegn gjaldi, án gjaldtöku, starfsemi í tengslum við flutninga),
 - skipulagi mismunandi flutningafyrirtækja og starfsemi í tengslum við flutninga,
 - mismunandi sérhæfingu í flutningum (tankbifreið, stýrt hitastig o.s.frv.),
 - breytingum sem eiga sér stað innan atvinnugreinarnar (fjölbreytni í veittri þjónustu),
 - hvað felst í verktöku.

C. Ökuskráirteini fyrir D1-, D1E-, D- og DE-flokk.

- 3.8. Markmiðið er að umsækjandi þekki efnahagslegt umhverfi farþegaflutninga á vegum og skipulag markaðarins. Hann skal kunna skila á:
- farþegaflutningum á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta farþega (innanlandsflug, leigubifreið, einkabifreið),
 - mismunandi þjónustu í tengslum við farþegaflutninga á vegum,
 - ferðum yfir landamæri (millilandaflutningar),
 - skipulagningu mismunandi fyrirtækja sem stunda farþegaflutninga á vegum.

VI. VIÐAUKI - Ökugerði.

1. Almenn.

Ökugerði er viðurkennt svæði, afmarkað og lokað annarri umferð en [kennsluakstri],¹⁹⁷ útbúið til þess að þar fari fram verkleg kennsla ökumanna ökutækja, sem ökuskírteini þarf til að mega stjórna, undir stjórn löggilts ökukennara. Í ökugerði fer [kennsluakstur]¹⁹⁸ fram á sérstökum brautum eða með skrikvagni.

Í ökugerði er líkt eftir akstursskilyrðum við mismunandi aðstæður þar sem veggrip minnkar. Slík skilyrði eru t.d. hálka, lausamöl, hjólför með bleytu, rásað malbik og akstur við mörk malbiks (bundins slitlags) og svæðis utan þess.

Ökukennari skal fylgjast með akstri umsækjanda og hafa yfirsýn yfir æfingasvæðið. Í ökugerði með sérstökum brautum skal umsækjandi stjórna ökutæki á æfingasvæðinu án þess að ökukennari sé í ökutækinu og fylgist þar með akstrinum. Ökukennari þarf að geta gefið umsækjanda fyrirmæli og leiðbeiningar með því að vera í talsambandi við hann. Í ökugerði með skrikvagni skal ökukennari sitja við hlið umsækjanda.

Í tengslum við [kennsluakstur]¹⁹⁹ umsækjanda í ökugerði skal vera fyrir hendi aðgangur að húsnæði eða annarri aðstöðu til fræðilegrar kennslu með þeim búnaði sem þarf, þar á meðal veltibíl og öryggisbeltasleða.

2. Skipulag og gerð ökugerðis með sérstökum brautum.

Í ökugerði skulu hið minnsta vera eftirtaldar æfingabrautir:

- Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 12 m breið og 100 m löng. Viðnámsstuðull brautar má ekki vera minni en 0,5.
- Braut (hál bein braut) með yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. Viðnámsstuðull skal vera u.þ.b. 0,2. Brautin á að vera a.m.k. 9 m breið og 100 m löng. Öryggissvæði (ekki hálkusvæði) beggja vegna hálkubrautar skal vera a.m.k. 13 m breitt og í framhaldi af brautinni skal vera a.m.k. 20 m löng öryggisbraut með bundnu slitlagi.
- Braut (hál braut í boga) með sérstöku yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. Brautin skal vera 80 metra löng og 9 m breið og í boga, radíus 50 m frá ytri brún brautar. Öryggissvæði (ekki hálkusvæði) skal vera a.m.k. 8 m breitt með ytri brún æfingabrautar og a.m.k. 3 m breitt með innri brún æfingabrautar. Í framhaldi af bogabrautinni skal vera 20 metra löng öryggisbraut með bundnu slitlagi.
- Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 80 m löng og a.m.k. 5 m breið, skal vera samhliða svæði með malaryfirborði sem skal vera hægra megin við fyrirætlaða akstursstefnu á æfingabrautinni. Svæðið skal vera a.m.k. 60 sm breitt og a.m.k. 8 sm lægra en yfirborð æfingabrautarinnar. Brún af æfingabraut á svæði skal vera með a.m.k. 60° halla. Öryggissvæði meðfram svæði með malaryfirborði skal vera a.m.k. 5 m breitt.
- Braut skal vera til aksturs að og frá æfingabraut. Gert er ráð fyrir að á henni sé með góðu móti unnt að ná 70 km/klst. hraða og aka á þeim hraða um stund áður en ekið er inn á æfingabraut. Slík braut skal vera a.m.k. 180 m löng og a.m.k. 5 m breið. Fjöldi brauta fer eftir skipulagi ökugerðis.

Á brautum og öryggissvæðum mega ekki vera neinar þær ójöfnur, brúnir eða hindranir sem aukið geta líkur á því að ökutæki velti, t.d. í hliðarskriði.

3. Skipulag og gerð ökugerðis fyrir skrikvagn.

Í ökugerði skal vera unnt að gera þær æfingar sem tilgreindar eru í námskrá og að ná með góðu móti 60 km hraða á klst. Aðgangur skal vera að braut sbr. d-lið 2. töluliðar.

4. Skráning vegna náms í ökugerði.

Halda skal skrá yfir nemendur og ökukennara sem koma í ökugerði hverju sinni þar sem eftirfarandi skal koma fram:

- nafn, kennitala og heimilisfang,

¹⁹⁷ Rg. 380/2020, 18. gr.

¹⁹⁸ Rg. 380/2020, 18. gr.

¹⁹⁹ Rg. 380/2020, 18. gr.

b. komu- og brottfarartími.

Upplýsingar um nám í ökugerði skal skrá í ökunámsbók umsækjanda.

VII. VIÐAUKI - Akstursmat.

1. Markmið.

Markmið akstursmats er að ökumaðurinn geri sér grein fyrir hæfni sinni og getu í umferðinni með tilliti til umferðaröryggis.

2. Tilhögun.

Akstursmat fer þannig fram að ökumaður lýsir fyrir ökukennara eigin mati á aksturshæfni sinni og öryggi í umferðinni. Að því loknu skal ökumaður aka og skal ökukennari fylgjast með akstrinum og skrá hjá sér athugasemdir um þau atriði sem hann telur jákvæð og neikvæð í akstrinum.

Aksturinn skal fara fram þar sem reynir á sem flesta þætti sem upp geta komið í daglegri umferð. Hæfni ökumanns í umferð skal metin á vegum í þéttbýli, við mismikinn umferðarpunga, þar sem akstursskilyrði geta talist dæmigerð fyrir þá erfiðleika sem geta orðið á vegi ökumanna, þannig að verulega reyni á ökuhæfni ökumannsins. Ökukennarinn ákveður hluta akstursleiðarinnar og hluta ákveður ökumaðurinn.

Að akstrinum loknum lýsir ökumaðurinn fyrir ökukennaranum hvernig honum finnst að sér hafi til tekist og hvað hefði betur mátt fara. Ökukennarinn ber lýsingu ökumannsins saman við sínar niðurstöður og ræðir við ökumanninn misræmi sem kann að vera þar á. Að því loknu staðfestir ökukennarinn að akstursmatið hafi farið fram.

Akstursmat skal taka 50 mínútur, þar af aksturinn 30 mínútur og úrvinnsla og niðurstaða 15 mínútur þar sem ökumaðurinn og ökukennarinn ræða hvernig bæta megi öryggi ökumannsins.

VIII. VIÐAUKI - Föst búseta.

Skilgreining á fastri búsetu.

Skilgreining á fastri búsetu er í samræmi við skilgreiningu í 12. gr. tilskipunar nr. 2006/126/EB.

Með fastri búsetu er í reglugerð þessari átt við þann stað þar sem hlutaðeigandi býr að jafnaði í a.m.k. 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónu- eða atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða þann sem hefur engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna náið samband milli hlutaðeigandi og staðarins þar sem hann býr.

Föst búseta er talin vera komin á þegar hlutaðeigandi uppfyllir a.m.k. eitt þeirra skilyrða sem tilgreind eru í 2. mgr.

Sá sem eingöngu hefur atvinnutengsl hér á landi er talinn hafa fasta búsetu í því landi þar sem hann hefur persónuleg tengsl enda snúi hann þangað með reglubundnu millibili. Síðastnefnda skilyrðinu þarf ekki að fullnægja, dvelji hlutaðeigandi hér vegna tímabundinna verkefna.

Námsdvöl við menntastofnun felur ekki sjálfkrafa í sér að viðkomandi sé talinn hafa fasta búsetu hér á landi.

IX. VIÐAUKI - Kennsluskrá og innra mat á gæðum kennslu ökuskóla.

1. Kennsluskrá ökuskóla.

Í kennsluskrá skal lýsa skipulagi ökuskóla og bóklegs náms fyrir hvern réttindaflokk. Gera skal grein fyrir:

- a. námskröfum,
- b. hvernig námi miðar,
- c. hámarks- og lágmarksnámsstíma,
- d. samþættingu við verklegt nám,
- e. kennslufyrirkomulagi og -aðferðum og skipulagi kennslustunda,
- f. hámarks- og lágmarksfjölda nemenda í kennslustund,
- g. námsefni og yfirferð,
- h. námsmati,
- i. prófkröfum,
- j. öðrum atriðum sem máli þykja skipta,
- k. Í kennsluskrá skal einnig birta almennar upplýsingar um inntökuskilyrði, umsóknarferli, skráningu á námskeið og greiðslu gjalda, próf, þjónustu við nemendur og réttindi þeirra og skyldur.

2. Námskeið og námsmat fyrir kennara ökuskóla.

Faglegur stjórnandi skal:

- a. skipuleggja námskeið og námsmat fyrir kennara ökuskóla,
- b. leggja fyrir kannanir á gæðum kennslu og fylgja þeim eftir.

Reglulega skal ökuskóli birta upplýsingar um kennslukannanir sem vera skulu öllum aðgengilegar.

[X. VIÐAUKI - Lágmarkskröfur til prófdómara verklegra prófa.

1. Kröfur um hæfni prófdómara.

- 1.1. Einstaklingur, sem hefur leyfi til þess að leggja mat á ökuhæfni umsækjanda í verklegu prófi til ökuréttinda, verður að hafa til að bera þekkingu, leikni og skilning á þeim atriðum sem eru tilgreind í liðum 1.2 til 1.6.
- 1.2. Hæfni prófdómara verður að koma að gagni við mat á frammistöðu umsækjanda í ökuþrófi í viðkomandi flokki ökuréttinda.
- 1.3. Þekking og skilningur á akstri og mat á:
 - a. fræðilegri þekkingu varðandi aksturslag,
 - b. því að vera meðvitaður um hættu og forðast slys,
 - c. því námsefni sem liggur ökuþrófi til grundvallar,
 - d. kröfum í ökuþrófi,
 - e. viðeigandi lögum og reglum um umferð sem og viðmiðum um góða aksturshætti,
 - f. matsfræði og -tækni,
 - g. varnarakstri.
- 1.4. Matshæfni:
 - a. geta til að taka nákvæmlega eftir, fylgjast með og meta heildarárangur umsækjanda, einkum:
 - i. réttur og víðtækur skilningur á hættulegum aðstæðum,
 - ii. rétt mat á orsök og líklegum afleiðingum slíkra aðstæðna,
 - iii. getu til að þróa færni og gera sér grein fyrir mistökum,
 - iv. samræmi og samkvæmni í mati,
 - b. að tileinka sér upplýsingar með skjóttum hætti og átta sig á aðalatriðum,
 - c. að sýna fyrirhyggju, greina möguleg vandamál og þróa aðferðir til að takast á við þau,
 - d. að veita skjóta og uppbyggilega svör.
- 1.5. Ökuleikni einstaklings:
 - a. einstaklingur, sem hefur leyfi til að halda verklegt próf fyrir tiltekinn flokk ökuréttinda, verður að geta ekið ökutæki í þeim ökuréttindaflokki með jöfnum og góðum árangri.
- 1.6. Gæði þjónustu:
 - a. að fastsetja og greina umsækjanda frá því hverju hann getur búist við á prófinu,
 - b. að tjá sig greinilega og velja efni, stíl og tungutak sem hentar áheyrendum og aðstæðum ásamt því að svara fyrirspurnum umsækjenda,
 - c. að veita skýr svör um niðurstöður prófs,
 - d. að koma fram við umsækjendur af virðingu og án mismununar.
- 1.7. Þekking á tækni og eðlisfræði ökutækis:
 - a. þekking á tækni ökutækis, s.s. stýrisbúnaði, hjólbörðum, hemlum, ljósabúnaði, einkum bifhjóla og þungra ökutækja,
 - b. öryggi í tengslum við hleðslu og frágang á farmi,
 - c. þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum ökutækis, s.s. hraða, núningi, hreyfiafli og orku.
- 1.8. Sparneytinn og umhverfisvænn akstur.²⁰⁰

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2011

²⁰⁰ Rg. 534/2016, 5. gr.